**MAGNÚS BERGSSON**

*Fer um allt á hjólinu innan lands sem utan*

heilsa tíska

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**VERKTAKAR**

*Hljómhöll rís í Reykjanesbæ*

Sérblað um verktaka og byggingar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR**

*Með í Svalbarða*

Snýr aftur á skjáinn í spjallþætti Þorsteins Guðmundssonar

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. mars 2008 — 63. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Á nýjum starfsvettvangi

Andri Freyr Viðarsson hélt úr útvarpi yfir á Dagskrána og hyggur á flutninga til Danmerkur.

FÓLK 34



### Fyrir unga sem aldna

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er 25 ára í dag. Elísabet Bjarklind Þórisdóttir hefur verið framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar frá upphafi.

TÍMAMÓT 20

### Skopskyn og spéfuglar

Tvírætt skemmtiefni sem er vel unnið og vel flutt er veisla, en innihaldslaust snakk um ekki neitt er það ekki, segir Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 18

### Tekinn við liði Austurríkis

Dagur Sigurðsson var í gær ráðinn landsliðsþjálfari Austurríkis í handknattleik.

ÍÞRÓTTIR 30



## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÁKA** Í dag verður suðaustan strekkingur sunnan og vestan til með snjókomu, slyddu og síðar rigningu. Hægari annars staðar. Fer að snjóa norðan og austanlands síðar í dag. Hlýnar smám saman.

VEÐUR 4



**FJÖR Í KÓPAVOGI** Krakkarnir í Salahverfi léku við hvern sinn fingur í sundlauginni þar í hverfinu í gær enda var blíðskaparveður í Kópavogi eins og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fá ekki lóð á flugvellinum

**Skipulagsfulltrúi hafnar umsókn Flugstoða um aðstöðu fyrir Iceland Express á Reykjavíkurflugvelli. Gísli Marteinn Baldursson segir óráðlegt að byggja áður en niðurstaða fæst um framtíð flugvallarins.**

**SKIPULAGSMÁL** Iceland Express fær ekki aðstöðu fyrir innlandsflug við austanverðan Reykjavíkurflugvöll.

Flugstoðir ohf., arftaki Flugmálastjórnar, spurði skipulagsyfirvöld í Reykjavík hvort Iceland Express gæti fengið bráðabirgðaaðstöðu fyrir afgreiðslu á áðurnefndum stað. Skipulagsfulltrúi segir slíkt hvorki samræmast deiliskipulagi fyrir flugvöllinn sjálfan né fyrir Háskólann í Reykjavík.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir málefni Reykjavíkurflugvallar í biðstöðu á meðan aðrir flugvallarkostir eru kannaðir. Því verki gæti verið lokið eftir um tvö og hálft ár.

„Menn vilja ekki, rétt áður en sú niðurstaða kemur, afgreiða einhver svona mál,“ segir Gísli sem útilokar þó ekki að hægt verði að leysa mál Iceland Express: „Ef það er hægt að finna einhverja lausn er engin ástæða til annars en að skoða það.“

Að sögn Gísla Marteins hefur Flugfélag Íslands einnig falast eftir nýrri aðstöðu á flugvellinum. „Þeir vilja byggja nýtt en ég segi að það þurfi að skoða þetta allt saman í samhengi. Við erum varla að fara að reisa þrjár eða fjórar flugstöðvar í kringum flugvöll sem er óljóst hvort verður áfram,“ segir Gísli Marteinn sem enn fremur kveður marga hugsi yfir því hvort hægt sé að auka umferð um Reykjavíkurflugvöll án þess að bera það undir fólkið sem búi í fluglínunum. „Það er farið í grenndarkynningar út af öðru eins,“ segir hann.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir niðurstöðu skipulagsfulltrúans ekki áfall. „Við eigum framhaldsviðræður við Flugstoðir í vikunni um þetta mál,“ segir Matthías.

Ætlun Iceland Express er sú að byrja á áætlunarflugi til Akureyrar og Egilsstaða. Matthías segir það ekki skipta félagið höfuðmáli hvort flugið hefjist nú í vor eða síðar. „Þetta ræðst af því hvenær við komumst að,“ segir hann. - gar

Eigandi Tarantino-ljósmyndar rukkar Séð og heyrt:

# Milljón fyrir kossamynd

**FJÖLMIÐLAR Lögmaður Ingu Birnu Dungal hefur sent útgáfufélaginu Birtingi kröfu um skaðabætur vegna myndbirtingar í Séð og heyrt. Farið er fram á eina milljón króna.**

**Um er að ræða mynd sem birtist af vinkonu Ingu Birnu að kyssa kvikmyndaleikstjórann Quentin Tarantino. Inga Birna heldur því fram að myndinni hafi verið stolið af heimasíðu sinni. „Ég tel að þetta sé klárt brot á höfundarétti,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Ingu Birnu.**

**Eiríkur Jónsson, ritstjóri Séð og heyrt, hafnar ásökunum Ingu Birnu. „Þetta er bara vitleysa. Við erum með öll tölvupóstsamskipti við þessar dömur, drottningar næturlífsins, því til staðfestingar að þetta var allt með fullu samráði.“** - jbg / sjá síðu 26

Almenningur gefur lítið fyrir Íslensku bókmenntaverðlaunin:

# Arnaldur bestur rithöfunda

**BÓKMENNTIR** Samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins telst Arnaldur Indriðason langbesti íslenski rithöfundurinn. Yfirburðir Arnalds eru ótvíræðir en tæp 40 prósent þeirra sem afstöðu tóku nefna hann sem svar við spurningunni „Hvern telur þú vera besta núlifandi rithöfund landsins?“ Sá sem hafnar í öðru sæti er Einar Már Guðmundsson en hann nefna 7,7 prósent svarenda.

„Ég hef fundið þennan stuðning í gegnum árin og er afskaplega glaður með hann. Ég hef alltaf sagst vera að skrifa fyrir íslenska lesendur fyrst og fremst,“ segir Arnaldur, ánægður með niðurstöðuna að vonum. Arnaldur nýtur meiri hylli meðal kvenna en karla, tæp 42 prósent kvenna nefna Arnald en 35 prósent karla. Hlutföllin eru þveröfug hjá þeim sem vermir þriðja sætið, Einari Kárasyni, en hann nefna tíu prósent karla en aðeins tvö prósent kvenna.

Athygli vekur að aðeins einn þeirra tíu sem helst eru nefndir hlaut tilnefningu til hinna Íslensku bókmenntaverðlauna en sá höfundur er Vigdís Grímsdóttir. Sigurður Pálsson, sem hlaut bókmenntaverðlaunin í síðasta mánuði náði vart á blað. - jbg/ sjá síðu 34


Stubbahus.is




**Stubbahúsin** *vinsælu fyrir utanhúss reykingarnar. Frábær hönnun, fást nú í 3 stærðum.*

Pöntunarsími: 564 1783 / 896 1783

Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

28. febrúar til 9. mars
Opið 10–18 alla daga






IÐNÞING 2008
6. MARS

ÍSLAND OG EVRÓPA

MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

SI
Samtök iðnaðarins

SPURNING DAGSINS



*Jón Viðar, er leikhúsið að fara í hundana?*

„Nei, en ef hún tekur köttinn sinn með líka þá gæti leikhúsið farið í hund og kött.“

Ragnheiður Elín Clausen, fyrrverandi sjónvarpsþula, fer með hlutverk í leikritinu L'effet de serge sem sýnt verður á leiklistarhátíðinni Lókal í mars. Hundurinn hennar fer með henni á sviðið, en hann leikur stórt hlutverk í sýningunni. Jón Viðar Jónsson er leikhúsgagnrýnandi.

Utanríkisráðherra hefur sent utanríkisráðherra Ísraels bréf vegna helfararhótunar:

# Hefur þungar áhyggjur af Palestínu



TZIPI LIVNI



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

**UTANRÍKISMÁL** „Ég hef þungar áhyggjur af framvindu mála og harma það mikla mannfall óbreyttra borgara sem orðið hefur á Gazasvæðinu undanfarna daga,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Ingibjörg sendi Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, bréf á föstudag og lýsti þar yfir áhyggjum vegna ummæla aðstoðarvarnarmálaráðherra landsins, sem hótaði Palestínumönnum „meiri helför“ í útvarpsviðtali í síðustu viku.

Aðstoðarráðherrann hefur síðan leitast við að draga úr ummælunum og bent á að orðið sem hann notaði þýði einnig „hörmungar“.

„Ég tek undir það sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, sagði um að aðgerðir Ísraela hefðu meðalhófsregluna að engu. Málið verður ekki leyst með hernaðaraðgerðum,“ segir Ingibjörg.

Ráðherra er ekki á landinu og hefur því ekki tekið afstöðu til áskorunar samtakanna Íslands-Palestínu, sem barst ráðuneytinu í gær, um að slíta stjórnmálasambandi við Ísraelsmenn.

Ögmundur Jónasson VG spurði forsætisráðherra út í málið á Alþingi í gær og gat þess jafnframt að sér þætti koma til álita að stjórnmálasambandi við Ísrael verði slitið.

Ögmundur sagði óumdeilt að Genfarsáttmálinn, sem kveður á um vörn almennings í stríði, hafi verið margbrotinn og það eitt ætti að vera íslenskum stjórnvöldum ástæða til að bregðast við. Ísland bæri enda siðferðilegar skyldur.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði ástandið hörmulegt og framferði Ísraelsmanna óafsakanlegt en slit á stjórnmálasambandi hafi ekki verið rædd. Geir sagði Ísrael gamalt vinaríki „sem því miður hefur leiðst út í þær ógöngur sem við fordæmum“.

Geir gerði Ögmundi og þingheimi þó ljóst að fráleitt væri að spyrja hvernig Íslendingar ætluðu að koma í veg fyrir ástandið. - kóþ / bþs



**ÍSINN HOPAR** Norskur heimskautafræðingur spáir siglingum á norðurpólinn. NORDICPHOTOS/AFP

Bráðnun norðurskautsíssins:

## Hægt að sigla á pólinn í sumar

**NOREGUR** Verði sumarið í ár álíka hlýtt á norðurheimskautssvæðinu og það var í fyrra er útlit fyrir að hægt verði að sigla skemmtiferðaskipi í fyrsta sinn alla leið á Norðurpólinn. Þetta hefur norska blaðið Aftenposten eftir Olav Orheim, fyrrverandi yfirmanni norsku heimskautarannsóknastofnunarinnar í Tromsö.

„Það er ekki svo að Norður-Íshaf verði alveg íslaust. En verði sumarið í ár álíka hlýtt og í fyrra verður það trúlega íslaust alveg frá Síberíu norður að pólnum,“ segir Orheim. Að hans mati eru það samanlögð áhrif loftslagshlýnunar af mannavöldum og hlýrra sumra sem valda hinni hröðu ísbráðnun. - aa

Snjóruðningstæki til Eyja:

## Eyjamenn færir í flestan snjó

**SAMGÖNGUR „Nú erum við færir í flestan snjó,“ sagði Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, kíminn þegar snjóblásari og hjólaskófla komu til Eyja í gær. Þótt hlutverk þeirra verði að halda flugvellinum í góðu ástandi þó snjó kyngi niður segir bæjarstjórinn að einnig muni hann verða notaður til að ryðja vegi og önnur svæði en eins og menn vita lágu samgöngur niðri í Heimaey í gær sökum snjóþyngsla.** - jse

# Tuttugu manns sæta ákæru í fjársvikamáli

**Kona á fimmtugsaldri er ákærð fyrir að svíkja út tæplega 76 milljónir króna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Nítján eru ákærðir fyrir að hylma yfir svikin, taka þátt í þeim og þvætta peninga. Málið var nítján mánuði í rannsókn.**

**DÓMSMÁL** Tuttugu hafa verið ákærðir fyrir þátt sinn í fjársvikamáli hjá Tryggingastofnun sem uppgötvaðist í júní 2006 og var í kjölfarið kært til Ríkislögreglustjóra.

Kona á fimmtugsaldri er ákærð fyrir alvarlegustu brotin en hún starfaði sem þjónustufulltrúi hjá Tryggingastofnunun um árabil. Hún er ákærð fyrir brot í opinberu starfi og fjársvik. Hin nítján, níu konur og tíu karlmenn, eru ákærð fyrir að hylma yfir fjársvikin og til vara fyrir peningaþvætti.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu 1. nóvember í fyrra dró konan sér fé með því að taka það úr bótasjóðum stofnunarinnar og bókfæra það inn á nöfn ýmissa einstaklinga í formi endurgreidds útlagðs kostnaðar. Fjármunirnir fóru aldrei inn á reikninga þeirra sem nafngreindir voru í bókhaldinu heldur inn á reikninga vitorðsmanna hennar, þeirra sem ákærðir eru í málinu.

Með þessu blekkti konan gjaldkera stofnunarinnar til að greiða fólki að tilefnislausu tæplega 76 milljónir króna með samtals tæplega 800 tilhæfulausum reikningum. Brotin sem ákært er vegna voru framin frá 2. janúar 2002 fram að því að þau komust upp, 9. júní 2006.

Fjórir, meðal annars sonur konunnar, eru ákærðir fyrir að taka þátt í fjársvikunum og fá hina fimmtán til þess að samþykkja að peningar yrðu lagðir inn á reikninga þeirra. Sumir þeirra fengu greidda þóknun fyrir að leyfa konunni að nota bankareikningana.



**TRYGGGINGASTOFNUN** Viðlíka mál hefur aldrei komið upp áður hjá Tryggingastofnun. Tryggingasvik hafa verið þekkt og komið öðru hvoru en ekki þannig að starfsfólk stofnunarinnar eigi hlut að máli, að sögn Gunnars Þ. Andersen, forstöðumanns eftirlits hjá Tryggingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### VERKLAGI BREYTT EFTIR ATVIKIÐ

„Eftir að málið kom upp voru allar verklagsreglur innan stofnunarinnar endurskoðaðar,“ segir Gunnar Þ. Andersen, forstöðumaður eftirlits hjá Tryggingastofnun.

Starfshópur fór yfir hvað mætti betur fara og skilaði skýrslu um málið til stjórnenda. Annar starfshópur var síðan skipaður til þess að koma þeim tillögum í framkvæmd sem lagðar voru til. „Þessi vinna hefur gengið vel en vitaskuld má alltaf gera betur í þessu eins og öðru. Það verður aldrei hægt að koma í veg fyrir að svona svik séu möguleg. En skjót viðbrögð stofnunarinnar í kjölfar þessa máls hafa fært hlutina til betra horfs.“

Nýtt kerfi hefur verið tekið í notkun hjá Tryggingastofnun sem eflt hefur öryggi verklags starfsmanna og bætt vinnuskilyrði, að sögn Gunnars.

Málið komst upp við hefðbundið innanhússeftirlit hjá Tryggingastofnun. Fljótlega kom í ljós að málið var mjög umfangsmikið og var það kært til Ríkislögreglustjóra í kjölfarið.

Björn Þorvaldsson, fulltrúi hjá saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, vildi ekki tjá sig um í hvað peningarnir fóru sem sviknir höfðu verið út þar sem ekki hefur náðst að birta öllum ákæru vegna málsins.

Ákæran verður þingfest 14. mars í Héraðsdómi Reykjavíkur.

magnush@frettabladid.is

Vilja vatnstanka í Helguvík:

## Áforma útflutning í skipum

**VIÐSKIPTI Fyrirtækið Icelandic Global Water áformar að reisa vatnstanka í Helguvík á Reykjanesi og flytja vatn út með tankskipum.**

**Sótt hefur verið um lóð í Helguvík, en atvinnu- og hafnarráð Reykjanesbæjar hefur óskað eftir frekari upplýsingum um málið áður en erindi Icelandic Global Water verði svarað. Guðjón G. Engilbertsson, einn forsvarsmanna fyrirtækisins, segir þetta engin áhrif hafa á fyrirhugaðan vatnsútflutning frá Vestmannaeyjum. Hann vildi að öðru leyti lítið segja um fyrirætlanir með lóðina í Helguvík.** - bj

Uppsagnir og lánsfjárkreppa:

## Gengi Decode ekki lægra frá því árið 2003



KÁRI STEFÁNSSON

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa í Decode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, lækkaði um 14,6 prósent á bandaríska hlutabréfamarkaðnum Nasdaq í gær og endaði í 2,51. Gengið hefur ekki verið lægra í tæp fimm ár, eða frá því 20. maí 2003 þegar það var 2,30 dalir á hlut.

Lækkunin í gær er rakin til uppsagna sextíu starfsmanna fyrir helgi og yfirlýsinga Kára Stefánssonar forstjóra um erfiðleika í fjármögnun vegna aðstæðna á mörkuðum. Kári segir þó Decode hafa tryggt rekstrarfé til tveggja ára og að áfram verði unnið að markmiðum félagsins. - gar




Spenna eykst á milli grannríkja í norðanverðri Suður-Ameríku:

# Herliði fylkt að landamærum

**VENESÚELA, AP** Ráðamenn bæði í Venesúela og Ekvador sendu í gær fjölmennt herlið að landamærunum að Kólumbíu og mögnuðu þar með spennuna í kjölfar þess að kólumbískir stjórnarhermenn vógu einn af forsprökkum kólumbískrar uppreisnarhreyfingar innan landamæra Ekvador.

Hugo Chavez Venesúelaforseti hét því á sunnudag að her Venesúela myndi bregðast hart við ef Kólumbíumenn reyndu hliðstæða aðgerð við landamærin að Venesúela. Hann sendi þúsundir hermanna og skriðdreka að landamærunum, sagði flughernum að vera í viðbragðsstöðu og boðaði lokun sendiráðsins í Bogota.

Rafael Correa, forseti Ekvador, fyrirskipaði sömuleiðis herliði að landamærunum og kallaði sendiherra Ekvador heim frá Kólumbíu auk þess að vísa kólumbíska sendiherranum úr landi.

„Við viljum ekki stríð, en við munum ekki líða bandaríska heimsveldinu, sem er herra Kólumbíu, ... að sundra okkur,“ sagði Chavez í vikulegu sjónvarpsávarpi til þjóðar sinnar á sunnudag.

Fídel Kastró, vinur Chavez á Kúbu, bætti um betur í gær og lýsti yfir þessu: „Við heyrum skýrt stríðslúðra hljóma í suðri álfu vorrar, sem afleiðingu þjóðarmorðsáforma Kanaheimsveldisins.“ - aa



**VOPNAGLAMUR** Ekvadorskir hermenn skunda um borð í herþyrlu í Lago Agrio í NA-Ekvador í gær til að fljúga að landamærum Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


BMW X3. Allir vegir færir.
BMW X3
BMW X3 DÍSEL
2,0d - 5 dyra - 6,5 ltr./100km
8,9 sek./0-100km - 177 hestöfl
kr. 4.720.000
Nýjum BMW X3 eru allir vegir færir
Engir vegir eru eins – þetta vita hönnuðir nýs BMW X3. Því var lagt af stað með það að leiðarljósi að nýr BMW X3 skaraði framúr hvort sem væri á vegum eða vegleysum. Gerð var krafa um að hann stæði skrefi framar keppinautunum sínum í öryggi og búnaði og byggi yfir hinum kunnu BMW aksturseiginleikum á hvaða undirlagi sem væri. Mikil tækniþekking BMW einfaldaði verkefnið. Hið fulllkomna xDrive fjór-hjóladrifskerfi nemur minnstu breytingar á snúningshraða, stefnu og hröðun hvers hjóls fyrir sig og nær þannig að skipta vélaraflinu milli hjóla á örskotsstundu. Ávinningurinn er augljós; fullkominn akstur við allar aðstæður. BMW X3 eyðir líka minna en keppinautarnir enda hefur BMW margoft verið verðlaunað fyrir vélaframleiðslu sína. BMW X3 eyðir frá aðeins 6,5 l/100 km, en skilar þó enn meira afli en áður. Veldu fullkomið akstursstæki frá stærsta lúxusbílaframleiðanda í heimi – veldu BMW X3.
The new BMW X3
www.bmw.com
BMW
Sheer
Driving Pleasure

## GENGIÐ 03.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 66,29 | 66,61 |
| Sterlingspund | 131,59 | 132,23 |
| Evra | 100,49 | 101,05 |
| Dönsk króna | 13,487 | 13,565 |
| Norsk króna | 12,708 | 12,782 |
| Sænsk króna | 10,716 | 10,778 |
| Japanskt jen | 0,6429 | 0,6467 |
| SDR | 106,77 | 107,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
131,3773

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landlæknir varar við ljósabekkjanotkun unglinga með liðsinni frá prestum:

# Fermingarbörn fari ekki í ljós

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknir varar við ljósabekkjanotkun ungmenna í átaki undir heitinu Hættan er ljós. Átaki landlæknis er beint að fermingarbörnum og forráðamönnum þeirra og þar sem bent er á hættuna sem fylgir því að ungt fólk fari í ljósabekki.

„Vakin er athygli á því að börn og unglingar séu næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól,“ segir um átakið á heimasíðu landlæknis. „Tíðni húðkrabbameins hefur aukist mikið á síðustu árum, einkum tíðni svonefndra sortuæxla, en þau eru alvarlegasta tegund húðkrabbameins og algengasta tegund krabbameins hjá konum á aldrinum frá 15 til 34 ára.“

Landlæknir hvetur foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að hafa í huga tilmæli alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki. „Leitað verður til presta landsins um að leggja málefninu lið eins og undanfarin ár,“ segir embætti landlæknis sem nú stendur að þessu átaki fimmta árið í röð ásamt Félagi íslenskra húðlækna, Geislavörnum ríkisins, Krabbameinsfélaginu og Lýðheilsustöð.

Að sögn landlæknisembættsins hefur dregið úr ljósabekkjanotkun ungs fólks á undanförnum árum og nokkrar sveitarstjórnir hætt að bjóða upp á ljósabekki í íþróttamannvirkjum sínum. Nú er stefnt að því að minnka ljósabekkjanotkunina enn frekar. - gar



**LJÓSABAÐ** Sérstaklega hættulegt er fyrir ungmenni að verða fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum segir landlæknir.

Ákært fyrir fíkniefnabrot:

## Oft með hass og amfetamín

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa ítrekað verið tekinn með amfetamín og hass í fórum sínum.

Hinn 25. janúar í fyrra fannst lítilræði af amfetamíni og hassi í fórum mannsins við Efstasund. Tæplega hálfu ári seinna fannst einnig amfetamín og hass í fórum mannsins. Viku seinna var maðurinn tekinn undir áhrifum fíkniefna eftir að hafa ekið bifreiðinni frá „Skipholti 55 norður og suður Kringlumýrarbraut, þar sem lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar skammt sunnan við Háleitisbraut“, eins og orðrétt segir í ákæru. - mh



**REIÐI** Fjöldamótmæli gegn Dönum og Hollendingum í Mazar-i-Sharif í Norður-Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afganar mótmæla:

## Vilja danska hermenn brott

**AFGANISTAN** Trúarleiðtogar múslima í Afganistan kröfðust þess í gær að hermenn frá Danmörku og Hollandi færu frá landinu. Krafan kom fram í fjöldamótmælum vegna endurbirtingar danskra fjölmiðla á skopteikningu af Múhameð spámanni og væntanlegrar kvikmyndar frá Hollandi þar sem Kóraninn er gagnrýndur.

Endurbirtingu skopteikningarinnar hefur verið mótmælt í Súdan, Indónesíu, Jórdaníu og víðar um lönd múslima síðustu vikur. Í Afganistan liggur dauðarefsing við því að sverta Kóraninn eða Múhameð spámann. - rat/aa



**BARIST Í TEXAS** Hillary Clinton stappar hér stálinu í stuðningsmenn í Dallas í Texas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Úrslitaviðureign í slag Clinton og Obama

**Forkosningar fara fram í fjórum ríkjum Bandaríkjanna í dag. Hillary Clinton er talin verða að vinna góða sigra, sérstaklega í fjölmennu ríkjunum Texas og Ohio, eða eftirláta annars Barack Obama forsetaframboðið fyrir Demókrataflokkinn.**

**BANDARÍKIN, AP** Hillary Rodham Clinton lagði allt í sölurnar í kosningabaráttunni fyrir forkosningar dagsins í dag í hinum fjölmennu ríkjum Texas og Ohio enda hafa menn úr hennar eigin herbúðum viðurkennt að vinni hún þau ekki sé barátta hennar um forsetaframboðsútnefningu Demókrataflokksins svo gott sem töpuð. Keppinautur hennar, Barack Obama, hefur haft betur í síðustu ellefu prófkjörum og hefur nú tryggt sér stuðning nokkru fleiri kjörmanna en Clinton.

Forkosningar fara fram í fjórum ríkjum í dag, en kappið um atkvæðin í Vermont og Rhode Island hefur fallið alveg í skuggann af baráttunni í Texas og Ohio. Alls stendur slagurinn um 370 kjörmenn.

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum er Clinton með smávægilegt forskot á Obama í Ohio, en það gríðarstóra forskot sem hún naut áður í Texas hefur skroppið saman og útlit var fyrir að mjög mjótt yrði á mununum þar.

Tónninn í kosningaauglýsingum og -ræðum Clinton í garð keppinautarins varð hvassari eftir því sem nær dró kjördegi. Hún gagnrýndi meðal annars áherslur Obama í utanríkis- og öryggismálum og skort á reynslu á því sviði. Í Ohio hét hún íbúunum lausnum á efnahagsvandanum sem við er að stríða á því mikla iðnaðarsvæði.

Obama, sem vonast til að verða fyrsti þeldökki forseti Bandaríkjanna, eyddi síðustu dögum í að verjast gagnrýni Clinton í sinn garð.

Þessi hvassi tónn Clinton í garð Obama varð öðrum forystumönnum demókrata, þar á meðal Bill Richardson, ríkisstjóra Nýju-Mexíkó, tilefni til að segja að útlit yrði hið snarasta hvern flokkurinn ætti að fylkja sér um í baráttunni um Hvíta húsið, því það sé vatn á myllu repúblikana að barátta Clinton og Obama dragist á langinn og verði óvægnari.

Í herbúðum repúblikana var fastlega búist við því að prófkjörin í dag geri útslagið með að John McCain tryggi sér endanlega framboðsútnefninguna.

audunn@frettabladid.is

Kýpur-Grikkir og Kýpur-Tyrkir:

## Boða viðræður

**KÝPUR, AP Leiðtogar bæði Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja áforma að hittast fyrir lok þessa mánaðar til þess að hefja á ný viðræður um endursameiningu eyjarinnar. Frá þessu greindi æðsti fulltrúi Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, Michael Möller, í gær.**

**„Við erum að hefja undirbúning þessa fundar sem gæti átt sér stað í lok síðari helmings mánaðarins,“ sagði Möller eftir viðræður við nýkjörinn Kýpurforseta, Dimitris Christofias.**

**Ofarlega á dagskránni verður að opna á ný landamærastöðina á Ledrastræti í hinni skiptu höfuðborg Nikósíu.** - aa



**Í SÚÐARVOGI** Sex nýjar íbúðir hafa verið samþykktar í iðnaðarhverfi.

Nýir íbúar í Súðarvoginn:

## Mega búa á iðnaðarsvæði

**SKIPULAGSMÁL** Eigandi iðnaðarhúsnæðis í Súðarvogi 44 til 48 hefur fengið leyfi byggingarfulltrúans í Reykjavík til að innrétta þar sex íbúðir.

Íbúðirnar verða á 2. og 3. hæð og byggja á sérstakar stigagangssvalir fyrir þær. Byggingarfulltrúinn segir samþykkið ekki þýða breytingu á gildandi skipulagi svæðisins sem vinnusvæðis: „Íbúar í þeim íbúðum sem hér eru samþykktar geta því ekki vænst þeirrar þjónustu borgaryfirvalda sem veitt er á skipulögðum íbúðarsvæðum, né þess að njóta þeirrar kyrrðar og umhverfis sem almennt er á íbúðarsvæðum, heldur sitja hagsmunir atvinnustarfsemi í fyrirrúmi.“ - gar

### VINNUMARKAÐUR

**Aðstoð við skattframtal**

Verkalýðsfélag Akraness býður félagsmönnum sínum aðstoð við gerð einfaldra skattframtala og hefst aðstoðin í dag. Panta þarf aðstoð og er takmarkaður fjöldi tíma í boði.

### LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaðinu í gær hver fór með hlutverk Búa Árland í Atómstöðinni. Gunnar Eyjólfsson lék Búa.

Tölur víxluðust í grafi sem fylgdi frétt blaðsins í gær um hlutfall vanskila á Íslandi. Karlar lenda þrefalt oftar í vanskilum en konur.




### VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**SNJÓR - SLYDDA -RIGNING**
Mikil úrkoma er í kortum dagsins. Sunnan og vestan til byrjar þetta með snjókomu og síðar slyddu en nálægt hádegi sýnist mér að komin verði rigning um meginhluta Suðurlands. Vestan til fer að rigna síðar í dag. Norðan til og austan mun snjóa í dag en horfur á slyddu í kvöld.



**Á MORGUN** 8-15 m/s norðan til á Vestfjörðum og við austurströndina.

**FIMMTUDAGUR** 8-15 m/s

| HEIMURINN | |
| --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Billund | 3° |
| Ósló | -4° |
| Stokkhólmur | 1° |
| Gautaborg | 3° |
| London | 6° |
| París | 5° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Berlín | 5° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 16° |
| Basel | 2° |
| Eindhoven | 5° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 15° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



# 16% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót**, **SPRON Viðbót eða SPRON Veltubót** á Netinu **fyrir 15. apríl nk.** fá 16% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.*

## SPRON Vaxtabót

**– allt að 15,05% vextir* + vaxtaaukinn**

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

## SPRON Viðbót

**– allt að 7,95% vextir* + vaxtaaukinn**

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stigvaxandi vaxtaálag að binditíma loknum

## SPRON Veltubót

**– allt að 15,05% ársávöxtun* + vaxtaaukinn**

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is

ARGUS / 08-0100

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. febrúar 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.*

spron

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú hlynnt(ur) því að að reykingar verði leyfðar á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 35,0% |
| NEI | 65,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Íslendingar sjálfir að framleiða matvælin sem þeir þurfa?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Sérkennileg staða í hreppsnefnd Rangárþings ytra vegna lóðaúthlutunar á Hellu:

# Sýslumaður dregur á milli oddvita

**SVEITARSTJÓRNIR** Oddvitar meiri- og minnihluta í hreppsnefnd Rangárþings ytra sækja um sömu atvinnulóðina á Hellu. Sýslumaður verður að draga um hvor hreppir lóðina.

Þorgils Torfi Jónsson, sjálfstæðismaður og oddviti hreppsnefndar, sótti í febrúar um lóðina sem er við hlið Sláturhússins á Hellu sem hann er einn eigenda að. Þorgils Torfi segist vilja tryggja sláturhúsinu viðbótarrými til framtíðar. Lóðin hafi verið árum saman á skipulagi.

Eftir að Þorgils Torfi lagði inn umsókn sína sótti oddviti minnihlutans í hreppsnefnd, framsóknarmaðurinn Ólafur E. Júlíusson, einnig um lóðina. Ólafur rekur fyrirtæki í byggingariðnaði.



ÞORGILS TORFI JÓNSSON



ÓLAFUR E. JÚLÍUSSON

„Mínu félagi vantar litla þjónustu- og verslunarlóð á Hellu og þessi lóð hentar okkur mjög vel," segir Ólafur sem hafnar því að hann sé eingöngu að bregða fæti fyrir andstæðing í hreppsnefndinni. „Ekkert frekar en hann fyrir mig. Okkur vantar einfaldlega aðsetur. Það verður fleira í þessu húsi sem ég gef ekki upp á þessu stigi," segir Ólafur.

Þorgils Torfi segir að Ólafur hefði getað sótt um mun betri lóð við ána handan þjóðvegarins. „Einhverra hluta vegna er sláturhúsið svo áhugavert að hann velur sér að vera alveg utan í því. Þetta snýst bara um það að ég er oddviti meirihlutans og hann er oddviti minnihlutans," segir hann. - gar

Fiðrildavika UNIFEM er hafin:

# Afnema ofbeldi gegn konum

**SÖFNUN Fiðrildavika UNIFEM er hafin og stendur til laugardags. Meginmarkmiðið er að safna fé og vekja fólk til vitundar um þau skaðlegu áhrif sem kynbyndið ofbeldi á stríðstímum hefur á líf milljóna kvenna víða um heim, einkum í Afríku.**

**Fiðrildasöfnunin er stærsta fjáröflun UNIFEM hérlendis til þessa. Peningarnir sem safnast renna til verkefna í Súdan, Lýðveldisins Kongó og Líberíu. Styrktarsjóður UNIFEM hefur veitt yfir 19 milljónum dala tli 263 verkefna í 115 löndum frá stofnun 1997. Landsbankinn og Eimskip eru bakhjarlar söfnunarinnar.** - ghs




* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar og gjöld. Ferðatímabil: 1.–30. apríl.


# Níu sekir í DC++ máli en dómarnir vægir

**Níu manns hafa verið dæmdir fyrir að dreifa höfundaréttarvörðu efni á internetinu. Höfuðpaurinn hlaut 30 daga skilorðsbundið fangelsi en ákvörðun refsingar hinna var frestað. Örugglega áfrýjað, segir verjandi fimm mannanna.**

**DÓMSMÁL** Níu karlmenn voru sakfelldir fyrir brot á höfundaréttarlögum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir dreifðu höfundaréttarvörðu efni til annarra á internetinu í gegnum DC++ skráarskiptiforrit.

Höfuðpaurinn hlaut þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi. Ákvörðun refsingar hinna var frestað og fellur niður ef þeir halda skilorð í tvö ár. Þetta er fyrsti dómur sem fellur á Íslandi í máli sem varðar ólöglega dreifingu á efni í gegnum internetið.

„Ég held alveg örugglega að þessu verði áfrýjað," segir Brynjar Níelsson, verjandi fimm sakborninganna. „Það eru alls konar sjónarmið í þessu og eins gott að fá almennilega niðurstöðu í þetta."

Málið kom upp í september 2004 þegar lögregla leitaði í húsum tólf manns og gerði tölvur þeirra upptækar. Mennirnir voru allir notendur á íslensku skráarskiptisvæði þar sem þeir skiptust á kvikmyndum, tónlist, forritum, sjónvarpsþáttum og öðru efni.

Húsleitin var gerð í kjölfar kæru sem Smáís, Samtök myndrétthafa á Íslandi, ásamt fleiri höfundaréttarsamtökum, lagði fram á hendur mönnunum í febrúar 2004.

Í kjölfar húsleitarinnar upphófst rannsókn lögreglunnar á tölvubúnaðinum. Henni lauk með því að ríkislögreglustjóri gaf út ákæru á hendur mönnunum í október í fyrra. Í dómsúrskurði kemur fram að „öll rannsókn málsins hafi verið mjög tímafrek." Tekið var tillit til þess við ákvörðun refsingar í málinu.

Mennirnir voru allir dæmdir fyrir að dreifa höfundaréttarvörðu efni án leyfis rétthafa í gegnum DC++ forrit. Sá sem hlaut þyngstu refsinguna var þess utan dæmdur fyrir að hafa stofnað svokallaðan tengipunkt, sem hinir notuðu til að skiptast á gögnum, og hýst hann heima hjá sér.

Án tengipunktsins hefðu hinir ekki getað dreift efninu á þann hátt sem þeir gerðu, segir í niðurstöðu dómsins. Því fékk hann þyngri dóm en hinir.

Auk refsingarinnar voru sakborningarnir látnir greiða verjendum sínum málsvarnarlaun, samtals um tvær og hálfa milljón króna. Tölvubúnaður þeirra, sem var haldlagður í húsleitinni árið 2004, var einnig gerður upptækur.

Náði það ekki aðeins til hörðu diskanna sem geymdu gögnin heldur einnig lyklaborða, tölvumúsa, mótalda, skjáa, millistykkja, snúra og annars búnaðar.

salvar@frettabladid.is



**Í HÉRAÐSDÓMI** Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður ræðir við tvo af sakborningunum í málinu. Þeir voru fundnir sekir en engum gerð refsing utan einum, sem hlaut þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi. Tölvubúnaður mannanna var einnig gerður upptækur en lögregla lagði hald á hann árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóhannes Páll Sigurðsson, einn hinna sakfelldu:

## OF MARGIR GALLAR Á MÁLINU

„Ég er ekki sáttur við þennan dóm, mér finnst hann of þungur þar sem ég tel mig ekki vera sekan í þessu máli," segir Jóhannes Páll Sigurðsson, einn þeirra sem var sakfelldur í héraðsdómi í gær. „Mér finnst bara of mikið af göllum í málinu til að það sé hægt að dæma í því."

Aðspurður hvaða galla hann eigi við nefnir hann ónákvæma ákæru, langan rannsóknartíma lögreglu og vafasama notkun tálbeitu til upplýsingaöflunar um sakborningana. „Ég á eftir að ráðfæra mig betur við lögfræðinga en ég hugsa að þessu verði áfrýjað til Hæstaréttar."

## HORFÐU Á MYNDBÖND MÁNUÐUM SAMAN



- Í dómsúrskurðinum kemur fram að rannsókn málsins hafi verið mjög tímafrek.
- Til dæmis hafi þurft að flokka allt efni sem gert var upptækt, alls rúmlega fjórtán þúsund gígabæti. Það samsvarar um þrjú þúsund DVD-diskum fullum af efni.
- Flokkunin fólst í því að opna allar skrár og skoða þær. Kvikmyndir og sjónvarpsþættir, um fimmtán þúsund talsins, allt þetta var skoðað. Stikkprufur voru teknar af tónlist.
- Að þessari flokkun unnu fjórir starfsmenn lögreglunnar. Sátu þeir við í marga mánuði, segir í dómnum.
- Áður en hægt var að flokka efnið þurfti að flytja það á harða diska í eigu lögreglunnar. Sú afritun tók átta mánuði. Undir eðlilegum kringumstæðum ætti slík afritun ekki að taka mikið lengri tíma en viku.
- Björn Þorvaldsson hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra segir tæknilega örðugleika hafa valdið þessari miklu seinkun á rannsókninni.

## GETA NÚ FARIÐ Í SKAÐABÓTAMÁL

„Ég er bara ljómandi ánægður með að heyra þetta," segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi, Smáís. Samtökin voru meðal þeirra sem lögðu fram upphaflegu kæruna á hendur mönnunum vegna dreifingar á efni í gegnum DC++ kerfið.



SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON

„Við vorum búnir að gera okkur grein fyrir að það yrðu ekki verulegar refsingar í þessu máli, meðal annars vegna þess hversu langan tíma rannsóknin tók. Aðalatriðið fyrir okkur er að fá niðurstöðuna."

Hann segir nú hafa opnast fyrir möguleika á skaðabótamáli á hendur mönnunum sem sakfelldir voru. „Slíkt liggur fyrir og núna er það okkar að sækja þessa menn ef við svo kjósum. Við eigum bara eftir að ræða það," segir Snæbjörn.







Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

# 12 LITIR Á FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐI




**INSPIRON 1525 INTEL® CELERON® FARTÖLVA**

## 109.900 kr.

**88.273 kr. án VSK**

**Intel® Celeron® örgjörvi 540, 1,86 GHz**
**(1MB L2 cache, 533 MHz FSB)**
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
**1,5GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni**
**(1x1024MB+1x512MB)**
80GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
**8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði**
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
**Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél**
Microsoft Vista™ Home Basic
**3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu**

**INSPIRON 1525 INTEL® CORE™2 DUO FARTÖLVA**

## 144.900 kr.

**116.386 kr. án VSK**

**Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7250, 2,0 GHz**
**(2MB L2 cache, 800 MHz FSB)**
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
**2GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni**
**(2x1024MB)**
160GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
**8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði**
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
**Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél**
Microsoft Vista™ Home Premium
**3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu**

intel Core™2 Duo inside™

Do More

**HD SKJÁR • MEDIADIRECT • INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVEL • WI-FI CATCHER**

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

DELL™ YOURS IS HERE

Gott fólk

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

EJS

Ísraelar gera hlé á landhernaði á Gazasvæðinu:

# Hörðum átökum linnir ekki

**GAZA, AP** Ísraelskar herþotur vörpuðu sprengjum á Gazasvæðið í gær, sjötta daginn í röð. Herskáir Palestínumenn héldu sömuleiðis áfram að skjóta sprengiflaugum yfir landamærin til Ísraels.

Palestínskir Hamasliðar hrósuðu sigri í gær þegar ísraelski landherinn dró sig til baka frá norðanverðu Gazasvæði eftir hörð átök þar, en ísraelskir embættismenn segja að herinn muni snúa aftur og hernaðurinn haldi áfram.

Átökin hafa kostað meira en 120 manns lífið síðan á miðvikudag. Langflestir hinna látnu eru Palestínumenn og stór hluti þeirra er á barnsaldri.



**BÖRN Á GAZA** Nokkur palestínsk börn í Khan Younis vöfðu sig í gær hvítum klæðum og ötuðu sig rauðum blóðlit til að mótmæla hernaði Ísraela, sem hefur kostað á annað hundrað manns lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segir markmið hernaðaraðgerðanna að valda Palestínumönnum á Gazasvæðinu sársauka og stöðva hryðjuverk þeirra. Jafnframt segir hann nauðsynlegt að halda áfram friðarviðræðum við stjórn Palestínumanna á Vesturbakkanum, sem ekki er lengur skipuð neinum fulltrúm Hamashreyfingarinnar. Hreyfingin hefur hins vegar öll völd á Gaza.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, hefur frestað öllum friðarviðræðum þar til átökunum á Gaza linnir.

Von er á Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Ísraels í dag. Hún hafði ætlað sér að ýta undir frekari friðarviðræður, en óljóst er hverju hún getur fengið áorkað í þeim efnum nú. **- gb**

VG um hið opinbera:

## Skoði opinn hugbúnað

**ALÞINGI Vinstri græn hafa lagt fram þingsályktunartillögu að skoðað verði hvernig megi auka hlut opins hugbúnaðar í stjórnsýslu og útboðum hins opinbera.**

**Skipuð verði þverfagleg nefnd sem hafi að markmiði að draga úr fákeppni og einokun og að auka valfrelsi notenda**

**Opinn hugbúnað má fjölfalda og honum dreifa endurgjaldslaust.**

**Stór hluti hugbúnaðar Íslendinga er frá einu fyrirtæki, Microsoft.** **- kóþ**

# Jón Ólafsson aftur í mál

**Kröfum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í máli hans og Jóns Ólafssonar var hafnað. Jón Ólafsson fer í meiðyrðamál að nýju í Bretlandi. Hætt við að dómur ytra verði ómarktækur segir lögmaður Hannesar.**

**DÓMSMÁL** Áfrýjunardómstóll í Bretlandi hafnaði í gær kröfum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors í máliferlum tengdum meiðyrðamáli Jóns Ólafssonar athafnamanns á hendur Hannesi.

„Ég er búinn að fela mínum lögmönnum að fara strax í málið,“ segir Jón Ólafsson, sem hyggst nú höfða mál að nýju í Bretlandi.

Hann segir þó sársaukalaust af sinni hálfu að láta málið niður falla, greiði Hannes þær tólf milljónir króna sem fyrri dómur hljóðaði upp á, auk kostnaðar við málið síðan, og biðjist afsökunar.

Hann segir talsverðan kostnað hafa hrannast upp hjá sér, og væntanlega Hannesi líka. Milljónirnar tólf hafi því vaxið verulega.

Ekki náðist í Hannes vegna málsins, en Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar, sagði úrskurðinn koma á óvart. Hannes verði að fá tíma til að meta niðurstöðurnar og ákveða viðbrögð í framhaldi af því. Hægt er að sækja um leyfi til að áfrýja úrskurðinum til bresku lávarðadeildarinnar.

Upphaf málsins má rekja til ársins 2004 þegar Hannes gaf í skyn á heimasíðu sinni að Jón hafi efnast á fíkniefnasölu. Jón stefndi Hannesi í Bretlandi, en Hannes tók ekki til varna. Var hann dæmdur til að greiða Jóni jafnvirði um ellefu milljóna króna. Það sætti Hannes sig ekki við og fékk dóminum hnekkt á æðra dómstigi þar sem honum hafði ekki verið birt stefna í málinu með réttum hætti.



**JÓN ÓLAFSSON**



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

Dómarinn tiltók að Jóni væri heimilt að taka upp meiðyrðamálið að nýju, þrátt fyrir að Hannesi hafi ekki verið birt stefna. Þessa niðurstöðu kærði Hannes, og féll úrskurður vegna þeirrar kæru Jóni í hag í gær. Jón getur því höfðað nýtt meiðyrðamál í Bretlandi.

Heimir Örn segir niðurstöðuna ekki geta byggt á öðru en því að breskir dómstólar telji sig hafa heimildir til að ákvarða að dómar geti fallið yfir íslenskum ríkisborgurum án þess að þeim hafi verið birt stefna með löglegum hætti. Hætt sé við að falli dómur í nýju meiðyrðamáli ytra yrði ekki hægt að fullnusta hann hér á landi vegna þessara annmarka.

**brjann@frettabladid.is**

Forsætisráðherra telur tækifæri felast í hærra fóðurverði:

## Getum unnið mjólkinni nýja markaði víða

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur að miklar verðhækkanir á fóðri og áburði í heiminum geti fært íslenskum bændum tækifæri. „Ég er alveg sannfærður um að við getum unnið góða markaði, til að mynda fyrir okkar mjólkurafurðir í Evrópu og jafnvel víðar, ef við höldum vel á málum,“ sagði Geir á Alþingi í gær.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði Geir hvort ríkisvaldið ætlaði að mæta verðhækkun aðfanga hjá bændum eða hvort hækkununum verði velt út í verðlagið. Hækkanirnar nema tugum prósenta.

Geir sagði ástandið fyrr eða síðar bitna á landsmönnum, hvort sem það yrði með beinum hætti í formi vegna hærra vöruverðs eða með óbeinum hætti með einhvers konar þátttöku ríkissjóðs sem landsmenn borga í. Sagði hann vandann jafnframt nýframkominn og auk þess innfluttan og hann þurfi að rannsaka betur áður en ákvarðanir um aðkomu ríkissjóðs verði teknar.



**Á GÓÐRI STUNDU Í ÞINGINU** Sú var tíðin að Geir H. Haarde og Guðni Ágústsson sátu saman í ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðni furðaði sig á að skoða þurfi málið. „Ég undrast að það þurfi að hugleiða, hér þarf snögg viðbrögð,“ sagði hann. **- bþs**







ÞAÐ Á ENN
EFTIR AÐ
FINNA LÍF
Á ÖÐRUM
HNÖTTUM
Tökum við námsumsóknum núna
www.hr.is
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



**KONUR Í KABÚL** Tvær búrkuklæddar konur speglast ásamt ungum pilti í menguðu vatni í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Óvenjumikið er í vatninu vegna þess hve rignt hefur mikið undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisendurskoðandi aðhefst ekki frekar vegna óvenjulegrar sölu ríkiseignar:

# Er ósáttur við söluna á Baldri

**RÍKISFJÁRMÁL** „Það liggur fyrir að við erum ekkert sátt við þá aðferð sem viðhöfð var við söluna á Baldri,“ segir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Stofnunin telji hins vegar nóg að gert, eftir að hafa vakið athygli á málinu í endurskoðun ríkisreiknings. Einnig hafi Fréttablaðið fjallað vel um málið, sem teljist nú upplýst.

„Við höfum kannski ekki farið eins nákvæmlega í þessa sölu og hægt er. En við erum engir dómstólar,“ segir hann.

Ferjan Baldur var seld fyrirtækinu Sæferðum árið 2006 fyrir 37,8 milljónir, en norskir skipamiðlarar mátu það á þrjátíu til áttatíu milljónir, einn fyrir fjármálaráðuneytið og annar fyrir Sæferðir.

Fyrir milligöngu norrænna skipamiðlara seldi fyrirtækið svo ferjuna til Finnlands, tveimur vikum síðar, fyrir rúmar 100 milljónir. Sex milljónir fóru í sölulaun skipamiðlarans.



**UM BORÐ Í BALDRI** Samgöngur á legi hafa verið ómissandi fyrir allan almenning á Breiðafirði. Nú er áformað að vegakerfið verði bætt þannig að einkabíllinn geti hlaupið í skarðið að mestu.

Ferjan var ekki seld hæstbjóðanda heldur seld framhjá Ríkiskaupum og var notast við undanþáguheimild í lögum er vísar til „sérstakra aðstæðna“.

Sæferðir þurftu ekkert að greiða út í skipinu, heldur er það niðurgreitt með ríkisstyrkjum fyrirtækisins. - kóþ

Strumparnir komnir aftur:

# Púkarnir hverfa af páskaeggjum

**PÁSKAR** Í ár verður ekki boðið upp á púkapáskaegg frá Nóa-Síríusi, heldur snúa strumparnir aftur.

Arnar Ottesen, fjármálastjóri fyrirtækisins, segir að þetta tengist ekki þrýstingi frá kristnum mönnum, sem hafa haft horn í síðu púkanna.

Ástæðan sé einfaldlega sú að Nói hafi aftur náð samningum um að setja strumpa ofan á eggin og vilji einbeita sér að þeim.

Fyrirtækinu hafa meðal annars borist kvörtunarbréf um að með því að skreyta páskaegg púkum væri verið væri að tengja hina kristnu hátíð illum og yfirnáttúrulegum öflum. - kóþ

Kvennahreyfing Samfylkingar:

# Fagnar nýjum jafnréttislögum

**JAFNRÉTTISMÁL** Stjórn Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar hefur sent frá sér ályktun um nýju jafnréttislögin. Í henni fagnar stjórnin því að nýtt jafnréttisfrumvarp sé orðið að lögum og gleðst yfir því „veigamikla skrefi sem nú hefur verið stigið í þágu jafnréttis,“ eins og segir í ályktuninni.

„Sérstaklega ber að fagna nýjum ákvæðum í lögunum um rétt einstaklinga til að segja þriðja aðila frá launum sínum, auknu umboði og eftirlitsheimildum Jafnréttisstofu og því að úrskurður kærunefndar jafnréttismála er nú bindandi fyrir málsaðila,“ segir þar.

„Þá er ánægjulegt að þingheimur allur skuli hafa stutt frumvarpið, sem er sögulegur áfangi í jafnréttisbaráttu kynjanna.“ - ghs

Sautján konur af erlendum uppruna taka þátt í starfsmenntanámi Hrafnistu:

# Stór munur á tveimur vikum

**VINNUMARKAÐUR** Öldubrjótur, íslensku-, samfélags- og verkmenntaskóli Hrafnistu, hefur hafið göngu sína. Í skólanum eru sautján konur á aldrinum 22 til 52 ára frá átta þjóðlöndum. Hundrað umsóknir bárust og voru 25 konur teknar í viðtöl. Konurnar sautján voru valdar úr þeim hópi.

Hrönn Ljótsdóttir verkefnastjóri segir að upphaflega hafi meiningin verið að taka fimmtán umsækjendur í skólann en ákveðið hafi verið að fjölga þeim í sautján vegna þess hve hæfir umsækjendurnir hafi verið.

Margar kvennanna eru með háskólamenntun frá sínu heimalandi. Hrönn segir að ein sé til dæmis með meistarapróf í ensku, tveir hjúkrunarfræðingar séu í hópnum, tölvunarfræðingur og ferðamálafræðingur. Konurnar séu mislangt á veg komnar með íslenskuna, sumar rétt að byrja og aðrar hafi lokið námskeiðum hjá Mími, en þær hafi ekki getað starfað við sitt fag hér vegna þess.

„Við erum búnar með tvær vikur núna og þetta gengur ótrúlega vel. Konurnar eru allar mjög áhugasamar,“ segir Hrönn. „Það er ótrúlegur munur á þeim nú eða fyrir tveimur vikum. Það er greinilegt að þær eru komnar til að læra.“

Öldubrjótur stendur í átta vikur og læra konurnar íslensku og íslenska menningu á þeim tíma auk þess sem þær hljóta starfsþjálfun til starfa á Hrafnistu. Þær hafa skuldbundið sig til að taka þar til starfa þegar náminu lýkur. - ghs



**HUNDRAÐ UMSÓKNIR** Hrönn Ljótsdóttir, verkefnastjóri Öldubrjóts, segir að hundrað umsóknir hafi borist um starfsþjálfun hjá Hrafnistu. Með henni er Lovísa A. Jónsdóttir sem einnig stendur að verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR






Apple iPod USB 3.490 kr.



Griffin iTrip 4.990 kr.



USB sjónvarpsmóttakari 12.990 kr.



Þráðlaus mús 6.990 kr.
Þráðlaust lyklaborð 7.990 kr.



Griffin Road Trip 6.990 kr.

Tomma fyrir hvert ár!

TILBOÐ 99.990 kr.

13” MacBook á fermingartilboði

MacBook hvít
2,0 GHz
Intel Core 2 Duo
80 GB HD / 1 GB vinnsluminni
13,3” hágljáa skjár
1280 x 800 díla upplausn
Combo Drive geisladrif
iSight myndavél
Fjarstýring
Íslenskt hnappaborð
2 ára neytendaábyrgð
99.990 kr.
Áður 119.990 kr.

Þunn, þægileg og örugg. MacBook er ein af þeim öflugustu. Með 2,0 GHz Intel Core 2 Duo örgjörva og 1 GB vinnsluminni vinnur hún jafn ljúflega með Mac OS X og Windows. Með skínandi björtum 13,3” hágljáa breiðtjaldsskjá er hún fullkomin fyrir þá sem vilja almennilegan kraft í fallegri, einnar tommu þykkri fullorðinni tölvu.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík

Apple IMC

Fermingartilboðið gildir til 31. mars 2008



**SJÓMENN KÆTAST** Aflamarkið hefur verið aukið svo ræst hefur úr vertíðinni sem blásin var af um tíma.

# Loðnukvótinn aukinn í gær

**Sjávarútvegsráðherra jók aflamark á loðnu um 50 þúsund tonn í gær. Vertíðin bjargast fyrir horn, segir framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Lína í Túni reyndist draumspök um loðnuvertíðina.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur orðið við tilmælum Hafrannsóknastofnunar um að auka aflamark á loðnu um 50 þúsund tonn. Heildaraflamarkið er því um 207 þúsund tonn og þar af koma 152 þúsund tonn í hlut íslenskra skipa.

### Vertíðinni bjargað

„Þetta er náttúrulega langt frá því að vera góð vertíð en nú er búið að bjarga þessu fyrir horn,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Hann segir að velta fyrirtækisins á loðnuvertíðinni í fyrra hafi verið um 1.300 milljónir en þá var aflamarkið helmingi meira. Veltan nú verði þó rúmlega helmingurinn af því sem hún var í fyrra þar sem nýtingin sé betri í ár.

Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar, hafði sagt þegar loðnuveiðibannið var sett á að ef því yrði ekki aflétt yrðu starfsmenn af um 700 þúsund krónum á þeim sex vikum sem loðnuvertíð varir venjulega. „Vissulega hefur þetta haft einhver áhrif á starfsfólk þó þetta hafi ekki farið á versta veg, þetta er verst fyrir lausafólk,“ segir Sigurgeir Brynjar.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri Nytjastofnasviðs, segir að um 56 þúsund tonn hefðu mælst austan við Ingólfshöfða þar af rúm 50 þúsund tonn af kynþroska loðnu og á þeim forsendum hefði ráðgjöf stofnunarinnar byggst.

### Draumur Línu í Túni

Þó útlitið væri svart á tíma segir Sigurgeir Brynjar að ein manneskja hefði alltaf vitað að úr myndi rætast. „Það er hún Lína í Túni sem sér um kaffið hjá okkur,“ segir hann.



**SIGURLÍNA ÁRNADÓTTIR** Sagði sjávarútvegsráðherra frá draumi sínum um loðnuvertíðina.

„Mig dreymdi í janúar að varla væri nokkuð til að bjóða fólkinu upp á með kaffinu og voru allir ósköp leiðir út af því,“ segir Sigurlína Árnadóttir eða Lína í Túni. „Það var ekki hægt að bjóða upp á þetta en svo koma nokkrir jakkaklæddir menn af skrifstofunni með þrjá eða fjóra bakka með nýbökuðum vöfflum og gátu þá allir fengið sér í svanginn þó ekki yrðu þeir pakksaddir. Ég réð þetta þannig að fyrst yrði ekkert veitt en síðan kæmu þrjár til fjórar göngur og vertíðin myndi bjargast fyrir horn þó ekki fengju menn jafn mikið og þeir vildu,“ segir hún og hlær við.

Sagði hún sjávarútvegsráðherra draum sinn þegar hann fundaði í Eyjum en gat þó ekki séð að honum létti. Hún stakk þeirri hugmynd að yfirmönnum sínum að hún yrði látin sofa í svítu svo hana dreymdi fyrir góðum tímum.

**jse@frettabladid.is**




sérhæfður
í fiskréttum
frábær veitingastaður
sem sérhæfir sig í ljúffengum fiskréttum
bæði í hádeginu og á kvöldin.
Staður sem kemur á óvart...!
veitingahús Gallerý fiskur

**Verslun**: mán.-fös. 10:00-18:30, **Veitingahús**: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00

Stundum þarf maður hjálp til að halda áfram

**Áfallahjálp hjá TM**

Þeir sem eru vel tryggðir fá efnisleg verðmæti sín bætt, en eftir stendur oft tilfinningatjón sem ekki verður metið til fjár. Það er vel þekkt staðreynd að áföll eða slys geta haft í för með sér áfallastreitu og leitt til langvarandi áfallaröskunar ef ekki er gripið í taumana.

**TM gengur nú skrefinu lengra í þjónustu sinni og er eina tryggingafélagið á Íslandi sem býður tjónþolendum upp á áfallahjálp í sínum tryggingaskilmálum. Áfallahjálpin er veitt af sálfræðingi og er innifalin í Heimatryggingu TM. Þannig vinnum við saman úr áfallinu og stuðlum að því að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar til lengri tíma fyrir viðskiptavini okkar.**

**Áfallahjálp** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tm.is** og fáðu skýr svör.

KUÐUNGURINN 2007

Umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfisráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári, er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins Kuðunginn fyrir árið 2007. Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Tillögur skulu berast umhverfisráðuneytinu eigi síðar en miðvikudaginn 4. apríl n.k. merktar „Kuðungurinn", á póstfangið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is







Stjórnmálaskýrendur í Serbíu:

# Klofningur ógnar ríkisstjórninni

**SERBÍA, AP** Klofningur í Serbíustjórn varðandi afstöðuna til framtíðartengsla við Evrópusambandið stefnir í að geta valdið öðru pólitísku uppgjöri í Belgrad, hálfum mánuði eftir að sjálfstæði Kosovo var lýst yfir.



VOJISLAV KOSTUNICA

Að mati stjórnmálaskýrenda mun fyrr en síðar verða úr því skorið hvor verði ofan á, stefna þjóðernissinnans Vojislavs Kostunicas forsætisráðherra eða Boris Tadic forseta, sem vill að Serbar stefni áfram inn í vestrænar samstarfsstofnanir á borð við ESB þrátt fyrir ágreininginn um Kosovo. Verði stefna Kostunicas ofan á þýðir það að Serbar skeri á tengsl við Vesturlönd og halli sér þeim mun nánar að Rússum. - aa



**TOLLABANDALAG** Þar sem Evrópusambandið er tollabandalag sér framkvæmdastjórn þess um utanríkisviðskiptasamninga fyrir hönd aðildarríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Stærri hagsmunir tryggðir með aðild

**Að mati sendiherra framkvæmdastjórnar ESB getur ríki fengið mikilvægari hagsmunum sínum framgengt gagnvart ríkjum á borð við Kína með því að vera aðili að ESB en með því frelsi sem það hefur utan þess til að gera viðskiptasamninga við slík ríki.**

**EVRÓPUMÁL** Sem aðili að tollabandalagi Evrópusambandsins getur ríki náð stærri hagsmunamálum fram í samningum um verslun og viðskipti við lönd utan sambandsins en það gæti náð upp á eigin spýtur utan sambandsins. Þetta er álit Percys Westerlunds, sendiherra framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi, en fyrr á ferli sínum sem embættismaður framkvæmdastjórnarinnar í Brussel annaðist hann slíka samninga fyrir hönd ESB.

„Það er vissulega rétt að þar sem ESB er tollabandalag geta einstök aðildarríki ekki sjálf gert fríverslunarsamninga. Annað mál er hins vegar hvort það er ókostur eða ekki," segir Westerlund. Tilefni þess að hann kýs nú að tjá sig um þetta eru nýleg ummæli Geirs H. Haarde forsætisráðherra í Fréttablaðinu um þá kosti sem fylgdu því að hans mati fyrir Ísland að vera frjálst um að gera samninga á borð við fríverslunarsamninginn sem nú er í undirbúningi milli Íslands og Kína.

Westerlund bendir á, að það sé almennt viðurkennt af hagfræðingum að aðild að myntbandalagi auki viðskipti. Vísar hann í þessu sambandi til rannsóknar sem Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur Seðlabanka Íslands, og breski hagfræðingurinn Francis Breedon birtu í desember 2004. Í henni er komist að þeirri niðurstöðu að líkur séu á að viðskipti Íslands við önnur ríki á evrusvæðinu gætu aukist um 60 prósent við að Ísland gengi í myntbandalagið. Westerlund telur þetta vera eina af mörgum ástæðum til að ætla að Ísland geti aukið utanríkisviðskipti sín til muna með inngöngu í ESB, í samanburði við það sem það getur nýtt samningafrelsið utan sambandsins til.

Um þá samninga sem Ísland er nú að vinna að við Kína segir Westerlund, að það kæmi sér á óvart ef annað og meira kæmi út úr þeim en hefðbundinn fríverslunarsamningur, sem tekur til fárra annarra viðskiptahindrana en tolla. Sér sýnist að tollar á íslenskan fisk í Kína séu á bilinu 5 til 12 prósent.

„Það væri örugglega til bóta að fá þessa tolla lækkaða, en fyrir flest þróuð hagkerfi eru stærstu vandamálin ekki tollar, heldur aðrar viðskiptahindranir. Hindranir á fjárfestingum, ýmislegt sem torveldar fjármálaviðskipti, vandamál með hugverkarétt, alls konar vandamál sem ekki er hægt að fá lausn á í hefðbundnum fríverslunarsamningi," segir Westerlund. Af þessum ástæðum leggi Evrópusambandið nú mesta áherslu á gerð víðtækra samninga um lausnir á þessum flóknari vandamálum, sem til lengri tíma litið varði stærri hagsmuni fyrir öll aðildarríkin, stór sem smá, í stað þess að leggja út í tímafrekar samningaviðræður um einstaka tollalækkanir. audunn@frettabladid.is

Kúbversk yfirvöld eftir Kastró:

## Sáttmálar um meiri réttindi

**KÚBA** Utanríkisráðherra Kúbu, Felipe Pérez Roque, hefur undirritað tvo lykilsáttmála Sameinuðu þjóðanna um ýmis borgaraleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi síðan Fídel Kastró lét af völdum

Elizardo Sanchez, formaður mannréttindasamtaka á Kúbu, fagnar þessu, enda hafi undirritun þessara samninga lengi verið krafa Kúbverja. Hann er þó efins um efndirnar.

„Ég vona að þeir haldi í heiðri bæði bókstaf sáttmálanna og anda þeirra en ég er ekki viss um að svo verði,“ segir hann. Ríkið eigi jú eftir að fullgilda þá. **- kóþ**

Undirgöng við skólana ekki nægar aðgerðir að mati íbúasamtaka Bústaðahverfis:

# Íbúarnir óttast aukna bílaumferð

**SKIPULAGSMÁL** Til stendur að loka vinstribeygju af Bústaðavegi til norðurs inn á Reykjanesbraut. Við þetta eru íbúar í Bústaðahverfi afar ósáttir og segja að bílaumferð um hverfið muni aukast til muna.

Á íbúafundi var samþykkt ályktun íbúanna sem telja að samhliða lokun beygjunnar verði að leggja í verulegar mótvægisaðgerðir við Réttarholtsveg. Setja íbúarnir það skilyrði að lokið verði við mótvægisaðgerðirnar áður en til frekari framkvæmda kemur enda sé erfitt að sjá að Réttarholtsvegurinn þoli aukið álag bílaumferðar eins og staðan er í dag.

Við Réttarholtsveg eru leikskólar, tveir grunnskólar og félagsstarf eldri borgara. Anna Kristinsdóttir, formaður íbúasamtaka Bústaðahverfis, segir hugmyndir um undirgöng fyrir gangandi vegfarendur á móts við skólana ekki nægar aðgerðir. Frekari aðgerðir gætu falið í sér að grafa Réttarholtsveginn allan í stokk á 30 kílómetra svæði. „Ef það er mögulegt, og það myndi gefa okkur möguleika á að gera meira fyrir svæðið,“ segir Anna.

Hún segir rúmlega 2.000 bíla aka Bústaðaveginn og umrædda beygju daglega. Ætla megi að um 600 bílanna færu Réttarholtsveginn og fram hjá skólanum. „Við erum auðvitað dauðhrædd um að undirgöngin verði til að búa til falskt öryggi,“ segir Anna. **- ovd**




**VIÐ RÉTTARHOLTSSKÓLA** Áætlað er að setja undirgöng við skólann en íbúar telja slíkt ekki nægjanlegt.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mannréttindi í Sómalíu:

## Skipuleg dráp á blaðamönnum

**SÓMALÍA, AP Níu fréttamenn í Sómalíu hafa verið drepnir frá því í febrúar 2007. Þetta kemur fram í skýrslu Amnesty International um ástandið þar í landi.**

**Í skýrslunni er greint frá því að fréttamenn séu skipulega drepnir, þeim rænt eða fyrirskipað af öllum stjórnmálaöflum í Sómalíu að stöðva fréttaflutning út úr landinu. Yfir fimmtíu fréttamenn hafa flúið landið á undanförnum árum.**

**Stjórn Sómalíu hefur verið í upplausn allt frá því einræðisherranum Mohamed Siad Barre var steypt af stóli árið 1991.** **- rat**

Friðun jökulánna í Skagafirði:

## Styðja friðun jökulánna

**SKAGAFJÖRÐUR** Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) styðja þingsályktunartillögu um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði.

Kom þetta fram í ályktun á stjórnarfundi samtakanna sem haldinn var 27. febrúar síðastliðinn. Þar segir enn frekar að jökulárnar í Skagafirði hafi markað sér sérstöðu sem eitt besta svæði Evrópu til fljótasiglinga og umtalsverð atvinnustarfsemi nýti afl og umhverfi jökulánna með sjálfbærum hætti.

Telur stjórn SUNN „eðlilegt að friða svæðið og stjórna því á þann hátt að landslag, náttúrufar og menningarminjar séu varðveitt, ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu og hefðbundinna landbúnaðarnytja.“ **- ovd**









## „ORÐRÉTT“

### Þetta er náttúrulega skandall

**„Það má líkja íbúðalánum með endurskoðunarákvæði við lán með breytilegum vöxtum.“**

INGÓLFUR H. INGÓLFSSON FJÁRMÁLARÁÐGJAFI MORGUNBLAÐINU
**Morgunblaðið 3. mars**

### Rekið stelpuna á símanum

**„Neytendasamtökin hafa hvatt birgja og smásala til að reyna að mæta kostnaðarhækkunum með aukinni hagræðingu.“**

JÓHANNES GUNNARSSON, FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA
**DV 3. mars**

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGRÍÐUR HEIÐBERG, FORMAÐUR KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS:**

# Þrjátíu kettir í Kattholti um páskana

„Það er allt gott að frétta úr Kattholti svoleiðis,“ segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélags Íslands. „Það er náttúrulega mikið að gera. Framundan er sýning hjá Kynjaköttum í Reiðhöll Gusts í Kópavogi og það fara kettir frá Kattholti sem eru að leita að nýjum heimilum. Fólk getur komið á sýninguna og litið á þessa ketti og vonandi finna þeir gott heimili. Við förum með sex ketti, að vísu fara þeir ekki í dóm. Þeir fara í leit að heimili en okkur var boðið þetta. Og svo verður náttúrulega Bjartur frá Kattholti, húskötturinn okkar. Hann verður tákn félgasins.“

**Hvernig hefur veturinn reynst Kattholti?**

„Veturinn hefur stundum verið erfiður og svo náttúrulega koma sólargeislar inn á milli. Dýrin komast inn á ný heimili, dýrin komast heim til sín og þau finnast eftir langan tíma. Það er alltaf það sem gefur kraftinn í að halda áfram. Það er alltaf mikið af köttum í Kattholti. Ætli það séu ekki fimmtíu til sextíu kettir alltaf allt árið, eiginlega frá opnun en þetta er sautjánda árið sem félagið starfar. Svo er náttúrulega alltaf mikið að gera á hótelinu. Nú er búið að panta pláss fyrir þrjátíu ketti um páskana. Það er mjög gott og gefur svolítið í aðra hönd og ekki veitir af því að róðurinn er náttúrulega erfiður. Við geymum kettina töluvert ef þetta eru góð dýr í von um að þau komist inn á ný heimili, þau sem yfirgefin hafa verið.“



## Í NÁTTÚRUNNI:

### LOGANDI MAURILDI



Maurildi er ljósfyrirbæri í hafinu sem stafar af lífljómun frá einfrumungum sem nefnast á fræðimáli Noctiluca sem þýðir bókstaflega „næturljós“. Þetta eru skoruþörungar, einfrumungar af einum ættbálki svipunga. Ljósblossinn sem þessir einfrumungar gefa frá sér verður vegna efnahvarfa fosfórsameinda. Efnahvörfin örvast vegna hafróts, til dæmis í brimi, og oft má sjá fallega ljósadýrð þessara þörunga þegar skyggja tekur.

## SJÓNARHÓLL

**KOSNINGAR Í RÚSSLANDI**

### Viðkunnanlegt handbendi Pútíns



**RÚNA GERÐUR STEFÁNSDÓTTIR** Söngkona

„Maður þekkir þennan nýja forseta, Dmítrí Medvedev, ekki neitt. Hann virðist vera mjög viðkunnalegur, en ætli hann verði ekki bara handbendi Pútíns. Ég held að Pútín muni stjórna öllu áfram bak við tjöldin,“ segir Rúna Gerður Stefánsdóttir söngkona.

„Þetta var nú ekki mikil kosningabarátta eða slagur, enda einkennir það kannski ekki landið. Það virðast vera mikil höft á öllu þarna,“ segir hún.

„Mér finnst líklegt miðað við hvernig ástandið hefur verið undanfarin ár að það hafi verið eitthvað plott í gangi varðandi úrslitin en þetta er svo stórt land að svoleiðis gengi trúlega aldrei almennilega upp,“ segir Rúna.

„En manni finnst margt benda til þess að eitthvað sé að þegar nýr leiðtogi kemur fram sem enginn þekkir og virðist vera mikill vinur Pútíns. Þegar þeir ætla svo að halda áfram með sama stjórnarfarið fær maður það á tilfinninguna að það sé eitthvað að.“

# Í lagi að vera foreldri

**Unglingar og foreldrar þeirra í Hafnarfirði sitja saman á námskeiðum þar sem foreldrar styrkja sig í hlutverki sínu en unglingunum er hjálpað að taka upplýstar ákvarðanir um mörg málefni sem geta verið afdrifarík á þessum árum.**

Fyrir tíu árum sóttu hjónin Fríða Jónsdóttir og Auðunn Gísli Árnason námskeið hjá ÓB ráðgjöfum um það hvernig foreldrar leikskólabarna geta styrkt sig í hlutverki sínu. „Þetta hjálpaði okkur að njóta foreldrahlutverksins enn betur og í framhaldinu stóðum við fyrir námskeiðum fyrir foreldra hér í Hafnarfirði,“ segir Auðunn.

En hlutverk foreldra breytist eftir því sem á líður svo þeir sem vilja halda áfram að njóta hlutverksins verða að hressa upp á fræðin. „Núna erum við að taka þátt í forvarnanámskeiðinu „Hugsað um barn“ fyrir foreldra og unglinga í samvinnu við ÓB ráðgjöf líkt og fyrir tíu árum,“ bætir hann við.

Hann segir ennfremur að ekki aðeins foreldrarnir hafi tileinkað sér fræðin sem kennd voru á námskeiðinu fyrir tíu árum og ganga að miklu leyti út á jákvæða styrkingu. „Þetta eru engin galdrafræði heldur byggist þetta mikið á almennri skynsemi,“ útskýrir hann. „Þetta byggist mikið á því að gefa val, veita jákvæða athygli og eyða tíma með börnunum. Við fórum að tileinka okkur þetta við uppeldið en það er ekki nóg með það heldur er stúlkan, sem var á leikskólaaldri þegar við byrjuðum á þessu, farin að tileinka sér eitt og annað af þessu gagnvart yngri bróður sínum.“



**TIL Í TUSKIÐ** Fríða Jónsdóttir, Ólafur Grétar Gunnarsson, Jónína Kristín Snorradóttir, Auðunn Gísli Árnason og Bjarni Þórarinsson, kollegi Ólafs Grétars hjá ÓB ráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur Grétar Gunnarsson, frá ÓB ráðgjöf, segir að Forvarnanámskeiðið „Hugsað um barn“ sé fyrir 14 og 15 ára unglinga og foreldra þeirra. Það hefur verið haldið í fjögur ár á Íslandi og er í boði víða um heim. Námskeiðið er samtals fjórar klukkustundir og fer fram næsta fimmtudag og svo þriðjudagskvöldið 11. mars í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Tilgangurinn er meðal annars sá að hjálpa unglingunum að taka upplýsta ákvörðun varðandi kynlíf, áfengi og mikilvægi góðrar samvinnu við foreldra og kennara.

Unglingarnir fá í hendur svokallað raunveruleikabarn, sem er eftirlíking af smábarni, en þeir eiga svo að annast það eina helgi og kynnast þeirri ábyrgð sem því fylgir að annast ungabarn.



**FRÁ NÁMSKEIÐINU** Hér er Elín Hanna Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur að sýna unglingi leyndardóma raunveruleikabarnsins. Það er ekki laust við að það fari nokkuð um pilt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**jse@frettabladid.is**


Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, bjóða samtök launafólks og Jafnréttisstofa til ráðstefnu



AÐFERÐIR TIL AÐ NÁ
LAUNAJAFNRÉTTI
– kostir, gallar og nýjar hugmyndir

Ráðstefna í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6.
Fimmtudaginn 6. mars 2008 kl. 13–16.15

- ***Að velta við steinum – Hvaða leiðir leiða til árangurs?***
  *Lára V. Júlíusdóttir, hrl. formaður ráðgjafarnefndar félagsmálaráðherra um launajafnrétti*
- ***„Gott væri að eiga góða skó“***
  *Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri sviðs opinberra starfsmanna innan Starfsgreinasambands Íslands*
- ***Bera atvinnurekendur ábyrgð á kynbundnum launamun?***
  *Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður FKA*
- ***Jafnréttislaunapottar – tilraun til leiðréttingar***
  *Árni Stefán Jónsson, formaður SFR*
- ***Mikilvægi markvissra aðgerða***
  *Katrín B. Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar*
- ***Samantekt*** *– Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður KÍ*

*Ráðstefnustjóri: Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM*

ASÍ · Bandalag háskólamanna · BSRB · KENNARASAMBAND ÍSLANDS · SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA · Jafnréttisstofa


Framtíðarlandið setti Vestfirði á teikniborðið:

# Þarf að klára verkefnið Vestfirðir

Í nóvember síðastliðnum hélt Framtíðarlandið vetrarþing á Ísafirði undir yfirskriftinni „Vestfirðir á teikniborðinu“. Tilgangurinn var að ræða framtíðarhorfur fjórðungsins í atvinnumálum.

Í kjölfarið var unnin samantekt sem kynnt var á fjölmennum fundi í Norræna húsinu á miðvikudaginn var. Ólafur Sveinn Jóhannesson, aðalskipuleggjandi vetrarþingsins, segir að fjölmargar hugmyndir um atvinnuuppbyggingu hafi komið fram á vetrarþinginu. „Hugmyndirnar hafa reyndar alltaf verið til staðar en það sem hins vegar vantar eru innviðir svo samfélagið sé samkeppnishæft við aðra fjórðunga og að Vestfirðir geti boðið þessum frumkvöðlum að gera eitthvað við þessar hugmyndir,“ segir hann. „Þá skortir samgöngur, netsamband og aðgang að menntun og rannsóknastofnunum,“ nefnir hann sem dæmi. „Og annar lærdómur sem draga má af þessari skýrslu sem liggur eftir vetrarþingið er sá að það verður að þrýsta á yfirvöld að klára verkefnið Vestfirðir,“ segir Vestfirðingurinn ákveðinn.



**ÓLAFUR SVEINN JÓHANNESSON OG IRMA ERLINGSDÓTTIR** Vestfirðinga vantar ekki hugmyndir um atvinnuuppbyggingu heldur skortir innviði svo hægt sé að framkvæma þær segir Ólafur eftir að hafa haft Vestfirði á teikniborðinu. Næst verður Austurland sett á teikniborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meðal hugmynda sem komu fram nefnir Irma Erlingsdóttir, formaður stjórnar Framtíðarlandsins, umhverfisháskóla, bjórverksmiðju, heilsuhótel og hafrannsóknaskóla.

En framtíðarlandið lætur sig ekki eingöngu varða málefni Vestfjarða því Irma segir að 8. mars næstkomandi verði efnt til samskonar þings á Höfn í Hornafirði.


26. mars
Netframtölin eru tilbúin
á www.skattur.is
Öll eyðublöð eru aðgengileg
Leiðbeiningarnar eru tilbúnar
bæði á pappír og á netinu
Almennur skilafrestur skattframtals
einstaklinga er 26. mars.
Hvernig væri að skila snemma í ár?
RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

**FRÉTTASKÝRING:** Kosningaúrslitin í Rússlandi

# Medvedev lætur Pútín ráða stefnunni

**Sjötíu prósent Rússa greiddu Dimitrí Medvedev atkvæði sitt. Aðrir frambjóðendur áttu aldrei möguleika.**



**EINS OG STJÖRNUR TVÆR** Pútín og Medvedev stigu upp á svið á útitónleikum í Moskvu þegar fyrstu tölur staðfestu yfirburða sigur að kvöldi kjördags. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningarnar í Rússlandi á sunnudaginn hafa verið harðlega gagnrýndar, sagðar ólýðræðislegar og ótrúverðugar. Sjötíu prósenta sigur Dimitrís Medvedevs, mannsins sem Vladimír Pútín hafði fyrirfram útnefnt arftaka sinn í forsetaembættinu, þykir mörgum ótvíræð staðfesting á þeim efasemdum sem fyrirfram voru um framkvæmd kosninganna.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu sá sér ekki fært að sinna neinu eftirliti með framkvæmd kosninganna, vegna þess hve ströng skilyrði Rússar settu slíku eftirliti, en Evrópuráðsþingið sendi á hinn bóginn 22 manna kosningaeftirlitssveit á vettvang og sú nefnd gaf blendnar yfirlýsingar um það sem fyrir augu bar.

„Það væri of einfalt að segja niðurstöður kosninganna falsaðar,“ sagði Andreas Gross, yfirmaður kosningaeftirlitssveitar Evrópuráðsþingsins. Hann sagði niðurstöður kosninganna vissulega „endurspegla vilja kjósenda“, en þær voru „samt hvorki frjálsar né sanngjarnar.“ Hann orðaði það þannig að „töluvert skorti því miður upp á að lýðræðislegir möguleikar rússneskra kjósenda séu tæmdir“ og sagði kosningarnar frekar líkjast opinberri skoðanakönnun en eiginlegum kosningum.

### Fyrirfram gefin úrslit

Fyrirfram var vitað að enginn hinna þriggja mótframbjóðenda Medvedevs ætti raunhæfan möguleika á sigri. Gennadí Sjúganov, leiðtogi Kommúnistaflokksins, þótti þó ná óvæntum árangri með því að tryggja sér nærri 18 prósent atkvæða. Þjóðernissinninn kjaftfori, Vladimír Sjírinovskí, náði tæpum tíu prósentum eins og fyrirfram var spáð. Sá fjórði, sem reyndar er yfirlýstur stuðningsmaður Pútíns rétt eins og Medvedev, komst varla á blað. Hann heitir Andrei Bogdanov. Gagnrýni á kosningarnar beinist einkum að því að stjórnvöld hafi fyrirfram séð rækilega til þess að enginn ætti í raun möguleika gegn Medvedev. Nánast allir fjölmiðlar, sem meira og minna eru undir stjórn eða áhrifum ríkisins, hafi gefið Medvedev miklu meira vægi en öðrum frambjóðendum. Auk þess hafi meira og minna allir stjórnmálamenn, sem hugsanlega hefðu átt raunhæfan möguleika gegn Medvedev þrátt fyrir óhlutdrægni fjölmiðla, verið útilokaðir frá framboði löngu fyrir kosningar.

### Þrýstingur á kjósendur

„Þessar kosningar eru mikið auglýst embættisskipun sérútvalins arftaka,“ sagði Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, sem hefur undanfarin misseri haft uppi harðorða gagnrýni á stjórnarhætti Pútíns en fékk ekki að bjóða sig fram.

Mikill þrýstingur var á fólk um allt Rússland að kjósa. Jafnt ríkisfyrirtæki sem einkafyrirtæki eru sögð hafa hótað því starfsfólki uppsögn sem ekki mætti á kjörstað. Í afskekktari héruðum landsins var hreinlega gengið með kjörkassa hús úr húsi til að safna atkvæðum. Þrátt fyrir þetta varð kosningaþátttakan ekki nema 65 prósent, sem þó þykir nokkuð góður árangur í svo stóru landi.

### Sömu stefnu fylgt áfram

Strax og fyrstu niðurstöður úr kosningum birtust skömmu fyrir miðnætti og staðfestu yfirburðasigur Medvedevs stigu þeir Pútín saman á svið á útitónleikum sem haldnir voru í beinni sjónvarpsútsendingu á Rauða torginu í Moskvu, þar sem Pútín óskaði arftaka sínum til hamingju, en tók jafnframt fram að því líkur sigur feli í sér ýmsar skyldur: „Sigurinn tryggir að þeirri stefnu, sem við höfum tekið, þeirri árangursríku stefnu sem fylgt hefur verið síðustu átta árin, verður fylgt áfram.“



**GAMAN Á KJÖRDAG** Eftir að hafa greitt atkvæði á sunnudaginn settust þeir saman að snæðingi flestir helstu ráðamenn Rússlands: Viktor Zubkov, sem enn er forsætisráðherra Rússlands, situr lengst til vinstri á myndinni, við hlið hans er Sergei Mironov þingforseti, þá Boris Gryzlov, leiðtogi stjórnarflokksins Sameinaðs Rússlands, en hinum megin borðsins brosa breitt þeir Dimitrí Medvedev, nýkjörinn forseti, og Vladimír Pútín, fráfarandi forseti og verðandi forsætisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

Medvedev tók undir þetta og hét því að fylgja stefnu Pútíns á kjörtímabilinu, sem nú fer í hönd. Formlega tekur hann við af Pútín 7. maí og eftir það líður væntanlega ekki á löngu þar til Pútín tekur við forsætisráðherraembættinu af Viktori Zubkov, sem hefur þó aðeins gegnt því starfi í nokkra mánuði.

### Sá góði og sá grimmi

Medvedev hefur ekki þótt svipsterkur stjórnmálamaður og fátt sem bendir til annars en að hann ætli sér að vera Pútín auðsveipur. Það kemur þó varla í ljós fyrr en líða tekur á kjörtímabilið hvernig honum vinnst úr stöðu sinni. Stjórnmálaskýrendur hafa sumir hverjir sagt að þeir Medvedev og Pútín ætli sér að leika hlutverk „góðu löggunnar“ og „grimmu löggunnar“ í rússneskum stjórnmálum.

Pútín geti nú óhræddur berað tennurnar og gelt grimmilega meðan Medvev lofar öllu fögru og reynir að sigla milli skers og báru – en Pútín fái að stjórna í reynd því sem hann vill.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

## TVÍEYKIÐ PÚTÍN OG MEDVEDEV

**Bakgrunnur**
Bæði Dmitrí Medvedev og Vladimir Pútín lærðu lögfræði í borginni Leníngrad, sem nú heitir Pétursborg. Að loknu námi valdi Pútín sér starfsvettvang innan leyniþjónustunnar KGB en Medvedev hélt sig áfram innan háskólans og gerðist kennari. Medvedev hefur starfsreynslu úr einkageiranum sem Pútín vantar.

**Stíll**
Í samanburði við Pútín virðist Medvedev hógvær og ljúflyndur. Pútín grípur oft til grófgerðs götuorðbragðs en Medvedev er bóklegri í tali - þótt hann sé reyndar byrjaður að herma eftir talsmáta Pútíns, að því er virðist til að hljóma valdsmannlegri og forsetalegri.

**Stefna**
Rætur Pútíns í KGB styrkja þá ímynd að hann sé harður leiðtogi sem fyrst og fremst hugsar um öryggi og styrkleika Rússlands. Bakgrunnur Medvedevs í lögfræðinni hefur á hinn bóginn orðið til þess að hann leggur áherslu á réttarríkið og sjálfstæði dómstólanna. Medvedev hefur einbeitt sér að því að efla viðskiptalífið og styrkja velferðarkerfið, en hefur aðeins nýlega byrjað að tala opinberlega um utanríkismál og víkur þar í engu frá línu Pútíns.



**ÆSKA PÚTÍNS** Daginn eftir kosningar fjölmenntu ungir stuðningsmenn Pútíns út á götur Moskvuborgar til að mótmæla utanríkisstefnu Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórir og sterkir á tilboði



Renault Kerax
Nýskr: 08/06, 420.40, 8x4
Ekinn 31.000 km.
Tilboðsverð:
8.500.000
án vsk.



M.B. Atego
Nýskr: 09/02, 815
Ekinn 151.355 km.
Tilboðsverð:
1.950.000
án vsk.



Renault Mascott
Nýskr: 04/01, 130.65
Ekinn 130.000 km.
Tilboðsverð:
1.390.000
án vsk.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is 575 1221

# ENIGA MENIGA

## PABBAR og MÖMMUR
## AFAR og ÖMMUR
## FRÆNDUR og FRÆNKUR
## SYSTUR og BRÆÐUR
## VINIR og VANDAMENN

## *– við erum að tala um fermingarpeninga!*

Þú leggur 5.000 kr. eða meira inn á Framtíðarsjóð fermingarbarnsins.
**Við hjá Byr leggjum 2.000 kr. á móti.**
Þetta köllum við góða vaxtarækt: **allt að 40% ávöxtun á aðeins einum degi.**

Framtíðarsjóður Byrs er verðtryggður sparnaðarreikningur bundinn til 18 ára aldurs og ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga.




*Mundu eftir flottu gjafaöskjunum sem fylgja Framtíðarsjóðnum. Kósí!*




**Ræktaðu fermingarpeningana með Byr.** Öll fermingarbörn sem leggja 50.000 kr. eða meira inn á Framtíðarsjóð Byrs fá 5.000 kr. mótframlag beint frá Byr. Vertu við fjárhagslega góða heilsu. Leggðu fermingarpeningana inn hjá Byr.

**Vertu með Byr í vaxtaræktinni – framtíðarinnar vegna.**

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Söfnun UNIFEM fyrir stríðshrjáðum konum:

## Að verða frjáls eins og fiðrildi

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Söfnunarátak UNIFEM fyrir konur í þremur stríðshrjáðum löndum hófst í gær undir yfirskriftinni Fiðrildavika. Fiðrildið, merki vonar og styrksins í mýktinni, hefur verið táknmynd fyrir umbreytingar í lífi fólks í átt til frelsis.

Í Fiðrildavikunni á að safna peningum til þess að hægt sé að styrkja verkefni í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi í Súdan, Líberíu og Lýðveldinu Kongó. Í þessum löndum, líkt og öðrum löndum þar sem stríð hefur ríkt, hefur kynbundið ofbeldi verið notað sem baráttutæki í átökunum. Konum er kerfisbundið nauðgað, ýmist af einstökum hermönnum eða hópum. Þær eru barnaðar og vísvitandi sýktar af HIV-veirunni til að brjóta niður samfélag óvinarins. Þeim er rænt og þær afhentar hermönnum sem „bónus“ fyrir vel unnin störf.

Það er ómögulegt að reyna að setja sig í spor þeirra kvenna sem verða fyrir slíku ofbeldi. Allt of oft hefur það verið gagnrýnt að þegar alþjóðasamfélagið reynir að stilla til friðar á átakasvæðum, eða í störfum friðargæslu þegar átökum linnir, að konurnar gleymast og hermenn og friðargæsluliðar hafi ekki næga þekkingu til að aðstoða konur í þessari aðstöðu. Þetta eru konur sem ekki hafa nægjanlegt vogarafl í sínu samfélagi eða í alþjóðasamfélaginu. Því er mikilvægt að bregðast vel við söfnun sem þessari.

Í þessum þremur löndum, Súdan, Lýðveldinu Kongó og Líberíu er staða kvenna veik fyrir. Í Súdan er til að mynda félags- og efnahagsstaða kvenna einna verst í allri Austur-Afríku. Rúmlega 80 prósent kvenna í Súdan eru ólæsar. Allra fátækustu íbúar landsins eru konur.

UNIFEM styrkir margvísleg verkefni á ári hverju og mun styrktarféð sem safnast hér á landi renna til slíkra verkefna. Á síðasta ári var til dæmis ákveðið að styrkja verkefni í Lýðveldinu Kongó. Markmið þess verkefnis er að styðja konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi og eru sýktar af HIV-veirunni eða með eyðni. Með verkefninu voru konur meðal annars styrktar í gegn um „smálánabanka“ en sjö slíkir voru opnaðir í landsbyggðarhéruðum Kongó. Slíkir bankar lána konum lágar upphæðir til kaupa á húsdýrum eða tækjum til að létta sér vinnuna. Eins og reynslan hefur sýnt á Indlandi er áhættan við þessi lán lítil, því þau eru greidd til baka.

Þá var einnig ákveðið að styrkja verkefni í Líberíu þar sem borgarastyrjöld hafði geisað í fjórtán ár. Komið hafði í ljós hversu algengt kynbundið ofbeldi var í landinu. Til að mynda var um fjórðungur allra tilkynntra mannréttindabrota nauðganir. Verkefnið sem styrkt var á að styðja kvennasamtök til að fylgjast með, skjalfesta og tilkynna um ofbeldi gegn konum. Þá á að þjálfa lögreglu til að fylgja eftir nýjum lögum sem vinna eiga gegn kynbundnu ofbeldi sem og alþjóðlegum sáttmálum sem Líbería hefur staðfest.

UNIFEM á Íslandi biður almenning að hafa fiðrildaáhrif; að hafa í huga kenninguna um að vængjasláttur fiðrilda geti haft gríðarleg áhrif á veður í öðrum heimshluta. Peningunum sem safnast verður svo varið í verkefni, líkt og þau sem hér að ofan eru nefnd, og munu hafa gríðarleg áhrif í þágu kvenna og stúlkna í þessum löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

„TANAÐUR Í DRASL“

**Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.**

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um **að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blikur á lofti

Einar K. Guðfinnnsson ávarpaði Búnaðarþing um helgina og lýsti þar miklum áhyggjum af háu verði á áburði, fóðri, eldsneyti, öðrum aðföngum og fjármagni sem nú skylli með ofurþunga á landbúnaðinn: „Án þess að ég ætli að hafa uppi neina heimsendaspádóma, þá þarf ekki mikinn snilling til þess að sjá að þetta mun með einhverjum hætti bitna á bændum, afurðastöðvum og neytendum.“ Ekki er það nú gott en þó huggun harmi gegn að stutt er síðan Einar lýsti yfir miklum áhyggjum af stöðu loðnunnar. Nokkrum dögum síðar var hún fundin og veiðar hafnar á ný. Kannski er það boðberi góðra tíðinda þegar Einari líst ekki á blikuna.



### Nýr verndari

Fiðrildavika Unifem hófst formlega í gær sem er liður í alþjóðlegri baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Kristín Ólafsdóttir tekur við af Ásdísi Höllu Bragadóttur sem verndari UNIFEM í ár. Bakhjarlar Fiðrildavikunnar eru Landsbankinn og Eimskip; fyrirtæki sem eru að stórum hluta í eigu tengdaföður Kristínar, Björgólfs Guðmundssonar. Þetta geta önnur samtök haft í huga þegar þau vantar peninga – það er vænlegt til árangurs að leita á náðir tengdadætra auðmanna.

### Vondur endir

„Endirinn á danska sjónvarpsþættinum Forbrydelsen – Glæpnum – var ekki eins góður og aðdragandi hans,“ skrifar Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sína. Björn veltir fyrir sér hvort það sé vegna endalokanna sem þátturinn hefur ekki unnið til alþjóðlegra verðlauna en játar að hafa ekki hugmynd um hvað dómnefndir leggi til grundvallar í þessum efnum. „Hinu má ekki heldur gleyma,“ bætir Björn við, „að dómnefndum getur skeikað á þessu sviði eins og öðrum.“ Hér er Björn mögulega að vísa til dómnefndarinnar sem mat á dögunum þrjá umsækjendur um embætti héraðsdómara hæfari en þann sem hreppti að lokum hnossið. Mörgum fannst það ekki góður endir heldur.



bergsteinn@frettabladid.is

# Skopskyn og spéfuglar



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Kímni

Kona sem bjó lengi erlendis sagði einhverju sinni við mig, að siðfágun á Íslandi væri mun skemmra á veg komin en við sjálf ímynduðum okkur. Hún væri aðeins á bláyfirborðinu eins og þunnur glassúr. Ekki þyrfti að klóra mikið í hann til að eitthvað frumstætt og óheflað birtist.

Þessi glassúr kemur öðru hvoru upp í hugann, bæði í umferðinni og margs konar samskiptum, en einkum og sér í lagi þegar hinir ýmsu spéfuglar stíga á svið eða brillera á blogginu.

Mér er minnisstætt vetrarsíðdegi í Kleppsholtinu þegar ég var tólf ára og stóð í hópi vina minna af báðum kynjum fyrir utan bókasafnið á Hólsveginum og tveir af strákunum, sem náttúran var farin að hreyfa við, fóru að segja tvíræða brandara. Litu glettnir hvor á annan og ögrandi á okkur hin til að vita hvernig við brygðumst við orðum sem ekki var að finna í skólabókunum. Hlógu yfirspenntir og fyrr en varði hafði hópurinn smitast af þessari taugaveiklun og hló með, án þess að vita af hverju og ætlaði aldrei að geta hætt.

Mér fannst skólabræður mínir og vinir dálítið hallærislegir í þessum nýja ham. Spaugið var hvorki með heilli hugsun né skemmtilega ísmeygilegt. Ég var ekki nógu veraldarvön til að skilja að fólk hlær ekki eingöngu að því sem er skemmtilegt, vel sagt og því sem kemur á óvart, heldur líka til að breiða yfir feimni, vandræðagang og vanmetakennd. Einnig til að skera sig ekki úr. Vera eins og hinir. Hlæja með af ótta við að verða sá sem hlegið er að. Síðar gerði ég mér grein fyrir að þetta voru eðlileg viðbrögð og spenna hjá krökkum á þröskuldi gelgjuskeiðsins.

Hins vegar átti ég ekki von á sams konar viðbrögðum hjá fullorðnu fólki þegar ég óx úr grasi, en margir skemmtikraftar nema þennan streng og stytta sér leið við að setja saman efni með því að sletta í góm, setja upp samsærisbros og minnast aðeins á brjóst og rass eða fikt í svefnherbergi og salurinn liggur í hlátri. Virðulegt fyrirtæki bauð nýverið starfsfólki sínu á glæsilega árshátíð og meðan fólkið sat skartklætt við dúkuð borð og snæddi sælkeramat spjallaði veislustjórinn við gestina á sömu nótum og félagar mínir töluðu forðum, og skemmtiatriðin voru í sama stíl. Margir undu þessu eflaust vel, en ég þekki fleiri en ein hjón sem var skapi næst að standa upp og fara heim. Tvírætt skemmtiefni sem er vel unnið og vel flutt er veisla, en innihaldslaust snakk um ekki neitt er það ekki.

**Á kostnað annarra**

Skopskyn er undursamlegur eiginleiki en vandmeðfarinn. Þegar hann birtist í léttleika, gríni og glensi er það gleðibanki sem stendur öllum opinn, en þegar háð og spott eru í öndvegi er það einkum þeim til skemmtunar sem uppveðrast við að lítillækka aðra. Margir kannast við gáfumannagengi á öllum aldri þar sem menn spegla sig hver í öðrum, leggja upp úr að vera fyndnir á kostnað annarra og hlæja saman yfir hvað aðrir séu grátlegir bjánar. Í einhverjum kima er greinilega minnimáttarkrampi sem þeir eru svo hræddir við að komi upp á yfirborðið að þeir eru alltaf í marki. Enginn skorar hjá þeim!

Listamennirnir í Spaugstofunni bera höfuð og herðar yfir þá sem skemmta með glensi hér á landi og eru ótrúlega hugkvæmir og hæfileikaríkir. Maður er ekki endilega hrifinn af öllu hjá þeim - en næstum því. Og það skemmtilegasta við þá er hvað þeim finnst skemmtilegt að vera saman.

**Kímni**

Ég held mikið upp á frásögn af atviki sem virðist ekki stórt í sjálfu sér en er einfalt dæmi um mikilvægi virðingar. Ekki aðeins fyrir því sem er manni sjálfum heilagt, heldur líka því sem maður skilur hvorki né þekkir, en virðir samt.

Íslendingur í viðskiptalífinu átti fund með manni frá Asíu um hugsanlegt samstarf. Samskipti þeirra voru góð en formleg. Um kvöldið snæddu þeir saman og fór vel á með þeim. Þegar þeir stóðu upp frá borðum bauð Asíumaðurinn Íslendingnum að koma upp á hótelherbergi sitt og þiggja einn drykk fyrir svefninn.

Hann opnaði hurðina á herberginu og gekk rakleitt að bar sem þar var og tók til glös. Íslendingurinn vissi ekki mikið um siði og venjur í landi mannsins en hafði lesið að gestir færu aldrei yfir þröskuldinn á heimili gestgjafa fyrr en þeim hefði verið boðið formlega inn. Hann staldraði því við framan við dyrnar. Asíumaðurinn leit um öxl og spurði hvað hann vildi drekka. Þegar hann sá hvar hann stóð, skildi hann á augabragði að Íslendingurinn var að sýna hans lífsháttum virðingu. Hann sagði ekkert en bauð honum inn. Andrúmsloftið var gjörbreytt og samningurinn í höfn.

# Eru Davíðssálmar gjaldfallnir?

**UMRÆÐAN**

Einkavæðing orkufyrirtækja



LEIFUR JÓNSSON

Árið 1991 var Davíð Oddsson borgarstjóri í Reykjavík og nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins. Þann 17/3 það ár var í Morgunblaðinu haft eftir formanninum, að „leita eigi leiða til að selja einkaaðilum orkufyrirtæki á borð við Landsvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur“. Og hver skyldi nú vera ástæðan fyrir þessari hugljómun formannsins? Ástæðan er, segir Davíð, „að þarna eru öflug, skuldlaus fyrirtæki og ætti að vera auðvelt að koma þeim í verð“. Svo mörg voru þau orð.

Innihaldið er grunnuppskriftin að einkavinavæðingu arðgefandi eigna almennings. Svo sem alþjóð er kunnugt hefur sölumennska í þessum anda verið stunduð ótæpilega undir stjórn Einkavæðinganefndar. Með öðrum orðum er í góðu lagi að byggja orkuver og raunar hvað sem er fyrir almannafé, en þegar og ef sá dagur rennur upp, að þau eru skuldlaus orðin, eru þessi fyrirtæki allt í einu orðin svo dásamlega auðseljanleg, að ekkert vit er í því að almenningur eigi þau lengur og hafi af þeim hagnað. Geir H. Haarde hafði ungur numið þessi fræði við hné lærimeistarans, enda fór hann létt með að selja einkaaðilum eignahlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja sl. vor.

Hvað er þá nýjast í orkumálum þjóðarinnar? Nýlundan er eftirfarandi: Yngri kynslóð Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur með formann OR innanborðs hefur lýst því yfir, að OR skyldi ekki selja. Hins vegar skuli hún áfram vera í eigu almennings. Þetta er engin smá yfirlýsing úr þessari átt og alveg á skjön við orð og gjörðir þeirra flokksforingjanna Davíðs og Geirs. Nú er bara að vona að guð láti gott á vita og að boðskapur Davíðs, svo sem hann birtist í Mogganum 1991 sé endanlega úr gildi fallinn.

*Höfundur er læknir.*



Bættu um betur!

## Hófst þú nám í ljósmyndun en átt eftir vinnustaðanámið?

**Laukst þú burtfararprófi í ljósmyndun frá Iðnskólanum í Reykjavík 2006 eða fyrr?**
**Áttu eftir að ljúka vinnustaðanáminu?**
**Hefur þú áhuga á að ljúka sveinsprófi í ljósmyndun?**

**Bættu um betur – vinnustaðanám ljósmyndunar** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi hefur og jafnast á við vinnustaðanámið, óháð því hvernig færninnar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA-fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS




Magnús Bergsson hjólar um fjöll og firnindi í öllum veðrum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Best að vera einn að hjóla

***Að hjóla einn um hálendi Íslands í öllum veðrum er ekki allra en Magnús Bergsson rafvirki segir það einstaka upplifun.***

Magnús stofnaði Fjallahjólaklúbbinn árið 1989 en hann hafði þá átt fjallahjól í þrjú ár. Hann hefur hjólað bæði í útlöndum og um Ísland og kann best við sig einn á hjóli uppi á hálendinu.

„Það eru eflaust til nokkrar gerðir af hjólreiðamönnum, annars vegar einfarar og hins vegar þeir sem vilja vera í hóp, ætli ég teljist ekki til þeirra sem vilja fara einförum,“ segir Magnús. „En það er nú vegna þess að það að vera einn úti í náttúrunni með allt það sem heldur manni gangandi er einhvern veginn svo hrífandi. Maður getur sokkið í eitthvert algleymi þegar maður er svona einn með sjálfum sér á hjólinu.“

Magnús hefur hjólað hvern spotta og slóða sem finnst á Íslandskortinu á fjallahjóli og átti sér uppáhaldsstað norðan Vatnajökuls áður en Kárahnjúkavirkjun kom þar. Hann ferðast með allan sinn farangur á hjólinu og segir gott að fara að byggja upp þol og þrek fyrir lengri ferðir með mánaðar fyrirvara. „Farangurinn er ekkert mál, maður útbýr bara hjólið og ég hef hann ekki meiri en svo að ég geti borið hjólið með farangrinum í einni ferð yfir ár sem ég þarf að vaða. Ef maður getur ekki haldið á hjólinu er farangurinn orðinn of mikill. Svo er ágætt að spretta svolítið úr spori svona mánuði áður en maður fer í langferð og þá nær maður þolinu upp. En svona ferðir geta verið svolítið lýjandi.“

Magnús segir að bestu ferðirnar fari hann einn og ekki skemmi fyrir ef veðrið versni því þá upplifi hann eitthvað spennandi. „Það er það sem fær mig til að hjóla úti í náttúrunni og það að vera ekki upptekinn af neinu öðru en stað og stund. Þá skiptir veðrið engu máli. Því verra sem það er, því meira hrífandi er það einhvern veginn,“ segir Magnús og rifjar upp ógleymanlega ferð yfir Arnarvatnsheiði. „Einu sinni gerði svo vitlaust veður uppi á Arnarvatnsheiði að sandurinn varð hvítur af endurkastinu frá regndropunum. Rokið bylgjaði þetta til svo langt sem augað eygði og ég stóð varla í rokinu. Þetta var skyndilegt áhlaup sem gerði en ég komst í gangnamannaskála sem bjargaði mér. Það var gaman að upplifa það að hafa tekist á við þetta veður. Þótt maður hafi verið blautur og hrakinn gleymi ég þessu líklega aldrei.“

Magnús ætlar að halda áfram að hjóla upp um fjöll og firnindi svo lengi sem hann getur. „Ég er ekkert hættur, það eru til svo margar gerðir af hjólum að jafnvel þó maður missi fætur eða hendur getur maður alltaf haldið áfram að hjóla.“

*heida@frettabladid.is*




MARS
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
SUBWAY í fínu formi
Gildir í mars 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

**jóga** í hádeginu er gott fyrir þá sem vinna kyrrsetuvinnu fyrir framan tölvuna allan daginn. Taktu frá nokkrar mínútur á dag til að sinna sjálfum þér.

ENDURNÆRANDI JÓGA HELGI
1.- 2. og 8.- 9. mars
Stöður - Öndun - Hugleiðsla
Fyrirlestrar - Hreinsun - Kyrjun
Gönguferðir
ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótelum
Fosshóteli Reykholti
Jóga er lífsstíll
Bókanir og upplýsingar í síma 435 1260

Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 14.985
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE
Slökun - vellíðan - innri ró

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
04. mars kl. 17:30-19:00
Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úr-gangs-ruslaskrímsli?
Edda Björgvins leikkona
13. mars kl. 18.00 - 21.00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur
19. mars kl. 20:00 - 22:00
Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari
03. apríl kl. 18.00 - 21.00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur

RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR
08.00-13.00 ALLA VIRKA DAGA
Hvar sem þú ert – hvenær sem er
www.lettbylgjan.is
LÉTT BYLGJAN 967



Guðrún Ösp Theodórsdóttir og Tinna Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingar segja staðalímyndir gera mæðrum erfitt með að aðlagast móðurhlutverkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Foreldrahlutverkið ekki bara gleði og göngutúrar

***Nýbakaðir foreldrar eiga oft erfitt með að aðlagast nýju hlutverki. Guðrún Ösp Theodórsdóttir og Tinna Halldórsdóttir fjölluðu um aðlögun að móðurhlutverkinu í BS verkefni sínu í hjúkrunarfræði.***

Líf fólks gjörbreytist við að eignast barn. Staðalímyndin segir okkur að við taki hamingjuríkir dagar og fjölmiðlar birta mynd af hraustri móður sem stundar heilsurækt og félagslíf ásamt því að sinna börnum og eiginmanni. Í raunveruleikanum getur verið erfitt að standa undir þessari ímynd og útskriftarverkefni Tinnu og Guðrúnar úr hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, var fræðileg úttekt á því hvernig konur aðlagast móðurhlutverkinu.

„Við höfum áhuga á líðan mæðra eftir fæðingu en við erum báðar mæður og okkur fannst skorta upplýsingar um þetta efni,“ segir Guðrún. Tinna útskýrir að viðhorf samfélagsins geri óraunhæfar kröfur á hina fullkomnu móður sem gagnrýni sjálfa sig oft hart.

„Það vantar vitundarvakningu fyrir því hvað lífið breytist mikið bæði hjá móðurinni og hjá parinu. Samskipti þess við vini og fjölskylduna breytast og líka kynlífið. Margar konur hafa sjálfar óraunhæfar væntingar til þess hvernig fjölskyldulífið verður eftir fæðinguna, til dæmis til makans, og hlutirnir verða ekki alveg eins og hún vildi,“ segir Tinna.

Guðrún segir margar mæður tala um að erfiðleikar við að aðlagast nýju hlutverki sé eins og leyndarmál sem enginn tali um. „Konan upplifir tilfinningar sem hún kannski bjóst ekki við að vera með, jafnvel reiði og alls ekki eintóma gleði og göngutúra með barnið. Hún er þó ekki endilega þunglynd þó hún upplifi ekki þessa staðalímyndar-steríótýpu sem sýnd er í fjölmiðlum en hún getur átt í erfiðleikum með að aðlagast móðurhlutverkinu og verið vansæl og það er mjög algengt,“ segir Guðrún.

„Það eru svo margir sem viðurkenna ekki tilfinningar sínar sem eru þó alveg eðlilegar,“ bætir Tinna við. „Fólk þarf að vita að til dæmis er eðlilegt að lenda í vandræðum með kynlífið eftir fæðinguna og það þarf að vera viðbúið þessum erfiðleikum.“

Tinna segir þær hafa séð við rannsóknarvinnuna að það sem hjálpaði við aðlögun að móðurhlutverki var stuðningur frá maka og móður hinnar nýbökuðu en konur litu oftast til sinna eigin mæðra eftir aðstoð.

„Það sem stóð hins vegar í vegi fyrir aðlöguninni var slæm tengslamyndun við barnið, upplifunin á fæðingunni sjálfri og svo lélegur stuðningur,“ segir Guðrún. „Við unnum með gögn frá ýmsum löndum og fólk er að upplifa sömu tilfinningar svo þetta er sammannlegt að eiga erfitt með breytingar.“

Tinna og Guðrún sjá fyrir sér að koma efni ritgerðarinnar á fræðsluform í framtíðinni jafnvel eins konar handbók sem nýbakaðir foreldrar fái með sér heim af fæðingardeildinni.

„Það er okkar von að það verði vitundarvakning í samfélaginu og fólk sýni þessari aðlögun að móðurhlutverkinu skilning og að þetta verði eðlilegur hluti af eftirliti eftir fæðingu rétt eins og ungbarnaeftirlitið,“

heida@frettabladid.is

„Aldrei verið hressari!“
Original Arctic Root
Ein vinsælasta lækningajurt heims
Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.
Vinnur gegn streitu og álagi
Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.
Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005
Fæst í apótekum og heilsubúðum.
Original Arctic Extract
heilsa –hafðu það gott



**Hanskar** halda hita á fingrum auk þess sem þeir gera mann að algjörri dömu á svipstundu. Ekki er verra ef veski, hálsklútur eða skór eru í sama lit og hanskarnir.

# Gæðavörur fyrir gyðjur

**Til sölu vegna flutninga erlendis!** Stórt endaraðhús á 3 hæðum ásamt bískúr samt. 220,5 fm með möguleika á aukaíbúð. 3 herb., 2 stofur, stórt eldhús, baðh. og gesta-snyrting. Þv.hús og geymsla ásamt bílskúr sem hægt er að breyta í íbúð. Góð verönd með heitum potti, stórar svalir, hellulagt upphitað bílaplan. **Eignin býður upp á mikla möguleika og getur verið laus 1. apríl n.k. Verð 43,9 millj.**

***Fjalar og Helga taka vel á móti gestum.***
***Teikningar á staðnum.***

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI



## Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Eignarhluti gerðarþola í Grímsstöðum 2, landnr. 153562, 660 Mývatn, þingl. eig. Kjartan Þ. Sigurðsson, gerðarbeiðandi Sparisjóður Suður-Þingeyinga, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, fnr. 154119, Keldu-neshreppi, Norðurþing, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Garðarsbraut 44, fnr. 215-2620, 640 Húsavík, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson, gerðarbeiðendur Árdegi hf, Iðnmark ehf, Innes ehf, Olíuverslun Íslands hf. og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Höfðabrekka 20, fnr. 215-2973, 640 Húsavík, þingl. eig. Jónas Guðmundsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Norður-þing og Tollstjóraembættið, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Langholt 8, 216-7835, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Jórunn Gréta Davíðsdóttir, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Mararbraut 19, fnr. 215-3195, 640 Húsavík, þingl. eig. Þorvaldur Birgir Arnarsson og Eymundur Arilíus Gunnarsson, gerðarbeiðendur Glitnir banki hf. og Íbúðalánasjóður, mánu-daginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Sindri ÞH-400, skrn. 0102, ásamt veiðiheimildum, veiða-færum og öðru sem tilheyrir skipinu, þingl. eig. Ásafell ehf, gerðarbeiðendur Atlantsolía ehf. og Tollstjóraembættið, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Steinholt, fnr. 222-0426, Reykjahverfi, 641 Norðurþing, þingl. eig. Egill Hjartarson, gerðarbeiðandi Árný Ósk Hauksdóttir, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Vesturvegur 7, fnr. 216-7953, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Sum-arrós Kristín Jóhannsdóttir , gerðarbeiðendur Leifur Árnason og Sparisjóður R-víkur og nágr. útibú, mánudaginn 10. mars 2008, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
3. mars 2008.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.832 **-1,12%**

**Fjöldi viðskipta:** 433
**Velta:** 5.935 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| ATLANTIC PETROL. | 4,63% |
| EIK BANKI | 2,97% |
| SPRON | 2,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,08 -0,98% ... Bakkavör 40,20 -1,11% ... Eimskipafélagið 29,20 -2,34% ... Exista 11,90 -1,25% ... FL Group 9,30 -1,59% ... Glitnir 16,80 -0,89% ... Icelandair 25,00 -0,79% ... Kaupþing 726,00 -0,68% ... Landsbankinn 26,40 -1,49% ... Marel 90,10 -0,99% ... SPRON 5,29 -2,40% ... Straumur-Burðarás 11,53 -2,04% ... Teymi 5,13 -1,35% ... Össur 92,50 -0,22%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Slóvenar hættu við

Slóvensk yfirvöld höfnuðu 120 milljarða tilboði Skipta í slóvenska landsímann og hafa hætt við sölu að sinni.


BRYNJÓLFUR BJARNASON

Til stóð að selja tæplega helmingshlut í Telekom Slovenije, en einkavæðingarnefnd Slóveníu tilkynnti í gær að ekkert yrði af sölu að sinni.

Skipti, móðurfélag Símans, voru annar tveggja bjóðenda.

Einkavæðingarnefndin bauð Skiptum og keppinaut þeirra, Bain Capital, Axos Capital og BT, sem áttu sameiginlegt tilboð, að senda sér endurskoðuð tilboð á föstudag.

Eftir því sem næst verður komist endurskoðuðu báðir tilboð sín. Slóvenska einkavæðingarnefndin sagði hins vegar að tilboðin hefðu ekki verið fullnægjandi.

Við einkavæðingu Landsímans árið 2005, var meðal skilyrða að fyrirtækið yrði sett á almennan hlutabréfamarkað, eigi síðar en um síðustu áramót. Fjármálaráðherra heimilaði að því yrði frestað vegna tilboðsins í Slóveníu.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, segir að skráning Skipta í Kauphöll sé vel á veg komin og stefnt sé að henni í þessum mánuði. - ikh

## Svissneskur franki væri góður kostur

Það gæti verið góður kostur fyrir Íslendinga að taka upp svissneskan franka, að mati Sigurðar Kára Kristjánssonar alþingismanns. „Ég hef reyndar verið hrifinn af því að taka upp annan gjaldmiðil eða skoða þá leið," sagði Sigurður Kári í viðtali við Markaðinn í þættinum „Í lok dags" á Vísi.is í gær. „Það eru fleiri gjaldmiðlar til í heiminum heldur en evran. Ég nefni sem dæmi svissneskan franka. Það er sterkur gjaldmiðill sem sveiflast í takt við evruna og gæti verið valkostur," bætti Sigurður Kári við.


SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Þá sagði Sigurður Kári að ríki og sveitarfélög þyrftu að líta í eigin barm og draga úr kostnaði núna þegar slaki væri kominn á efnahagslífið og fyrirséð væri að tekjur ríkisins myndu dragast saman. „Ég veit að það er ekki vinsælt en þetta þarf að gera. Ríkið er ekkert öðruvísi en heimilin. Það getur ekki eytt um efni fram," sagði hann. Þá benti Sigurður Kári á að nauðsynlegt væri að stjórnvöld lækkuðu álögur á fyrirtæki til að örva hagkerfið og rétta af niðursveifluna. - ss

## Vilja ekki selja

Stjórnendur Close Brothers, elsta fjármálafyrirtækis Bretlands, hafa ákveðið að taka hann úr söluferli þar sem fullnægjandi tilboð hafi ekki borist í hann.

Landsbankinn bauð 950 pens á hlut í bankann ásamt verðbréfafyrirtækinu Cenkos Securities. Stefnt var á að skipta honum upp á milli kaupenda. Viðræður munu hafa verið komnar langt á veg þegar ákveðið var að draga tilboðið til baka í enda janúar. Bandaríski fjárfestingarrisinn Blackstone og japanski kollegi þeirra hjá Orix drógu tilboð sín til baka á fimmtudag. - jab

## Greiða 90 milljónir til ríkisins

Íslandspóstur hagnaðist um 230 milljónir króna á síðasta ári sem var um tíu milljónum króna minni hagnaður en árið 2006. Hagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði var 563 milljónir króna.

Fram kemur í tilkynningu frá félaginu að heildartekjur þess hafi aukist um 11 prósent á milli ára og námu þær 6,3 milljörðum í fyrra. Heildareignir voru 4,3 milljarðar króna í árslok 2007 og nam eigið fé 2,6 milljörðum króna.

Félagið greiddi 90 milljónir króna í arð til ríkissjóðs á árinu.








Enn stækkar Iðnaðargeirinn með skráningu Morphic Technologies

Við bjóðum Morphic Technologies velkomið í Nordic Exchange. Morphic Technologies er ört vaxandi sænsk iðnaðarsamstæða með áherslu á endurnýtanlega orkugjafa svo sem efnarafala, vind- og vatnsafl. Morphic Technologies verður skráð í Nordic Exchange í Stokkhólmi þann 4. mars. Morphic Technologies flokkast sem meðalstórt félag og tilheyrir Iðnaðargeira.




















omxgroup.com/nordicexchange

†



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug vegna andláts*

**Arnóru Friðrikku Salóme Guðjónsdóttir**

síðast til heimilis að Sléttuvegi 13 Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Skjóli 3. hæð.

| | |
|---|---|
| **Eiríkur Valdimarsson** | |
| **Arnfríður H. Valdimarsdóttir** | **Ólafur Árnason** |
| **Magnúsína G. Valdimarsdóttir** | **Þór G. Þórarinsson** |
| **Sigurjóna Valdimarsdóttir** | **Kristjón Sigurðsson** |
| **Arnór V. Valdimarsson** | **Guðlaug Jónsdóttir** |
| **Páll G. Valdimarsson** | **Soffía Gísladóttir** |
| **Sigurborg Valdimarsdóttir** | **Jón Egilsson** |
| **Guðjón Valdimarsson** | **Ólafía G. Einarsdóttir** |

**og aðrir aðstandendur.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar J. Pálssonar**

Gullsmára 7, Kópavogi.

**Salbjörg Matthíasdóttir**

| | |
|---|---|
| **Páll Hermann Guðmundsson** | **Monica Guðmundsson** |
| **Jón Guðmundsson** | **Ágústa Karlsdóttir** |
| **Sólfríður Guðmundsdóttir** | |
| **Guðmundur Þór Guðmundsson** | **Steinunn Fjóla Ólafsdóttir** |
| **Svanhvít Guðmundsdóttir** | **Kjartan Harðarson** |
| **Matthías Guðmundsson** | **Ólöf Sveinsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**J. Sigurður Gunnsteinsson**

fyrrverandi starfsmaður Loftleiða/Flugleiða,

lést á heimili sínu, Vogatungu 45 Kópavogi, laugardaginn 1. mars.

**Margrét Anna Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Gunnsteinn Sigurðsson** | **Dýrleif Egilsdóttir** |
| **Þorgerður Ester Sigurðardóttir** | **Einar Ólafsson** |
| **Jón Grétar Sigurðsson** | **Sveinbjörg Eggertsdóttir** |
| **Anna Sigríður Sigurðardóttir** | **Guðni Einarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Kristín Erlendsdóttir**

Háaleitisbraut 36, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 7. mars. kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Margrét Guðjónsdóttir** | |
| **Ingunn Kristín Guðjónsdóttir** | |
| **Guðrún Guðjónsdóttir** | **Björn Stefánsson** |
| **Guðjón Erlendur Guðjónsson** | **Freyja Sverrisdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**SIGURÐUR BREIÐFJÖRÐ RÍMNASKÁLD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1798**

*„Hamingjan býr í hjarta manns, höpp eru ytri gæði."*

***Sigurður kynntist skáldskap í Danmörku þar sem hann var við nám. Hann orti geysimikið um ævina, einkum rímur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. MARS ÁRIÐ 1980

## *Mugabe verður forsætisráðherra*

Þennan dag árið 1980 vann Robert Mugabe stórsigur í þingkosningum í Zimbabwe.



Mugabe er umdeildur maður. Hann lét fyrst að sér kveða í Lýðræðisflokknum árið 1960. Síðar færði hann sig yfir í flokk sem kallaðist Zimbabwe Afríkuráðið (Zanu), sem stofnaður var árið 1963, og stundaði skæruliðahernað gegn hvíta minnihlutanum sem réði ríkjum í Rhodesíu (eins og Zimbabwe var kallað áður).

Mugabe var handtekinn árið 1964 og dæmdur í tíu ára fangelsi. Á meðan hann sat bak við lás og slá lagði hann stund á lögfræði og stjórnun. Hann er með BS-gráðu í hagfræði frá University of London og fimm aðrar háskólagráður í stjórnun frá Háskólanum í Suður-Afríku. Úr fangelsinu stýrði hann einni deild innan Zanu og þannig barst hróður hann víða.

Þegar út var komið hélt Mugabe baráttunni áfram. Hann bauð sig svo fram fyrir Zanu í kosningunum árið 1980. Margir telja að kosningarnar hafi verið ein stór svikamylla. Samkvæmt opinberum tölum fékk Zanu 57 af 80 þingsætum og var Mugabe gerður að forsætisráðherra. Hann hefur gegnt forsetaembættinu í Zimbabwe frá 1987 og er enn afar umdeildur.



Elísabet Bjarklind Þórisdóttir hefur verið framkvæmdastjóri Gerðubergs frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERG:** TUTTUGU OG FIMM ÁRA AFMÆLI

# Fyrir unga jafnt sem aldna

Menningarmiðstöðin Gerðuberg fagnar 25 ára afmæli sínu í dag. Elísabet Bjarklind Þórisdóttir hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi og átt veigamikinn þátt í því að móta starfið. Hún segist í fyrstu hafa byggt miðstöðina upp á eigin hugmyndum enda var engin fyrirmynd til.

„Hugmyndin var að leggja jafna áherslu á starf fyrir alla aldurshópa og hefur það einkennt menningarmiðstöðina í gegnum árin. Við höfum gert mikið með börnum og fyrir börn en ekki síður sinnt þeim sem hafa lagt grunninn að því góða samfélagi sem við búum í með vinnuframlagi sínu og menningu. Svo beinum við að sjálfsögðu sjónum að þeim sem rísa hæst hverju sinni í ritlist, myndlist og sjónlist," segir Elísabet og rifjar upp söguna:

„Við einbeittum okkur mikið að tónlist fyrstu árin en þá var Jónas Ingimundarson okkar helsti tónlistarráðgjafi og samverkamaður. Gerðuberg gaf út fjölda geisladiska með einsöngslögum sem hljóma enn nánast daglega á öldum ljósvakans."

Elísabet nefnir einnig listasmiðjurnar Gagn og gaman sem voru starfræktar í ein sautján ár. Þær voru hugsaðar sem mótvægi við þau keppnisnámskeið og þær íþróttir sem boðið var upp á fyrir börn í borginni. Í listasmiðjunum kepptu börnin bara við sig sjálf og fengu frekar leiðsögn en kennslu. Myndlistarmenn voru svo fengnir til að velja myndir af námskeiðunum og úr varð eina myndlistarsafn eftir börn á landinu, en í því eru hátt í þúsund myndir. „Við höfum lagt mikla vinnu í að merkja og skrásetja myndirnar og í september verður haldin sýning með verkunum í Ráðhúsinu," segir Elísabet. Sýningin mun svo fara víðar enda er markmiðið að vekja athygli á því hversu skapandi börn eru.

Um þessar mundir stendur yfir sýning sem ber heitið Hið breiða holt en Elísabet segir starfsfólk Gerðubergs lengi hafa gengið með þá sýningu í maganum.

„Við fengum unglinga til að mynda einhvern nákominn sem var kominn yfir 67 ára aldurinn og sú manneskja myndaði síðan unglinginn. Báðir aðilar fengu smá kennslu í ljósmyndun og síðan var tekin mynd af þeim saman. Myndirnar eru síðan settar upp saman og erum við afskaplega ánægð með útkomuna." segir Elísabet og bætir við að markmið Gerðubergs sé að vera uppbyggjandi, fræðandi, leiðandi á sínu sviði sviði og skemmtilegt. „Við höfum verið óhrædd við að fara ótroðnar slóðir og erum stundum á jaðrinum. Við höfum lagt áherslu á að starfa þar sem okkur finnst eitthvað vanta í litrófið og hjálpað fólki að láta hugmyndir og drauma rætast," segir hún.

Á afmælisárinu verða margvíslegar uppákomur í Gerðubergi en í dag verða opnaðar tvær sýningar. Annars vegar er það sýningin Stefnumót við safnara III: Hljómfagurt stefnumót við tónlistarfólk og hljóðfæraleikara og hins vegar Vatnslitastemmningar Maríu Loftsdóttur alþýðulistakonu frá ferðalögum vítt og breitt um heiminn.

**vera@frettabladid.is**

†



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Rögnvaldur Ó. Johnsen**

Háteigsvegi 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. mars kl. 15.00.

**Dóra Johnsen**

| | |
|---|---|
| **Ástríður Johnsen** | |
| **Gunnar V. Johnsen** | **Bergþóra Sigmundsdóttir** |
| **Guðni Ingi Johnsen** | **Helga Sæmundsdóttir** |
| **Inga Dóra Sigvaldadóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir, frænka og fyrrum eiginkona,*

**Hafdís Þórarinsdóttir**

sjúkraliði á Akureyri,

er látin. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Þórdís Brynjólfsdóttir** | |
| **Þórarinn Jakob Þórisson** | **Maren Óla Hjaltadóttir** |
| **Hanna Bryndís Þórisdóttir** | **Gunnar Jón Eysteinsson** |
| **Brynjar Davíðsson** | **Gréta Björk Halldórsdóttir** |
| **Sigurður Heiðar Davíðsson** | **Sylvía Dögg Tómasdóttir** |
| **Dröfn Þórarinsdóttir** | |

**barnabörn og aðrir aðstandendur**
**Davíð Hauksson**

# Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

**Alla daga til 9. mars**
**Opið 10–18**




áður ~~2.690~~
nú 1.290




áður ~~4.490~~
nú 1.990




áður ~~2.990~~
nú 990




áður ~~4.480~~
nú 1.490




áður ~~5.980~~
nú 1.290




áður ~~5.990~~
nú 1.290




áður ~~4.490~~
nú 1.990




áður ~~4.490~~
nú 1.990

**Stóri bókamarkaðurinn er í Perlunni!**

**Frábært úrval. Ótrúlegt verð. Yfir 10.000 titlar.**
**Allt að 90% afsláttur!**

**Rétta bókin bíður þín hjá okkur.**

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN PERLUNNI

*Nýir titlar daglega!*

365

# AÐALFUNDUR 365 HF

Aðalfundur 365 hf. verður haldinn á
Hilton Reykjavík Nordica,
þriðjud. 11. mars 2008, kl. 14.00

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og hvernig fara skuli með hagnað eða tap.
4. Breytingar á samþykktum félagsins:
   - Tillaga um að endurnýjuð sé heimild til stjórnar að hækka hlutafé vegna kaupréttarsamninga.
   - Tillaga um að endurnýjuð sé heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum sbr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.
   - Tillaga um heimild til stjórnar að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 1.500.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta, sbr. tilkynningu til Kauphallar þann 7. febrúar 2008.
   - Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um að boða skuli fjölmiðla á aðalfundi félagsins.
5. Starfskjarastefna félagsins.
6. Kjör stjórnar til eins árs.
7. Kosning endurskoðanda fyrir næsta starfsár.
8. Þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál, sem eru löglega borin fram.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu vera aðgengilegar á skrifstofu 365 hf. eigi síðar en 7. mars.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn sem ekki hafa þegar verið afhent, verða afhent á fundarstað við upphaf fundarins.

**Stjórn 365 hf.**

## STUÐ MILLI STRÍÐA Af fágun og fínhreyfingum

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ER POLLABLAUTA, AUGNHÁRALAUSA STELPAN



Ég hef nokkrum sinnum á ævinni fengið að heyra það að ég sé afskaplega dömuleg og fáguð í fasi. Þetta eru einnig þau skipti á ævinni sem ég hef hlegið hvað mest. Það er mér auðvitað ekki á móti skapi að fólki skipi mér í flokk með Díönu prinsessu, Dorrit og fleiri fáguðum konum en fátt gæti verið fjarri sannleikanum.

Það er alvitað í minni nánustu fjölskyldu að það hafa einhverjar stökkbreytingar átt sér stað á fínhreyfingagenunum sem féllu mér í skaut. Karlkyns fjölskyldumeðlimir þurfa varla meira en að strjúka yfir flóknustu víravirki til að þau fari að hegða sér rétt, og geta leyst úr sautján flæktum hálsfestum með því að horfa á þær. Ekki ég. Í mínum huga fellur það undir fínhreyfingar að komast niður hálar tröppur á mannbroddum með ísöxi án þess að detta.

Á síðustu dögum í lífi mínu er þetta á meðal þess sem ég hef afrekað: Vaknað á morgnana og uppgötvað dularfulla gulfjólusvarbláa marbletti á kálfunum, sem ég hef ekki hugmynd um hvaðan eru sprottnir. Gengið á ruslapoka og hitt akkúrat á hornið á einu bókinni í pokanum, og þannig fengið skurð eftir endilangri ristinni sem grær bara ekki. Sest ofan í poll á einum af skemmtistöðum borgarinnar, í nýhreinsuðum silkikjól. Klippt af mér augnhárin þegar ég dirfðist að storka örlögunum og ætlaði að lagfæra toppinn á mér aðeins. Hellt kaffi yfir öll föt sem ég hef klæðst síðasta mánuðinn. Hellt kaffi yfir símann minn. Hellt kaffi yfir skrifblokkina mína.

Það sorglega er að ég er ekki að ljúga neinu. Þetta hefur allt gerst, og í gegnum tíðina margt verra, eins og þegar ég fékk innihaldið úr heilum bjórkút í augað. Þessi misskilningur leiðréttist sem sagt hér með. Ég er ekki fáguð og hef fínhreyfingar á við trylltan fíl. Þið megið samt alveg halda áfram í ranghugmyndunum, þá get ég fengið að ímynda mér að ég sé ekki pollablauta augnháralausa stelpan svona af og til. Það er ágætt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






GARÐAR THÓR ER FYRSTI ÍSLENDINGURINN SEM TILNEFNDUR HEFUR VERIÐ TIL CLASSICAL BRIT AWARDS
BELIEVER MUSIC ER EINA INDEPENDENT ÚTGÁFAN Í BRETLANDI SEM Á TILNEFNDA PLÖTU Í FLOKKNUM PLATA ÁRSINS
BELIEVER MUSIC ER Í EIGU ÍSLENSKRA FJÁRFESTA OG ATHAFNAMANNA SEM TRÚA Á GARÐAR THÓR

CLASSICAL BRIT AWARDS · LEXUS The pursuit of perfection · Ermenegildo Zegna · TONVIS · believer · FL GROUP

**!** **Sýningarlok**

*Nú fer hver að verða síðastur að sjá sýningar þeirra Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur, „Í forsal vinda,“ og Christinu Gartner, „Það sem lifir,“ í StartArt listamannahúsi, Laugavegi 12b. Sýningunum lýkur báðum á morgun og nýir listamenn taka við sýningarrýminu á fimmtudag.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ævintýri á háskólatónleikum

Hádegistónleikar á vegum Háskóla Íslands, háskólatónleikaröðin svokallaða, halda áfram á morgun í Norræna húsinu, en þá koma fram þær Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari og Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari og leika tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson, Robert Schumann og Henri Dutilleux.

Kristín Mjöll Jakobsdóttir nam fyrst við Tónlistarskólann í Reykjavík en lauk meistaraprófi frá Yale School of Music vorið 1989. Enn fremur stundaði hún nám við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam og í Cincinnati í Ohio. Kristín lék með Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong veturinn 1991-92 og var búsett þar til 1998. Hún hefur síðan leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, í Íslensku óperunni og með ýmsum kammerhópum. Hún stofnaði blásaraoktettinn Hnúkaþey og fagottkvartettinn Fagotterí. Kristín Mjöll starfar jafnframt við kennslu auk þess að stýra ýmsum verkefnum í íslensku tónlistarlífi.

Sólveig Anna Jónsdóttir stundaði píanónám við Tónlistarskólann á Akureyri, Tónlistarskólann í Reykjavík og University of Houston í Texas. Meðal kennara hennar voru Philip Jenkins, Halldór Haraldsson og Nancy Weems. Sólveig Anna hefur lengst af haft píanókennslu og meðleik með nemendum að aðalstarfi, nú í Tónlistarskóla Kópavogs þar sem hún er einnig deildarstjóri píanódeildar. Hún hefur auk þess starfað með einsöngvurum og kórum, einleikurum og kammerhópum og komið fram á tónleikum hérlendis og erlendis.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.30 á morgun. Aðgangseyrir er 1.000 kr. Aldraðir og öryrkjar fá þó 500 kr. afslátt en aðgangur er ókeypis fyrir nema Háskóla Íslands.



**ATLI HEIMIR SVEINSSON** Fluttur verður þáttur úr ballettinum Dimmalimm eftir Atla.






# Dagskrá helguð Robbe-Grillet



**ALAIN ROBBE-GRILLET** Merkur rithöfundur, kvikmyndagerðarmaður og landbúnaðarverkfræðingur.

Menningarstofnunin Alliance francaise stendur fyrir sérstakri kvöldstund til minningar um franska rithöfundinn og kvikmyndagerðarmanninn Alain Robbe-Grillet, einn merkasta rithöfund og kvikmyndagerðarmann 20. aldarinnar, en hann lést 18. febrúar síðastliðinn.

Þeir Thor Vilhjálmsson rithöfundur og Torfi Tulinius prófessor við Háskóla Íslands munu fjalla um Alain Robbe-Grillet og segja frá persónulegum kynnum sínum af honum, en hann kom meðal annars nokkrum sinnum til Íslands. Auk þess verður sýndur hluti heimildarmyndar um Robbe-Grillet sem kvikmyndagerðarmaðurinn Ari Alexander vinnur að um þessar mundir. Erindi kvöldsins verða flutt ýmist á íslensku eða frönsku.

Dagskráin hefst kl. 20.30 annað kvöld í húsakynnum Alliance francaise, Tryggvagötu 8. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

- vþ






# Verk Hafliða á disk

**Hafliði Hallgrímsson tónskáld á þrjú verk á nýjum diskk sem útgáfan Delphian í Edinborg hefur gefið út. Þar leika Fidelio-tríóið og Matthew Jones verk Hafliða: Umbreytingar (opus 16 frá 1993), Sjö epigrömm (opus 23 frá 1999) og Brot úr dagbók (opus 33 frá 2005). Hafliði hefur lengi verið búsettur í Edinborg. Verkin fá jákvæða umsögn í menningarriti Sunday Times hinn 24. febrúar.**



**HAFLIÐI HALLGRÍMSSON**

**Brot úr dagbók varð til eftir heimsókn tónskáldsins í Safn Önnu Frank í Amsterdam og eru hugleiðingarnar fimmtán samdar fyrir selló og fluttar af Matthew Jones. Epigrömmin eru með rússneskum blæ enda helguð ljóðskáldum Sovéttímans í Rússlandi, Pasternak og Mandelstam. Segir gagnrýnandi Umbreytingar fallega tónlist en**

# Björk á Englandi

Asíutúr Bjarkar lauk á sunnudagskvöld í Shanghai og nú stefnir frúin á Evrópu með prógrammið sitt af Voltu. Á tímabilinu 11. apríl til 4. maí spilar hún með félögum sínum á Bretlandi; í Manchester, London, Plymouth, Wolverhampton, Belfast, Blackpool og Sheffield. Uppselt er á langflesta tónleika hennar á Bretlandi en hún mun fara um Evrópu í sumar og halda áfram tónleikahaldi.



**TÓNLIST** Björk byrjar ferðalag sitt á Englandi.

# Merk saga myndfjala


**ÞÓR MAGNÚSSON** Fyrrverandi þjóðminjavörður eys úr viskubrunnum sínum í dag.

Þjóðminjasafnið býður upp á áhugaverða framsögu kl. 12.05 í dag. Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, rekur þá varðveislusögu sérstæðra útskorinna myndfjala sem eru til sýnis í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Talið er að fjalirnar séu úr dómsdagsmynd sem prýddi vesturvegg Hóladómkirkju á 12. öld.

Fjalirnar eru oftast kenndar við bæinn Bjarnastaðahlíð í Skagafirði en þaðan komu þær til Þjóðminjasafnsins árið 1924. Að Bjarnastaðahlíð höfðu þær komið frá bænum Flatatungu og þangað höfðu ýmsir fræðimenn gert sér ferð á 19. öld til að skoða þær.

Þegar fjalirnar komu til Þjóðminjasafnsins voru þær orðnar mjög fúnar. Engin þeirra er í upphaflegri lengd, sumar eru aðeins smástúfar nú, en nokkrar halda upphaflegri breidd. Allar voru þær notaðar sem húsaviður og hefur það eflaust bjargað þeim frá glötum. - vþ

# Lumar þú á hringitóni?



Útvarpsþátturinn uppátækjasami, Hlaupanótan, sem er á dagskrá Rásar 1 alla virka daga, efnir til hringitónakeppni í samstarfi við símfyrirtækið Vodafone. Óskað er eftir frumsömdum hringitónum af öllum stærðum og gerðum, hljóðum og óhljóðum. Þó er skilyrði fyrir þátttöku í keppninni að hringitónninn sé eigið höfundarverk þátttakandans, en ekki „fenginn að láni“.

Hægt verður að senda inn tóna til 19. mars næstkomandi á netfangið hlaupanotan@ruv.is eða á geisladisk merktum Hlaupanótunni, Rás 1, Efstaleiti 1, 150 Reykjavík. Verðlaunin fyrir hringitóna sem þykja skara fram úr eru tónlistarsímar og inneign í tónlistarverslun Vodafone.

Að auki verður úrval innsendra hringitóna leikið í Hlaupanótunni í apríl og fáanlegt á síðu Vodafone.

Því er núna lag fyrir tónelska tæknirirði að galdra nokkra hringitóna fram úr erminni og taka þátt í þessarri skemmtilegu keppni. - vþ


**ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR OG MIREYA SAMPER** Tvær þeirra listakvenna sem taka þátt í dagskrá í Salnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Samtal milli listgreina

**Kvikhljóð er yfirskrift fremur óvenjulegra tónleika sem fara fram í Tíbrá, tónleikaröð Salarins, í kvöld. Þar koma fram tónskáldið og flautuleikarinn Þuríður Jónsdóttir, fiðluleikarinn Una Sveinbjarnardóttir og kontrabassaleikarinn Borgar Magnason, ásamt verkum myndlistarkvennanna Bjarkar Viggósdóttur, Ólafar Nordal, Mireyu Samper og Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur.**

Þær Ólöf, Björk og Ásdís leggja til hver sitt myndbandsverk við tónlist eftir Þuríði. Þá verður frumflutt verk Þuríðar sem nefnist „Leiksýning um veruleikann þegar fellur út í birtingu“ sem Mireya Samper hefur gert leikmynd fyrir.

„Við Ólöf þekkjumst vel og höfðum átt gott samstarf að verkinu Selmær,“ segir Þuríður, spurð um tilurð þessara sérstöku tónleika. „Þannig varð til sú hugmynd að vinna með fleiri myndlistarmönnum að sköpun tón- og myndverka. Ég hafði því samband við hinar myndlistarkonurnar, sem eru allar að gera spennandi hluti á sínu sviði, og úr varð þessi viðburður.“

Þuríður telur tónleikana vel til þess fallna að vekja athygli á nútímatónlist. „Fólk virðist hafa meiri áhuga á að sækja klassíska tónleika og nútímatónlistin verður svolítið útundan. Með því að tvinna saman listgreinar á þennan hátt náum við vonandi að fanga athygli stærri hóps en ella.“

Á tónleikunum verður ekki einungis leikin tónlist eftir Þuríði heldur eru líka á efnisskránni þrjú verk eftir Salvatore Sciarrino, sem er líklega þekktasta núlifandi tónskáld Ítala. „Ef tekið er tillit til þess hve stórt nafn hann er innan nútímatónlistarheimsins er merkilegt hversu sjaldan verk hans eru leikin hér á landi,“ segir Þuríður. „Hann er að mestu leyti sjálfmenntað tónskáld og hálfgerður endurreisnarmaður, afar fróður um ótrúlegustu hluti. Hann hefur mikið unnið með hljóðfæraleikurum að því að skapa nýja tækni og nýjan tónheim fyrir hljóðfærin þeirra. Form verka hans er oft æði sérstakt og hefur fólk gjarnan kallað þau tónskúlptúra enda stundum erfitt að fella þau í hefðbundna tónverkabása.“

Þrátt fyrir að tónskáldin tvö komi úr ólíkum áttum segir Þuríður verk Sciarrinos falla vel að dagskrá kvöldsins. „Ég bjó á Ítalíu í sextán ár við nám og störf og er því undir nokkrum áhrifum frá þarlendu tónlistarlífi og þá að sjálfsögðu Sciarrino líka. Tónlist hans passar því vel saman við annað sem í boði verður í kvöld.“

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðaverð 2.000 kr. vigdis@frettabladid.is






**Þitt atkvæði skiptir máli**

*Taktu afstöðu!!!*

EFLING STÉTTARFÉLAG
V.L.F. HLÍF
VSFK
Boðinn



**Munið að atkvæðagreiðslu lýkur á hádegi 10. mars**

SKÓLAHREYSTI

Vinningshafar síðustu viku



Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

Ekki missa af Skólahreysti kl. 20.00 á Skjá einum. Hver sigrar í kvöld?

MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is

Aðalstyrktaraðili Skólahreystis


# Fólk

folk@frettabladid.is

*„Á síðasta ári hringdi umboðsmaðurinn minn og sagði „Þér hefur boðist risasamningur. Það er sem andlit Viagra.“ Og ég sagði bara, „Fyrirgefðu, en það er djöfuls móðgun.“*

**SIMON COWELL** TEKUR EKKI HVERJU SEM ER.





*„Að eignast barn er augljóslega skuldbinding til lífstíðar. Ég myndi þurfa að vera algjörlega viss um að ég væri á þannig stað að ég gæti einbeitt mér algjörlega og hellt mér út í það starf að vera mamma einhvers, því það er nógu erfitt að eiga hvolp.“*

**MARIAH CAREY** EINBEITIR SÉR ENN

*„Ég lendi á skrýtnum, klikkuðum strákum. Ég sé fullt af „Avril, gifstu mér!“ skiltum. Ég hef séð aðdáendur sem hafa látið húðflúra andlitið mitt á sig, eða fá sér eins húðflúr og ég. Konur hafa sagt mér að þær hafi skírt dætur sínar í höfuðið á mér.“*

**AVRIL LAVIGNE** STÆRIR SIG AF ÞVÍ AÐ EIGA SKRÝTNARI AÐDÁENDUR EN EIGINMAÐURINN, DERYCK WHIBLEY ÚR SUM 41.



# Vilja milljón fyrir partímyndir

**Lögmaður Ingu Birnu Dungal hefur sent Birtingi kröfu um skaðabætur vegna mynda sem birtust af Ingu Birnu og Tarantino í Séð og heyrt þar sem farið er fram á eina milljón í skaðabætur vegna birtingarinnar.**



**VINKONURNAR INGA BIRNA OG BIRGITTA INGA** Að sögn Eiríks Jónssonar forðast þær ekki sviðsljósið á næturlífinu.

„Ég tel að þetta sé klárt brot á höfundarrétti umbjóðanda míns. Boltinn er hjá Birtingi,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður Ingu Birnu Dungal. Hann hefur sent útgáfufyrirtækinu Birtingi bréf þar sem farið er fram á eina milljón í skaðabætur vegna birtingar mynda sem Séð og heyrt tók af myspace-síðu hennar og birti í blaði sínu. Myndirnar voru af Ingu Birnu og leikstjóranum Quentin Tarantino en Fréttablaðið hefur greint frá málinu að undanförnu. Auk skaðabóta, sem eru vegna brots á sæmdarrétti, einkarétti, ólögmætrar eintakagerðar, birtingar og notkunar á verkum höfundar, er gerð krafa um afsökunarbeiðni. Við bætist krafa um lögmannskostnað samtals 373.500 krónur. Skorað er á Birting að verða við kröfum eigi síðar en 7. mars.

Bréf Vilhjálms er mjög ítarlegt og og ljóst að ekki þarf að gera á því miklar breytingar svo það nýtist sem stefna. Er það með ráðum gert:

„Ef þeir ætla ekki að fallast á þetta verður málið þingfest í þessum mánuði. Það er ekkert flóknara en svo,“ segir Vilhjálmur og telur málið liggja ljóst fyrir.

Ef orðið verður við kröfum Ingu Birnu er ljóst að um einhverjar dýrustu ljósmyndir Íslandssögunnar er að ræða. Reyndar er ekki að heyra á þeim Séð og heyrt-mönnum að líkur séu til þess. Eiríkur Jónsson ritstjóri segir reyndar málið sem slíkt ekki á þeirra könnu heldur lögmanna fyrirtækisins. „Þetta er bara vitleysa. Við erum með öll tölvupóstsamskipti við þessar dömur, drottningar næturlífsins, því til staðfestingar að þetta var allt með fullu samráði.“ Eiríkur segir að ekki þurfi lengi að skoða myndir af skemmtanalífinu til að rekast á myndir af Ingu Birnu og vinkonum. „Þær forðast ekki ljósmyndara þegar þær eru að skemmta sér. Svo hafa þær kveikt á perunni þegar spurðist að News of the World hefði áhuga á myndunum. En það varð aldrei að þær birtust þar. Nú vill Vilhjálmur einhver Hollywoodverð fyrir þessar myndir sem ekkert eru. Hér er verið að snúa veruleikanum á haus.“



**EIRÍKUR** Hér er verið að snúa veruleikanum á haus.

Atli Már Gylfason blaðamaður segist ekki hafa brotist inn á myspace-síðuna umræddu enda það ekki á hans færi. „Hún bauð mér að gerast vinur svo ég gæti nálgast myndirnar í fullri upplausn. Hún á 700 vini á MySpace og allir þeir geta nálgast myndirnar. Við áttum nægar myndir en hún vildi koma tveimur myndum á framfæri en þar lítur hún betur út. Við erum að fá í bakið að hafa unnið þetta í fullu samráði við Ingu Birnu og vinkonur,“ segir Atli Már sem ekki er lengur my-space-vinur Ingu Birnu. „Nei, hún vill ekki vera vinur minn lengur.“

jakob@frettabladid.is

# *Þungarokkarar, ruslakarl, blind söngkona og sjóræningjar*

Þjóðir Evrópu hamast nú við að velja lögin sín í Eurovision og um helgina bættust fjögur lög við. Finnar senda þungarokksbandið Teräsbetoni sem spilar Iron Maiden-legan slagara. Hljómsveitarnafnið þýðir „stálstyrkt steypa“ og hljómsveitin hefur gefið út tvær plötur til þessa og selt vel af í Finnlandi. Bretar senda nauðrakaða blökkumanninn Andy Abraham sem syngur sálarpopplag. Andy vann lengi sem ruslakarl en reis upp úr öskustónni þegar hann tók þátt í X-factor og varð annar. Frá Lettlandi kemur sönghópurinn Pirates of the Sea sem klæðist sjóræningjafötum með króka, leppi og allar græjur og syngur dúndrandi evrópopplag sem mun hljóma kunnuglega fyrir Íslendinga. Viðlagið er „We‘re the hæ hæ hó we‘re the hæ hæ hey“. Fjórða lagið sem bættist við eftir helgina er frá Georgíu. Þaðan kemur blinda söngkonan Diana Gurtskaya sem syngur með kolsvört sólgleraugu enn einn friðarsönginn á ensku: „Peace will come“.



**ÓFRÝNILEGIR Í EUROVISION** Finnska þungarokksbandið Teräsbetoni.

Nú hafa 32 lög verið valin en lögin 11 sem vantar upp á verða kosin á næstu vikum. Síðastir til að velja eru Svíar og Svartfellingar, sem velja sín lög 15. mars.

EUROVISION

**81 DAGAR TIL STEFNU**


ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Ný sending
20% afsláttur
af öllum drögtum
WWW.ZIK-ZAK.IS
Mörkinni - Kópavogi - Grafarvogi - Hafnarfirði - Keflavík - Selfossi - Laugavegi

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DARK FLOORS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 6 - 8 - 10:30 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 8:30 - 10:10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 7 - 10:10 | VIP |
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 8:20 - 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| SWEENEY TODD | kl. 6 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 | 7 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 8 | L |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10:10 | 16 |
| RAMBO | kl. 10:10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | sýnd um helg. | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10 | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR... | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STEP UP 2: THE STREETS | kl. 8 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 10:10 | L |

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




20% afsláttur fyrir Vörðufélaga
Landsbankinn

| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| FLUGDREKAHLAUPARINN | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| 27 DRESSES | kl. 8 og 10.10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| BE KIND REWIND LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | | |
|---|---|---|
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 7 |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| THE KITE RUNNER | kl. 6 - 9 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 5.20 - 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| BE KIND REWIND | kl. 8 - 10 | |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| 27 DRESSES | kl. 6 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR


# Hættir við vegna mengunar

Hljómsveitin Radiohead ætlar ekki að spila á Glastonbury-hátíðinni á Englandi í sumar vegna lélegra almenningssamgangna á hátíðina sem menga umhverfið.

Í grein sem söngvarinn Thom Yorke skrifaði í dagblaðið The Sun segir hann sveitina reyna allt sem hún gæti til að draga úr slæmum áhrifum sínum á umhverfið. „Við erum að reyna að spila aðeins á stöðum þar sem góðar almenningssamgöngur eru til staðar. Þess vegna getum við ekki spilað á Glastonbury í ár,“ skrifaði hann. „Kannski getum við fundið eitthvað út í framtíðinni en þeir eru örugglega orðnir hundleiðir á okkur.“



**THOM YORKE** Forsprakki Radiohead er mikill umhverfisverndunarsinni.

Yorke segist hafa áhyggjur af því að fólk keyri á stórar hátíðir sem þessar þar sem aðeins einn eða tveir séu í hverjum bíl. „Það er algjört umhverfisslys,“ skrifaði Yorke.

Einhverjum þykir afstaða Radiohead til Glastonbury vafalítið skrítin því forsvarsmenn hátíðarinnar þykja mjög meðvitaðir um umhverfismál. Nota þeir endurvinnanlegt rafmagn á svæðinu og sturtur sem eru drifnar áfram af sólarorku. Einnig eru hátíðargestir hvattir til að ferðast þangað saman í rútum.

Yorke virðist vera að breytast í umhverfisverndargúrú því næst ætlar hann að breyta hitunarkerfinu á heimili sínu þannig að hann notist eingöngu við jarðhita. Jafnframt hefur Radiohead keypt tvær tegundir af öllum hljóðfærum svo sveitin þurfi ekki að fljúga með þau út um allan heim og menga þannig umhverfið óþarflega mikið.

# Siggi Lauf skilur ekki Bubba

**Annar þáttur af Bandinu hans Bubba endaði óvænt. Í stað þess að velja annan af þeim tveim keppendum sem lentu í neðstu sætunum sendi Bubbi þá báða heim, Hönnu og erkitöffarann Sigga Lauf. Af honum var við miklu búist í keppninni og hann sagði sjálfur að hann væri eingöngu með til að vinna.**



**ÞAÐ VÆRI ÁGÆTT EF MAÐUR SKILDI BUBBA** Bubbi sendi Sigga Lauf í „Grafhýsi frægðarinnar“.

„Siggi er eflaust fínn strákur en hann er ekki sá sem ég er að leita að,“ skrifar Bubbi á spjallborðið Bubbi.is og bætir við: „Til þess er hann of hræddur við lífið. Það er mat mitt að það að vera töffari er ekki áunnið, heldur er það meðfætt.“

Siggi skellihlær þegar ummæli Bubba eru borin undir hann. „Að ég sé hræddur við lífið? Ha ha, hvílíkt grín! Nei, ég er sko alveg óttalaus og veit nú bara ekki hvað karlinn er að spá. Kannski sér hann einhverja ógn í mér, eða kannski fór það eitthvað fyrir brjóstið á honum þegar ég var að skjóta á hann.“

Siggi segist „bombandi glaður með lífið og tilveruna“ þrátt fyrir að hafa verið hent heim. „Ég viðurkenni það svo sem alveg að ég bjóst ekki við að detta út svona snemma, en samt er ég bara feginn því ég var augljóslega ekki það sem Bubbi er að leita að. Ég átti ekkert heima þarna. En ég skil samt ekki alveg hvers vegna mitt val á KK lagi er eitthvað hallærislegt þegar í sama þættinum var verið að syngja Maístjörnuna, Híddu pabbi og íslenska útgáfu af Bryan Adams.“

Siggi sér ekki eftir neinu en segir samt að sjónvarpsvinna sé ekki sín deild. „Það var fínt að syngja í þessa eina og hálfa mínútu sem það tók, en rosa þreytandi þessi bið þess fyrir utan. Maður var hangandi þarna í einn tvo daga áður en þátturinn byrjaði. Hver vinnur? Tja, fyrst ég er dottinn út þykir mér Arnar „crazy eyes“ líklegur til að taka þetta.“

Pabbi Sigga, trúaði trúbadorinn Guðlaugur Laufdal, fylgdist grannt með gangi mála. „Þeim gamla fannst ég koma flott út úr þessu og fannst það Bubba líkt að geta ekki farið eftir reglunum í sínum eigin þætti.“ Siggi tekur ekki fyrir það að þeir ólíku feðgar geri eitthvað saman í músíkinni – „maður er með það tromp í erminni,“ segir Siggi og hlær. Og það er rífandi fram undan hjá trúbadornum. „Ég er að taka upp nýtt lag núna sem ég set í spilun á næstu dögum.“ Siggi neitar að gefa upp innihald textans en neitar því þó ekki að innihald hans byggi á nýfenginni reynslu af sjónvarpsþáttarþátttöku. Siggi treður svo upp á Áttunni í Hafnarfirði á föstudagskvöldið.

Þegar kóngurinn í hásætinu sendi Hönnu og Sigga heim sagðist hann vera að senda þau í „Grafhýsi frægðarinnar“. Siggi skellihlær enn á ný þegar dularfull dómsorð Bubba eru borin undir hann. „Ég get nú bara ekki svarað þessu því ég hef ekki hugmynd um hvað hann var að meina. Þar sem hann er alltaf að röfla um að íslenskan sé tær sem leikur væri nú ágætt ef hann talaði þannig að maður skildi hvað hann er að meina!“

gunnarh@frettabladid.is




# Segist ekki vera hetja

Harry Bretaprins sneri aftur heim frá Afganistan til Englands á laugardag. Talið er að hann muni ekki taka þátt í hernaðaraðgerðum á erlendri grundu aftur í bráð, en prinsinn sagði við heimkomuna að hann vildi gjarnan snúa aftur.

Hann sagðist jafnframt vera vonsvikinn yfir því að hafa þurft að stytta tíma sinn í Afganistan. „Ég hélt að ég gæti klárað þetta og komið aftur með strákunum okkar. Innst inni finnst mér svo sem ágætt að vera kominn aftur, og ég hlakka til að fara í bað… En nei, ég hefði viljað vera áfram með strákunum,“ segir prinsinn, sem vill ekkert með hetjunafnbótina hafa. „Það voru tveir slasaðir menn sem voru í flugvélinni með okkur á leiðinni heim, og voru eiginlega í móki alla leiðina. Einn hafði misst tvo útlimi – vinstri og hægri handlegg – og annar lifði af því að líkami félaga hans var fyrir honum, en fékk sprengjubrot í hálsinn. Þeir eru hetjurnar,“ segir Harry.

Faðir hans, Karl Bretaprins, kvaðst einnig vera vonsvikinn að Harry hefði ekki getað snúið heim með hersveit sinni, eins og upphaflega hefði verið áætlað. Hann leit þó einnig á björtu hliðarnar. „Eins og þið getið ímyndað ykkur er það mikill léttir hvað mig varðar að fá hann heim í heilu lagi,“ sagði hann við fjölmiðla. „Ég hef verið mjög stoltur af Harry,“ bætti hann við.



**VILDI VERA LENGUR** Harry Bretaprins kveðst vonsvikinn yfir því að hafa þurft að snúa heim á undan áætlun, en hann var fluttur frá Afganistan eftir að fjölmiðlar greindu frá staðsetningu hans þar í landi.

# Sálin í kassagerð

Á mánudaginn næsta, 10. mars, verða liðin tuttugu ár frá því að Sálin hans Jóns míns kom fram í fyrsta skipti. Tímamótanna verður minnst á ýmsan máta og má með sanni segja að nú séu jólin hjá Sálaraðdáendum. Hljómsveitin spilar á stórtónleikum í Laugardalshöllinni föstudagskvöldið 14. mars. Sala hefur gengið frábærlega á tónleikana, samtals hafa nú selst 4300 miðar og eru bara örfáir eftir. Heimasíða sveitarinnar – salinhansjonsmins.is – mun opna eftir umfangsmiklar endurbætur á afmælinu. Síðast en ekki síst koma svo út tveir Sálarkassar þar sem allar útgefnar plötur sveitarinnar verða að finna í bestu hugsanlegu hljómgæðum og í mjúkum pappaumbúðum, ekki ósvipað snið og á nýja Þursakassanum, en frágangur á þeim kassa þykir hafa heppnast glæsilega.

Kassar Sálarinnar heita Vatnaskil 1988-2008, kassi eitt og tvö. Í fyrri kassanum verða sex Sálarplötur - Syngjandi sveittir, Hvar er draumurinn, Sálin hans Jóns míns, Garg, Þessi þungu högg og Sól um nótt – en sjö plötur verða í þeim seinni – 12. ágúst '99, Annar máni, Logandi ljós, Sálin & Sinfó - Vatnið, Undir þínum áhrifum, Sálin & Gospel – Lifandi í Laugardalshöll og svo ný plata, Arg. Sú plata inniheldur öll safnplötulög Sálarinnar frá því að safnplatan Garg kom út árið 1992. Á Arginu verður að finna ellefu lög, þeirra á meðal „Þú fullkomnar mig“ og orginal útgáfuna af „Orginal“.

Með í kassanum verða plötubæklingar með lagatextum og Stefán Hilmarsson rekur sögu hverrar plötu fyrir sig. Þessi veglega kassagerð Sálarinnar stendur nú yfir í verksmiðju erlendis, en stefnt er að því að kassarnir verði komnir út fyrir Laugardalshallartónleikana.

- glh



**KOMNIR AF UNGLINGSALDRINUM** Sálin hans Jóns míns er að verða tvítug.



**VATNASKIL 1988 - 2008** Sálarkassarnir hafa að geyma 13 plötur.

# Jeff Healey látinn

Blindi gítarleikarinn Jeff Healey, sem var þekktur fyrir að spila með gítarinn í kjöltunni, er látinn, 41 árs gamall. Lést hann á sjúkrahúsi í Toronto eftir baráttu við krabbamein.

Healey, sem var kanadískur, var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna 1988 fyrir plötuna See the Light. Seldist hún í einni milljón eintaka í Bandaríkjunum. Hans nýjasta plata, Mess of Blues, er væntanleg í búðir víðsvegar um heiminn á næstu vikum. Á meðal tónlistarmanna sem Healey spilaði með á ferlinum voru BB King, Mark Knopfler og George Harrison.



**JEFF HEALEY** Gítarleikarinn Jeff Healey er látinn, 41 árs gamall. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hin ástralska **Sophie Monk** hefur vísað því á bug að fyrrverandi kærasti hennar, **Benji Madden**, hafi slitið trúlofun þeirra fyrir **Paris Hilton**. Madden og Hilton hafa verið afar náin upp á síðkastið, aðeins örfáum vikum eftir að sambandi Madden og Monk lauk. „Ég skal hafa þetta eins skýrt og ég get, Benji fór ekki frá mér fyrir Paris Hilton,“ segir Monk. „Ég ber engan kala til Benji eða Parisar og er mjög ánægð með lífið eins og það er.“



**Tobey Maguire**, sem hefur verið grænmetisæta í mörg ár, hefur bannað leður í húsinu sínu. Leikarinn biður gesti á heimili sínu í Los Angeles að fjarlægja allt sem gert er úr leðri áður en þeir ganga í bæinn, þar með talið skó, belti og leðurtöskur að andvirði allt að 250 þúsundum króna. Leikarinn segir lyktina af leðri valda honum ógleði.



**Kate Hudson** segist ætla að klæðast eins litlu og hún mögulega getur eins lengi og hún mögulega getur, og þá helst bikiníi. „Ég veit að ég mun ekki vera með þennan líkama að eilífu, því ég myndi vilja eignast annað barn einhvern tíma,“ segir leikkonan. Hún á fjögurra ára gamlan son, **Ryder**, með rokkaranum **Chris Robinson**.



Ofurfyrirsætan **Heidi Klum** vill að Victoria's Secret hanni líka nærföt fyrir karlmenn. Henni finnst ósanngjarnt að einungis konur geti klæðst flottum nærfötum og segir að eiginmaður hennar, **Seal**, myndi fagna slíkri línu. „Boxernærbuxur eru allt í lagi, en margt miklu kynþokkafyllra er til sem má hanna á karlmenn,“ segir hún.



## > Hvar er stigið mitt?

Íslandsmeistarar KR-inga unnu eins stigs sigur á Stjörnunni, 106-105, á föstudag í Iceland Express-deildinni í körfubolta. Jovan Zdravevski átti góðan leik með Stjörnunni gegn sínum gömlu félögum og skoraði 26 stig. Makedóninn segist hafa verið svikinn um eitt stig í leiknum, taldi sig hafa skorað þriggja stiga körfu í fyrri hálfleik sem hann fékk bara tvö stig fyrir. Dómari leiksins gaf merki um þriggja stiga skot en breytti því síðan skömmu síðar. Þegar Jovan horfði aftur á upptöku af leiknum sá hann ekki þegar dómararnir breyttu körfunni í tveggja stiga körfu heldur einungis þegar dómari leiksins gaf merki um þrjú stig. Jovan var augljóslega langt fyrir innan og úrslit leiksins standa; sárt eins stigs tap Stjörnumanna.



**sport**

sport@frettabladid.is

**LOGI GEIRSSON:** LOKSINS LAUS VIÐ MEIÐSLIN OG FER Á KOSTUM ÞESSA DAGANA MEÐ LEMGO

# *Óhætt að segja að ég sé sjóðandi heitur*




Það er heldur betur farið að birta til hjá handboltakappanum Loga Geirssyni. Hann hefur verið mikið meiddur síðustu mánuði, var í engu leikformi á EM en er nú loksins á réttri leið. Hann er búinn að skora 21 mark í síðustu tveimur leikjum, fyrst 10 og síðan 11 sem er það mesta sem hann hefur skorað í þýsku úrvalsdeildinni.

„Ég er loksins orðinn heill heilsu og þá fer þetta að smella. Það er óhætt að segja að ég sé sjóðandi heitur þessa dagana og ég klikka varla á skoti. Það er langt síðan ég hafði svona gaman af þessu. Þarf ekki að eltast við meiðslin og get notið mín á æfingum sem og í leikjum. Það er frábært þegar gengur svona vel og ef ég á að segja eins og er finnst mér ég eiga þetta skilið eftir öll vandræðin sem hafa verið,“ sagði Logi kampakátur við Fréttablaðið í gær.

Undir lok síðasta árs spurðist það út að Lemgo vildi losna við Loga og hann fann fyrir því sjálfur. Hann segir því ljúft að geta svarað almennilega fyrir sig nú á vellinum.

„Ég var einmitt að hugsa um að segja við þá eftir síðasta leik hvort þeir ætluðu ekki að láta mig fara núna,“ sagði Logi léttur. „Ég fékk mikið af fyrirspurnum eftir EM þar sem félögin vissu að ég var lítið að spila með Lemgo. Sá möguleiki var alveg í stöðunni. Félagið sagði aldrei neitt við mig en einhverra hluta vegna voru fyrirspurnirnar orðnar margar og mig grunaði svo sem af hverju það væri. Þess utan voru sífellt fréttir af því að þeir væru að skoða leikmenn í mínar stöður.

Ég sagðist samt alltaf vilja spila á fullu fyrir Lemgo. Þeim fannst ég vera of dýr miðað við hvað ég spilaði lítið vegna meiðsla en ég sagði á móti að það kæmi af því ég væri að gera allt fyrir félagið. Eftir á að hyggja var þetta kannski ágætt fyrir mig. Menn hafa stundum gott af því að fá blauta tusku í andlitið. Mótlætið getur eflt mann mikið og það á við um mig í þessu tilviki,“ sagði Logi ákveðinn en hann segist ætla að gera eitthvað óvænt og brjálað ef hann nær þrem álíka leikjum í röð í viðbót.




**Á SKOTSKÓNUM** Antonio Cassano fagnar einu marki sínu. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalinn Antonio Cassano:

## Henti peysunni í dómarann

**FÓTBOLTI** Vandræðagemlingurinn Antonio Cassano ætlar ekki að breytast. Nú er þessi 25 ára gamli sóknarmaður Sampdoria í vandræðum eftir leik gegn Torino um helgina.

Cassano skoraði eitt marka síns liðs í 2-2 jafntefli en fagnaði með því að sparka niður hornfánann.

Dómarinn Nicola Pierpaoli spjaldaði hann fyrir vikið en svo fékk Cassano annað gult spjald í lok leiksins og missti algjörlega stjórn á sér.

Hann strunsaði út af vellinum, kastaði peysunni sinni í dómarann og kallaði: „Ég bíð eftir þér fyrir utan völlinn,“ eins og versta fótboltabulla. - óój



**ÁHORFANDI** Yao Ming leggur mikla áherslu á að vera með á ÓL í Peking. NORDICPHOTOS/GETTY

NBA-stjarna Kína í aðgerð:

## Yao Ming ætlar að spila á ÓL

**KÖRFUBOLTI Yao Ming ætlar sér að vera orðinn klár fyrir Ólympíuleikana í Peking í haust en hann gekkst í gær undir aðgerð á fæti sem hefur kostað hann tímabilið með Houston Rockets.**

**Yao Ming þarf að hvíla í þrjá til fjóra mánuði eftir aðgerðina. Yao telur að þeir tveir mánuðir sem þá eru eftir séu nóg til að koma sér í form fyrir leikana.**

**Miklar líkur eru taldar á því að þessi 27 ára og 229 cm miðherji muni kveikja Ólympíueldinn á opnunarhátíðinni en hann er einn allra skærasta íþróttastjarna Kína.** - óój

# Hræddur við Benzema

**Fjögur lið geta í kvöld tryggt sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Manchester United fær Lyon í heimsókn og Sir Alex Ferguson hefur miklar áhyggjur af Karim Benzema, framherja Lyon. Arsenal fer til Mílanó.**




**STÓRHÆTTULEGUR** Varnarmenn Manchester United verða að hafa góðar gætur á Karim Benzema, framherja Lyon, í kvöld en hann skoraði frábært mark í fyrri viðureign liðanna. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Búast má við einhverri dramatík í kvöld er fjögur lið geta tryggt sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Flestra augu munu vafalítið beinast að Old Trafford, þar sem Manchester United fær Lyon í heimsókn, og San Siro þar sem Arsenal sækir Evrópumeistara AC Milan heim.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, játar það fúslega að hann óttist hinn tvítuga framherja Lyon, Karim Benzema, en hann skoraði frábært mark í fyrri viðureign liðanna sem endaði með jafntefli, 1-1.

„Benzema spilar einn frammi og er stórhættulegur. Hann sýndi í fyrri leiknum að hann getur skorað úr engu færi og eðlilega hefur maður áhyggjur af slíkum leikmanni. Við þurfum einnig að vara okkur á spyrnum Juninho, sem eru stórhættulegar,“ sagði Ferguson en Jean-Michel Aulas, forseti Lyon, er í smá deilu við stjórann eftir að hann ásakaði Ferguson um að koma Benzema úr jafnvægi með því að lýsa yfir áhuga á að kaupa hann.

„Ég fór til Frakklands og sá leik, fékk mér svo að borða með honum og í kjölfarið fór hann í fjölmiðla og sagði að ég hefði verið að ræða um Benzema við hann. Ég minntist ekki einu orði á Benzema við hann. Mér sýnist hann nú vera í einhverjum leik sem á að vera Lyon til góða,“ sagði Ferguson.

Arsenal á fyrir höndum sitt stærsta verkefni í vetur; að fara til Mílanó og ná að minnsta kosti 1 mark og jafntefli til þess að komast áfram. Fyrri leik liðanna lyktaði með markalausu jafntefli en Emmanuel Adebayor hefði getað tryggt Arsenal sigur í lokin en hann fékk dauðafæri.

„Við settum mikla pressu á þá í síðari hálfleik en þá sá ég Kaladze og Maldini spjalla og hreinlega hlæja. Það segir meira en mörg orð um hversu öruggir þessir gaurar eru með sig,“ sagði Adebayor, sem hefur skorað nítján mörk í úrvalsdeildinni í vetur.



**ÞARF AÐ FINNA SKOTSKÓNA** Það er ljóst að Emmanuel Adebayor og félagar í Arsenal verða að skora á San Siro. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Munurinn á Meistaradeildinni og úrvalsdeildinni er helst sá að ef maður tapar boltanum á eigin vallarhelmingi er alltaf mikil hætta á ferðum í Meistaradeildinni. Meistaradeildin er stundum eins og körfubolti, ef maður tapar boltanum er búið að skora á mann um leið,“ sagði Adebayor.

henry@frettabladid.is

### MEISTARADEILDIN

| Leikir kvöldsins - | Úrslit í fyrri leik |
|---|---|
| Man. Utd - Lyon | 1-1 |
| AC Milan - Arsenal | 0-0 |
| Barcelona - Celtic | 3-2 |
| Sevilla - Fenerbahce | 2-3 |



**MÆTTUR Í SLAGINN** Dagur sést hér með austurríska trefilinn eftir undirskriftina fyrir framan Ráðhúsið í Vín. FRÉTTABLAÐIÐ/HAGENPRESS

Dagur tekinn við Austurríki:

## Væri gaman að mæta Íslandi

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson skrifaði í gær undir samning við austurríska handboltasambandið um þjálfun karlalandsliðs Austurríkis fram yfir EM 2010 sem fer einmitt fram í Austurríki.

„Umgjörðin í kringum liðið er mjög flott. Ég held að það séu einir átta starfsmenn í fullu starfi í kringum þetta. Þetta er ekki mikið starf hjá mér þannig séð. Á þessu ári er viðveran um 40 dagar og á næsta ári um 60-70 dagar,“ sagði Dagur við Fréttablaðið frá Vín í gær en hann veit nákvæmlega hvar hans lið stendur gegn þeim bestu um páskana er Austurríki tekur þátt í móti með Svíum, Þjóðverjum og Túnis.

Þegar kemur að því að draga í riðla fær heimalandið að velja í hvaða riðli það spilar og Dagur gæti því vel ákveðið að fara í sama riðil og Ísland verði íslenska liðið meðal þáttakenda á mótinu.

„Ég myndi vaða beint í þann riðil,“ sagði Dagur og hló létt. „Nei, annars veit ég ekki. Maður metur það er að kemur en vissulega væri það mjög skemmtilegt og ég get ekki alveg hugsað það til enda. Það væri annars gaman að fá æfingaleiki gegn Íslandi einhvern tímann.“ - hbg

HSÍ er búið að bjóða Óskari Bjarna Óskarssyni í samningaviðræður:

## Býst við að verða aðstoðarþjálfari

**HANDBOLTI** Það bendir flest til þess að Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Íslands- og bikarmeistara Vals, verði ráðinn aðstoðarlandsliðsþjálfari á allra næstu dögum.

Óskar Bjarni staðfesti við Fréttablaðið í gær að HSÍ væri búið að hafa samband við hann og mun hann líklega hefja viðræður við sambandið í dag.

„Við mig hefur verið haft samband og sú hugmynd viðruð hvort ég vildi taka að mér starfið. Ég hef sagt það áður að ég hef mikinn áhuga á starfinu og er klár í viðræður enda finnst mér þetta vera verulega spennandi starf og verkefnin framundan áhugaverð og krefjandi,“ sagði Óskar Bjarni við Fréttablaðið í gærkvöldi en hann þarf einnig að ræða málið við sína yfirmenn.

„Þetta er spurning um að púsla þessu saman og ég þarf að fara yfir málin með Degi Sigurðssyni sem er erlendis. Sannast sagna sé ég engin stór ljón í veginum og geri ekki ráð fyrir því að þetta verði eitthvað vandamál. Ég býst fastlega við því að verða aðstoðarþjálfari Guðmundar ef ég á að segja eins og er. Það þýðir ekkert að fara í grafgötur með það,“ sagði Óskar Bjarni. - hbg



**ÓSKAR BJARNI** Fyrsti kostur Guðmundar Guðmundssonar landsliðsþjálfari um aðstoðarmann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Aðalfundur**

Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Haukar verður haldinn á Ásvöllum þriðjudaginn **11. mars kl. 20.**

**Dagskrá:**
Aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins

Félagar fjölmennið!
***Aðalstjórn Hauka***

Tuttugu og einn erlendur leikmaður hefur yfirgefið liðin tólf í Iceland Express-deild karla á þessu tímabili:

# Griffin skoraði mest af þeim brottreknu

**KÖRFUBOLTI** Jonathan Griffin varð á dögunum 21. erlendi leikmaður Iceland Express-deildar karla sem er sendur heim í vetur en Grindvíkingar ákváðu frekar að fá til sín stærri leikmann.

Ýmsar ástæður hafa verið fyrir því að liðin hafa leitað á ný mið en langoftast er skýringin sú að leikmenn hafa ekki staðið undir þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar eða að þeir hafa ekki passað inn í leikstíl sinna liða.

Stjörnumenn hafa látið flesta fara, alls fimm, fjórir hafa yfirgefið bæði Fjölni og ÍR og þrír hafa hætt að spila með Hamri. Aðeins fjögur lið deildarinnar hafa ekki sent erlendan leikmann heim en það eru lið Keflavíkur, Snæfells, Þórs og Skallagríms.

Margir af umræddum leikmönnum hafa skilað fínum tölum þótt þeir hafi ekki haldið starfi sínu hjá liðunum. Jonathan Griffin skoraði sem dæmi 23,3 stig að meðaltali í þeim 19 leikjum sem hann spilaði með Grindavík í vetur og státar af því að vera stigahæsti leikmaður deildarinnar sem hefur verið látið taka pokann sinn á þessu tímabili.

Griffin er einn af fimm leikmönnum sem skoruðu yfir 20 stig í leik en voru samt látnir fara. Hinir eru Nicholas King, Hamri, Karlton Mims, Fjölni, Donald Brown, Tindastól, og Drago Pavlovic, Fjölni. Hamarsmaðurinn George Byrd var með hæsta framlagið af þeim leikmönnum sem leika ekki lengur í deildinni en hann var aðeins á undan Donald Brown hjá Tindastól. Griffin er þar í fjórða sæti á eftir Maurice Ingram hjá Stjörnunni, sem er sá af þessum 21 leikmanni sem tók flest fráköst að meðaltali í leik eða 16,0. Byrd er þar í öðru sæti en þrír fyrrverandi Stjörnumenn eru meðal þeirra fjögurra efstu. **- óój**

### HVERJIR STÓÐU SIG BEST?

**Hæstir í framlagi**

| | |
|---|---|
| George Byrd, Hamri | 23,5 |
| Donald Brown, Tindastól | 23,4 |
| Maurice Ingram, Stjörnunni | 22,0 |
| Jonathan Griffin, Grindavík | 21,9 |
| Steven Thomas, Stjörnunni | 20,6 |
| Karlton Mims, Fjölni | 20,0 |
| Calvin Roland, Stjörnunni | 18,1 |
| Nicholas King, Hamri | 17,7 |
| Marcin Konarzewski, Tindastól | 16,3 |
| Nemanja Sovic, Fjölni | 14,8 |

**Hæstir í stigum**

| | |
|---|---|
| Jonathan Griffin, Grindavík | 23,3 |
| Nicholas King, Hamri | 22,4 |
| Karlton Mims, Fjölni | 22,1 |
| Donald Brown, Tindastól | 21,8 |
| Drago Pavlovic, Fjölni | 21,0 |

**Hæstir í fráköstum**

| | |
|---|---|
| Maurice Ingram, Stjörnunni | 16,0 |
| George Byrd, Hamri | 11,8 |
| Calvin Roland, Stjörnunni | 9,9 |
| Steven Thomas, Stjörnunni | 9,0 |
| Marcin Konarzewski, Tindastól | 8,1 |



**EKKI NÓG** Jonathan Griffin skoraði 23,5 stig í leik fyrir Grindavík í deildinni í vetur. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN



**GLOTT** Martin Taylor virðist hér hreinlega glotta að Eduardo eftir tæklinguna ljótu.

Brot Taylor á Eduardo:

## Taylor glotti að Eduardo

**FÓTBOLTI** Mikið hefur verið rætt og ritað um hvort brot Martins Taylor á Eduardo da Silva hafi verið viljaverk eður ei.

Ljóst er að tæklingin var ákaflega háskaleg og vart sýningarhæf á myndbandi fyrir unga knattspyrnuiðkendur.

Margar myndir hafa verið birtar víða af atvikinu en myndin hér að ofan hefur farið nokkuð hljótt. Á henni virðist Taylor hreinlega glotta að Eduardo þar sem hann liggur sárþjáður eftir tæklinguna hræðilegu þar sem hann nánast missti fótinn.

Menn munu eflaust rífast áfram um tæklinguna en þessi mynd virðist lítið gagnast málstað varnarmannsins. **- hbg**

Handboltinn nýtir tæknina:

## Örflöguboltar á HM árið 2009

**HANDBOLTI Prófanir með svokölluðum örflöguboltum virðast vera vel á veg komnar því stefnt er að því að nýta tæknina á HM í Króatíu árið 2009. Með tækninni munu dómarar vita á hálfri sekúndu hvort boltinn fer inn fyrir línuna eða ekki. - hbg**

Næsta stóra íþróttamyndin:

## Tyson framleiðir mynd um sig

**BOX** Boxarinn Mike Tyson leitar nú alla ráða til þess að redda meiri peningum upp í allar skuldirnar og hann er nú með tvö stórmál á dagskrá.

Annað er að fá Evander Holyfield aftur inn í hringinn en hitt er framleiðsla á kvikmynd byggðri á ævi hans.

Tyson segir að myndin verði tilbúin eftir tvö ár og að hann hafi þegar fengið Jamie Foxx til þess að leika sig. Foxx fékk einmitt Óskarsverðlaunin þegar hann lék Ray Charles í myndinni Ray.

Nóg ætti að vera af efni fyrir handritshöfunda því ævi Tysons inniheldur glæsta sigra, heimsfrægð, fangelsisvist, gjaldþrot, eiturlyfjafíkn og ótrúleg uppátæki og því verður spennandi að sjá hver útkoman verður. **- óój**




EIMSKIPS BIKARINN

ÓSKUM HANDHÖFUM EIMSKIPSBIKARSINS

TIL HAMINGJU

MEÐ ÁRANGURINN!






UNIFEM

Eimskip er bakhjarl Fiðrildaviku UNIFEM

Þú skorar með okkur – Eimskip

EIMSKIP

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA

## > Leslie Nielsen

Grínistinn Leslie Nielsen kom til greina hjá framleiðendum Charlie and the Chocolate Factory í hlutverk Willy Wonka. Áður en tökur hófust var þó ákveðið að Johnny Depp tæki að sér hlutverkið og sló sú mynd rækilega í gegn. Leslie Nielsen leikur þó í kvikmyndinni 2001: A Space Travesty sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 18.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FER EKKI Í FRÍ ÁN SJÓNVARPS

# *Glápt á framandi slóðum*

Til er fólk sem lítur á sjónvarpsáhorf sem eins konar ánauð; þetta fólk tuðar stanslaust yfir því hvað sjónvarpið sé mikill tímaþjófur (en horfir samt), hvað allt sjónvarpsefni sé mikið rusl og hvernig tímanum væri betur varið í að gera nánast hvað sem er annað. Þegar þetta fólk fer í frí frá hversdagslífinu vill það gjarnan fá að upplifa sjónvarpslausa tilveru og velur sér því oftar en ekki að heimsækja sjónvarpslaus svæði, eins og óbyggðir og óspillta náttúru. Svo eru aðrir sem kunna að meta sjónvarpið og það efni sem það býður upp á. Í huga slíks fólks er ekkert frí án sjónvarps; því er nauðsynlegt að gæta þess þegar hótel er bókað að sjónvarpstæki sé á hverju herbergi. Í huga þessara sjónvarpsunnenda kemur frí í tjaldi eða á ódýru farfuglaheimili einfaldlega ekki til greina.



**HUGGULEG STRÖND** En hvernig eru sjónvarpsskilyrðin?

Það vita þeir sem hafa reynt að það getur verið ansi mögnuð upplifun að horfa á sjónvarp í framandi landi, enda veitir það manni tækifæri til þess að sökkva djúpt í iður hversdagsmenningar viðkomandi þjóðar. Þær erlendu sjónvarpsstöðvar sem við höfum aðgang að með aðstoð stafrænnar tækni veita engan veginn sömu alltumlykjandi reynslu heldur frekar ómerkilega nasasjón.

Það er því spennandi að skrúfa frá tækinu í fyrsta sinn í nýju landi og meðtaka flóruna. Að sjá hvernig ein stöð er frábrugðin annarri; sumar sérhæfa sig í rusli og aðrar í göfugu menningarefni. En þó er eitthvað sem sameinar þær allar; einhver menningaráhrif þeirrar þjóðar sem dvalið er hjá. Allar sjónvarpsstöðvar í Svíþjóð eru til að mynda alveg óheyrilega sænskar á einhvern hátt, sama hvort þær eru að fjalla um nóbelsverðlaunahafa eða sýna tónlistarmyndbönd. Það eru heldur ekki endilega sjónvarpsþættirnir sjálfir sem koma upp um verðmætamat og fegurðarskyn hverrar þjóðar heldur fremur uppfyllingarefni á borð við auglýsingar og grafík. Því er ástæða til þess að hvetja þá sem nú eru að skipuleggja sumarfrí til útlanda til að taka tillit til áhorfsaðstæðna á áfangastað. Fátt er skemmtilegra en að kynnast nýjum menningarheimum.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Hollyoaks SIRKUS



▶ **20.00** Skólahreysti SKJÁREINN



▶ **20.00** Everybody's doing it STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.10** Veronica Mars SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** Kompás STÖÐ2

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum** e.
**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Kokkar á ferð og flugi** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Veronica Mars** (8:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari.
**20.55 Morten Ramsland** (Morten Ramsland: forfatteren der ikke kunne få lov at skrive) Danskur þáttur um rithöfundinn Morten Ramsland, höfund bókarinnar Hundshaus sem hefur verið þýdd á fjölda tungumála, þar á meðal íslensku.
**21.25 Viðtalið** Sýndur verður seinni hluti viðtals sem Bogi átti við Alyson Bailes, sem er fyrrverandi sendiherra Breta í Finnlandi og forstöðumaður Sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar SIPRI, og núverandi gestaprófessor við Háskóla Íslands.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Víkingasveitin** (5:6) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál.
**23.20 Glæpurinn** (20:20) e.
**00.20 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Everbody´s Doing It**
**08.00 Christmas Vacation 2**
**10.00 How to Kill Your Neighbor´s D**
**12.00 2001. A Space Travesty**
**14.00 Christmas Vacation 2**
**16.00 How to Kill Your Neighbor´s D**
**18.00 2001. A Space Travesty**
▶**20.00 Everbody´s Doing It** Stórskemmtileg gamanmynd með dramatískum undirtóni.
**22.00 Drive By**
**00.00 Blind Horizon**
**02.00 Without a Paddle**
**04.00 Drive By**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (17:300)
**10.15 Studio 60**
**11.15 60 mínútur**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:6)
**13.35 Bridget Jones 2: Mörk skynseminnar**
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons** (18:22)
**19.50 Friends**
**20.15 The Poseidon Adventure** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem segir frá skelfilegri hryðjuverkaárás sem leiðir til þess að risastórri skemmtisnekkju hvolfir á úthafi. Farþegarnir sem lifa af þurfa nú að berjast fyrir lífi sínu og reyna að sleppa úr prísundinni.
▶**21.45 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
**22.20 60 mínútur**
**23.05 Nip/Tuck** (7:14)
**23.55 The Closer** (13:15)
**00.40 ReGenesis** (1:13)
**01.30 Graduation Week**
**03.10 Bridget Jones 2: Mörk skynseminnar**
**04.55 Cold Case** (9:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**15.25 Spænsku mörkin**
**16.10 Inside Sport**
**16.40 World Supercross GP** Að þessu sinni er keppt á Georgia Dome leikvanginum í Atlanta í World Supercross GP.
**17.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.00 Meistaradeildin** (Upphitun) Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Meistaradeild Evrópu** (AC Milan - Arsenal) Bein útsending frá leik AC Milan og Arsenal í Meistaradeild Evrópu.
**21.40 Meistaradeildin**
**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd - Lyon) Útsending frá leik Man. Utd og Lyon í Meistaradeild Evrópu.
**00.00 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Celtic) Útsending frá leik Barcelona og Celtic í Meistaradeild Evrópu.
**01.50 Meistaradeildin**

## SÝN2

**16.20 Middlesbrough - Reading** Útsending frá leik Middlesbrough og Reading í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin**
**19.00 Arsenal - Aston Villa** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 West Ham - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik West Ham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.15 Bolton - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Bolton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**15.55 Vörutorg**
**16.55 Bullrun** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Psych** (e)
▶**20.00 Skólahreysti** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Nú erum við komin í íþróttahöllina á Akureyri þar sem skólar af Norðurlandi eigast við í æsispennandi keppni.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**22.00 Cane - NÝTT** Kraftmikil þáttaröð með Emmy-verðlaunahafanum Jimmy Smits í aðalhlutverki. Duque-fjölskyldan hefur byggt upp stórveldi í romm og sykurframleiðslu í Flórída en stendur í stöðugu stríði við nágranna sína og erkifjendur í sykurbransanum. Það blossa upp deilur í fjölskyldunni eftir að fóstursonurinn er gerður að forstjóra fjölskyldufyrirtækisins í óþökk elsta sonarins. Smits leikur Alex Vega, fóstursoninn sem gerður er að leiðtoga fyrirtækisins. Hann er traustur og sanngjarn en hann getur líka verið miskunnarlaus þegar honum er ögrað. Það eina sem skiptir hann meira máli en fyrirtækið er fjölskyldan og öryggi hennar. Magnaðir þættir sem byggja upp meiri spennu með hverjum þætti.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 The Drew Carey Show**
**00.00 C.S.I.** (e)
**00.50 Bionic Woman** (e)
**01.40 Vörutorg**
**02.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


ENNEMM / SÍA / NM32476

CANE



HEFST Í KVÖLD KL. 22.00
Á SKJÁEINUM

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15
### THE POSEIDON ADVENTURE



Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins segir frá einu glæsilegasta skemmtiferðaskipi sem um getur, yfir þrjú þúsund gestir og áhöfn njóta alls þess besta sem í boði er. En skelfilegasta ógnin er nú þegar komin um borð. Hryðjuverkaárás leiðir til þess að skipinu hvolfir á úthafi. Farþegarnir sem lifa af þurfa nú að berjast fyrir lífi sínu og reyna að sleppa úr prísundinni. Aðalhlutverk: Bryan Brown, C. Thomas Howell, Rutger Hauer, Steve Guttenberg, Adam Baldwin. Leikstjóri: John Putch.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Morten Ramsland Sjónvarpið kl. 20.55

Morten Ramsland – rithöfundurinn sem fékk ekki næði til að skrifa er danskur þáttur um höfund bókarinnar Hundshaus sem hefur verið gefin út á fjölda tungumála, þar á meðal í íslenskri þýðingu Kristínar Eiríksdóttur. Ramsland gaf út fyrstu ljóðabók sína, Þegar fuglarnir flykkjast burt (Når fuglerne driver bort), árið 1993. Fimm árum seinna kom út fyrsta skáldsaga hans Akasíudraumar (Akaciedrømme) og þar á eftir sendi hann frá sér myndskreyttar barnabækur. Hann sló svo rækilega í gegn með Hundshausnum árið 2005 og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.00** Fréttir
**06.05** Árla dags
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.00** Fréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (136:260)
**16.30 Hollyoaks** (137:260)
**17.00 The George Lopez Show**
**17.30 Extreme: Life Through a Lens**
**18.15 Lovespring International**
**18.35 Big Day**
▶ **19.00 Hollyoaks** (136:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (137:260)
**20.00 The George Lopez Show**
**20.30 Extreme: Life Through a Lens** Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**21.15 Lovespring International** Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 American Idol**
**23.00 American Idol**
**00.00 American Idol**
**00.45 Crossing Jordan**
**01.30 Comedy Inc.**
**01.55 American Dad**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Kristinn H.** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.
**21.30 Úrval úr Mér finnst** Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Natur til hele banden **12.50** Søren og Søren **13.20** Koht i familien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** SPAM **15.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen? **19.30** Med andre øjne **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalinspektør Clare Blake: Bedrageren **22.30** Seinfeld **22.55** Sommer

## NRK 1

**12.40** Faktor **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **15.05** Hannah Montana **15.30** Hemmelig agent på moped **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Kjære dagbok 1972 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kuraffens TV-show **17.15** Dyrlege Due **17.25** Pablo, den lille rødreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Berulfsens pengebinge **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet: I Ungarn **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.25** Barn i ingenmannsland **0.20** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Debatt **12.05** Robins **12.55** Rännstensungar **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Anaconda **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Minimyror i Kenya **17.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **17.30** Folkoteket **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Plus **20.30** Klass 9A **21.00** Black and White **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.05** Brottet **0.05** Sändningar från SVT24




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Humarhúsið er æðislega gott. Ég hef oft fengið mér hádegisverð þar. Þeir eru til dæmis með frábæra fiskrétti og með folaldakjöt sem er alveg svakalega fínt.“*

*Óttar Felix Hauksson, plötuútgefandi.*

# Ágústa Eva með Þorsteini í Svalbarða

Ágústa Eva Erlendsdóttir verður með Þorsteini Guðmundssyni á skjánum þegar þættirnir Svalbarði hefja göngu sína á Skjá einum um næstu mánaðamót. „Hún hefur unnið að þessu með mér í nokkra daga núna, í hugmyndavinnu og öðru. Hún stendur að þættinum með mér, ásamt Sindra Páli Kjartanssyni,“ útskýrir Þorsteinn, en hugmyndin að þættinum er frá honum og Sindra komin og hefur verið í fæðingu í um eitt ár.



**MEÐ Í SVALBARÐA** Ágústa Eva Erlendsdóttir snýr aftur á skjáinn í spjallþætti Þorsteins Guðmundssonar.

Þorsteinn segir ekki búið að negla form þáttarins niður. „Það verður einhver verkaskipting hjá mér og Ágústu, en við eigum eftir að finna hana út betur. Hún á eftir að gera eitthvað óvænt og ég held að fólk megi búast við því að hún sýni á sér nýjar hliðar,“ segir Þorsteinn dularfullur.

Svalbarði verður í formi spjallþáttar með ýmiss konar innslögum. Þorsteinn hefur áður nefnt þætti Jay Leno til samanburðar, en sá háðfugl er þekktur fyrir að hefja þáttinn á uppistandi. Þorsteinn segist ekki útiloka að eitthvað verði um uppistand hjá honum. „Ég geri það kannski á einhvern hátt. Ég hugsa að minnsta kosti að það verði erfitt að stoppa mig af í að rífa kjaft við fólk,“ segir hann og hlær við.

Tökur á Svalbarða eru ekki hafnar, en Þorsteinn segir aðstandendur hans nú huga að kynningarmálum. „Við erum með sæg af hugmyndum, en það er heilmikið púsluspil að koma svona þætti á laggirnar,“ segir Þorsteinn.



**ÚTILOKAR EKKI UPPISTAND** Þorsteinn Guðmundsson segir það líklegra en ekki að uppistand muni læðast inn í þáttinn.



**LÁRÉTT**
**2.** slitna **6.** klukka **8.** krá **9.** veiðarfæri **11.** ekki heldur **12.** bragsmiður **14.** högg **16.** bardagi **17.** gljúfur **18.** almætti **20.** hljóta **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda **3.** í röð **4.** sandgrynning **5.** viður **7.** starfræksla **10.** fjör **13.** háttur **15.** hestur **16.** temja **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mást, **6.** úr, **8.** bar, **9.** net, **11.** né, **12.** skáld, **14.** spark, **16.** at, **17.** gil, **18.** guð, **20.** fá, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** áb, **4.** sandrif, **5.** tré, **7.** rekstur, **10.** táp, **13.** lag, **15.** klár, **16.** aga, **19.** ðð.

## NÝ KÖNNUN: FÁHEYRÐIR YFIRBURÐIR METSÖLUHÖFUNDAR

# Arnaldur besti rithöfundurinn

„Já, ég er auðvitað mjög ánægður með að fólk skuli taka svona vel undir það sem ég hef verið að gera,“ segir Arnaldur Indriðason rithöfundur.

Þó umdeilanlegt sé hvort yfirleitt sé hægt að keppa í listum er óhætt að segja að Arnaldur beri höfuð og herðar yfir aðra rithöfunda á Íslandi og er þá ekki bara verið að vísa í sölutölur. Í könnun Fréttablaðsins sem gerð var 23. febrúar var einfaldlega spurt: „Hvern telur þú vera besta núlifandi rithöfund landsins?“ Hringt var í 800 manns á kosningaaldri sem skiptist jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Svarhlutfall var 62 prósent og niðurstaðan er afgerandi. Arnaldur nýtur fáheyrðra yfirburða en alls nefndu 38,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku Arnald sem besta rithöfund þjóðarinnar. Vinsældir hans deilast nokkuð jafnt sé litið til þess hvaða stjórnmálaflokka svarendur styðja. En heldur á hann meira inni hjá konum en körlum því tæp 42 prósent kvenna nefna Arnald en um 35 prósent karla. Næstur í röðinni er Einar Már Guðmundsson en hann nefna 7,7 prósent. Í þriðja sæti kemur svo Einar Kárason með 6,3 prósent. Mun fleiri karlar telja Einar Kárason bestan eða tíu prósent aðspurða en aðeins tvö prósent kvenna.

„Ég hef fundið þennan stuðning í gegnum árin og er afskaplega glaður með hann. Ég hef alltaf sagst vera að skrifa fyrir íslenska lesendur fyrst og fremst. Og þeir hafa alltaf sýnt mér mikla virðingu,“ segir Arnaldur sem nú vinnur að næstu bók í seríunni um Erlend lögregluforingja. Arnaldur sendi frá sér bók um Erlend fyrir síðustu jól, Harðskafa, sem hlaut gríðarlega góðar viðtökur. Seldist bókin hátt í á 30 þúsund eintök.

Sé könnunin skoðuð nánar virðist sem almenningur gefi lítið fyrir álit bókmenntaelítunnar, ef svo má að orði komast, og standi með sér og smekk sínum. Þannig vermir Sigurður Pálsson, sem sæmdur var Íslensku bókmenntaverðlaununum í síðasta mánuði, neðsta sætið ásamt reyndar fleiri höfundum með 0,2 prósent. Harðskafi var ekki svo mikið sem tilnefndur. Eini höfundurinn sem tilnefndur var til verðlaunanna og nýtur jafnframt þeirrar virðingar meðal almennings að komast á topp tíu lista er Vigdís Grímsdóttir.

Nánar verður greint frá könnuninni í helgarblaði Fréttablaðsins.

jakob@frettabladid.is



**ARNALDUR INDRIÐASON** Tæp 40 prósent telja hann besta núlifandi rithöfund landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bloggarinn **Gaukur Úlfarsson** hefur ákveðið að áfrýja dómi héraðsdóms um skaðabótagreiðslu hans til **Ómars R. Valdimarssonar** upplýsingafulltrúa. Það þýðir að nokkrir mánuðir munu líða þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir í málinu. Vinir og kunningjar Gauks hafa aftur á móti þegar lagt á ráðin um hvernig afla eigi fjár fyrir skaðabótunum ef allt fari á versta veg. Þeir hyggjast halda styrktartónleika sem fengið hafa vinnuheitið „Aur fyrir Ómar“.



Söngvarinn **Morten Harket** úr norsku sveitinni Aha hefur verið hér á landi undanfarna daga. Fyrir helgi dúkkaði hann upp í viðtali hjá **Ívari Guðmundssyni** á Bylgjunni en helginni eyddi kappinn í upptökur á næstu sólóplötu sinni. Upptökur fóru fram undir styrkri stjórn upptökumannsins **Adda 800** í hljóðveri hljómsveitarinnar Leaves. En þegar tækifæri gafst til lét Harket sjá sig á götum bæjarins. Hann spókaði sig meðal annars í Vesturbæjarlauginni við hlið laganemans **Helgu Völu Helgadóttur**. „Hann lítur alveg nákvæmlega eins út og hann gerði fyrir hundrað árum,“ skrifar Helga uppnumin á blogg sitt.

Þó fylgið við Framsóknarflokkinn glæðist lítt hér á landi heldur flokkurinn sínu á Kanaríeyjum meðal Íslendinga sem þar búa. **Guðni Ágústsson** formaður flokksins er nú á leið á Klörubar og ætlar að efna til fjöldafundar þar með sínum mönnum 12. mars. Fréttablaðið hefur áður greint frá ferðum Guðna þar sem hann blæs sólbökuðum stuðningmönnum sínum á Kanarí baráttuanda í brjóst og þá mættu um og yfir 100 manns til að hlusta á Guðna en ákveðið hefur verið að taka fundinn upp á vídeó.



-hdm/jbg

# Framtíðin er Danmörk og Dagskráin

Andra Freys Viðarssonar er sárt saknað úr útvarpinu, enda var þáttur hans og Búa Bendtsen, Capone, skemmtilegasti morgunþátturinn allt þar til útvarpsstöðin XFM fór á hausinn. Nú geta aðdáendur Andra Freys andað léttar því hann er snúinn aftur í fjölmiðla, reyndar á allt öðrum fjölmiðlavettvangi en áður.

„Ég er orðinn blaðamaður, skrifa í Dagskrána, sem er eitt víðlesnasta tímarit landsins,“ segir Andri Freyr, borubrattur að vanda. „Þetta er frábært starf, ég er að skrifa um sjónvarpsdagskrána og svo kem ég stundum með eitthvað sjálfur. Þetta starf býður upp á gríðarlega mikla möguleika. Það er alveg pláss fyrir smá attitjúd en samt ekkert of mikið. Það má ekki hneyksla fólk upp úr skónum þegar það er að lesa Dagskrána á klósettinu.“

Engin útvarpsstöð hafði vit á því að fá Andra Frey yfir til sín og hann tekur því þungt. „Það voru allir alltaf að segja að ég væri vinsælasti útvarpsmaður landsins og svo voru bara allar dyr lokaðar. Ekki það að ég hafi sótt einhvers staðar um, en ég hélt í fávisku minni að síminn myndi ekki stoppa. Það halda margir að ég sé byrjaður á Flass, en svo er ekki. Þeir eru bara með einhvern sem er með alveg eins rödd og ég. Búi er aftur á móti orðinn aðalkarlinn hjá Securitas og er í fínum málum þar.“



**KEMUR HEIM OG TEKUR VIÐ AF BALTA** Andri Freyr er á leiðinni til Danmerkur.

Andri var í Kolaportinu á sunnudaginn að selja yfirfallið af dótinu sínu – „Það gekk ágætlega, ég fékk 28 þúsund kall í vasann. Stefnan er tekin á Danmörku um miðjan þennan mánuð. Framtíðin er Danmörk og Dagskráin. Ég held bara áfram að skrifa í það þótt ég fari út. Svo er það kvikmyndanám í haust en ég ætla bara að dingla mér eitthvað fram að því. Þegar Balti drepst get ég svo komið aftur heim og tekið við. Mitt fyrsta verk þegar ég kem út verður að fá mér svona græna úlpu og Timberland-skó eins og hann er alltaf í.“

- glh












Nýtt tákn um gæði
Ford Ka
Gott verð
kr. 1.249.000*
Bílasamningur
kr. 14.700 á mán.
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km
Þú finnur ekki nýjan bíl á lægra verði en KA
Sestu í sætasta eðalvagninn - FORD KA
TAKTU NÝJAN FORD KA HEIM
Taktu Ford Ka með klukku í miðju mælaborðinu eins og Rolls Royce. Fáðu þér sæti í sætasta eðalvagninum. Hringdu í Ka. Bjóddu vinum í Ka. Slepptu beislinu og rúllaðu um bæinn í alvöru borgarbjöllu. Kallaðu á Ka. Fáðu gott verð. Taktu nýjan Ka heim. Komdu í Brimborg í dag.
Veldu Ford.
Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.820.000*
Bílasamningur
kr. 21.400 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.780.000*
Bílasamningur
kr. 20.900 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað
Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is
*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.
GCI GROUP

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

# Bankaþankar

Eitt sinn var ég á ferð með eldri manni um háhitasvæði. Ég horfði hugfangin út um bílrúðuna og dáðist að ósnortinni fegurð landsins þegar sá gamli fullyrti skyndilega að þarna yrði að virkja. Upphófust miklar rökræður en fljótlega sá ég að mér yrði aldrei ágengt í málinu þar sem hann svaraði öllum mínum mótbárum á þá leið að ég myndi ekki eftir atvinnuleysinu.

**FÁTÆKTIN** nú ekur um á svörtum jeppa og býr í ríkmannlegu húsi en á ekkert nema skuldir í bankanum sem aldrei verða greiddar til fulls,“ sagði sá gamli og fullyrti að þessi fátækt tilheyrði kynslóðinni sem ekki myndi lengra aftur en árið 1991, þegar Davíð hélt út í Viðey ásamt Jóni Baldvini Hannibalssyni og myndaði ríkisstjórn, EES-samningurinn var undirritaður og einkavæðing hófst og framsal aflaheimilda var gefið frjálst. Árið sem Íslendingar gerðu sig breiða á alþjóðavettvangi og viðurkenndu fyrstir þjóða sjálfstæði Litháens. Ég sagði gamla manninum að ég tengdi árið ekki við neitt annað en að það ár fengu Rokklingarnir gullplötu. „Já, það er táknrænt fyrir þína kynslóð að muna bara eftir rugli. Þetta ár markaði tilbúning í íslensku samfélagi, til dæmis þessa vellu um umhverfismál sem á eftir að gleymast strax og fer að þrengja að bönkunum sem eru raunverulegir eigendur alls glyssins í dag,“ fussaði gamli maðurinn fokillur.

**ÓSK** gamla mannsins um að unga kynslóðin áttaði sig og missti áhugann á umhverfismálum virðist vera farin að rætast, sem og óskir hans um að það áttaði sig á mikilvægi bankanna í þeirra lífi. Bankarnir gáfu okkur vonir og stóðu við fyrirheit sín um að við myndum eignast hús og bíl á mettíma og án allrar fyrirhafnar sem sparnaður og smjaður við bankastjóra útheimtir. Nú er svolítið síðan ég heyrði þá auglýsa að aukakrónurnar komi bara. Danir eru fullir Þórðargleði. „Við sögðum fyrir tveimur árum að þetta myndi gerast,“ segja þeir glaðbeittir og líta algerlega framhjá því að þá átti verðmæti bankanna eftir að aukast um þriðjung.

**Í** vonleysinu sem bankaumræðan veldur mér finnst mér gott að geta flett gömlum tölublöðum af ABC og Æskunni frá árinu 1991, sem markaði upphaf uppgangs á Íslandi og fyrirheita um að allt gæti orðið meira. Sérstaklega finnst mér gaman að skoða bréfin frá börnunum í Nígeríu sem óskuðu eftir íslenskum pennavinum. Þarna voru Nígeríusvindlarar samtímans að stíga sín fyrstu skref í átt að ríkidæmi.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 4. mars, 64. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.24 | 13.40 | 18.56 |
| Akureyri | 8.12 | 13.24 | 18.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




## Þú gerir frábær kaup!

Í KIA cee'd Sporty Wagon færðu meiri akstur, meira olnbogarými og meiri þægindi fyrir minni pening – án þess að fórna frábæru útliti og akstursieginleikum.

Þú færð einnig sjö ára ábyrgð, ríkulegan staðalbúnað og getur valið um beinskiptan 115 hestafla dísilbíl sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið, eða 120 hestafla sjálfskiptan bensínbíl sem eyðir 6,9 lítrum á hundraðið.

**Ríkulegur staðalbúnaður:**

- álfelgur
- loftkæling
- USB-tengi fyrir iPod
- 6 diska geislaspilari
- aðgerðastýri
- rafræn stöðugleikastýring
- sex öryggisloftpúðar
- upplýsingatölva

Frábær fjölskyldubíll á aðeins
**2.350.000 kr.**

EURO 2008 — KIA MOTORS Official Partner

KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is